



Blöndulína 3 (220 kV) frá Blöndustöð til Akureyrar

Húnavatnshreppur, Sveitarfélagið Skagafjörður,
Akrahreppur, Hörgársveit og Akureyrarkaupstaður



MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Matsskýrsla – Viðauki 7

Hluti 1

UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR VIÐ FRUMMATSSKÝRSLU

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá eftirfarandi aðilum:

1. Akrahreppur
2. Akureyrarkaupstaður
3. Hörgársveit
4. Ferðamálastofa
5. Fiskistofa
6. Fornleifavernd ríkisins
7. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
8. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
9. Húnavatnshreppur
10. Orkustofnun
11. Landgræðsla ríkisins
12. Sveitarfélagið Skagafjörður
13. Umhverfisstofnun
14. Vegagerðin

Akrahreppur, Agnar H. Gunnarsson,
Miklabæ,
560 Varmahlíð.

Skipulagsstofnun.

Héðinsminni í Akrahreppi, 17. apríl 2012.

Efni: Umsögn um Blöndulínu 3.

Hreppsnefnd Akrahrepps fjallaði um frummatsskýrslu vegna Blöndulínu 3 á fundi 17. apríl 2012.

Hreppsnefnd óskar eftir að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Fyrirhuguð línulögn um land jarðarinnar Stokkhólma í Akrahreppi er með öllu óásættanleg. Íbúðarhús í Stokkhólma lendir á milli tveggja háspennulína og því óttast hreppsnefnd að óæskileg áhrif af háspennu rafmagni verði íbúum óbærileg. Jörðin Stokkhólmi verður umsetin raflínunum og því skerðist mjög gildi hennar sem útivistarsvæðis. Lagning háspennulínunnar mun auk þess raska mjög gróðri og landi . Hreppsnefnd óttast að það að fara með groddalega háspennulínu um Stokkhólma muni nánast eyðileggja jörðina sem nú er perla í hjarta héraðs. Hin sjónrænu áhrif af línunni , ef af lagningu verður, verða einnig afar neikvæð, bæði fyrir Stokkhólma og allt miðhéraðið.
2. Rétt framan Krókár í Norðurárdal hefur verið plantað trjám neðan vegar í hinni svokölluðu Skógarhlíð. Um er að ræða birki og reynivið sem vaxinn er upp af fræjum úr Austurdal. Landgræðsla ríkisins styrkti Akrahrepp til þessa verks , bæði með peningum og því að leggja til trén. Hugmyndin að baki þessa verkefnis var að gera tilraun til að endurheimta Skógarhlíðina, en á hana er minnst á gömlum blöðum og mun Skógarhlíðin vera með afbrigðum veðursælt svæði, sólríkt og fyrrum gróðursælt. Við förum fram á að við lagningu línunnar um Öxnadalsheiði verði af fremsta megni reynt að hlífa okkar litla trjáreit. Ef vil tekst til með reitinn gæti hann orðið áningarstaður ferðamanna þar sem anda má að sér keim af birki og reyni og hverfa í draumi á vit hins íslenska sumars.
3. Hreppsnefnd Akrahrepps hefur áður hvatt til þess að setja línuna í jörð þar sem hún þverar héraðið. Þessi afstaða hlýtur að fá nýja stöðu þegar farið er að ræða um að leggja rafstreng til Englands mörg hundruð kílómetra leið. Er þá svo ómögulegt að þvera lítið hérað með jarðstreng tuttugu kílómetra leið ?
4. Um skýrsluna almennt vill hreppsnefnd Akrahrepps segja að hún er að hennar mati vel gerð og gefur góða sýn á hvað línulögnin hefur neikvæði áhrif á allt umhverfi framhluta Skagafjarðar.

Virðingarfyllst,

Agnar H. Gunnarsson , oddviti.



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Akureyri, 30. mars 2012
2012030188 / 09-250

Efni: Blöndulína 3 (220 kv) frá Blöndustöð til Akureyrar - beiðni um umsögn - mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsnefnd hefur á fundi sínum þann 28. mars 2012 gert eftirfarandi bókun:

Erindi dags. 15. mars 2012 frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar "Blöndulína 3 (220 kv) frá Blöndustöð til Akureyrar". Umsögn óskast send fyrir 18. apríl 2012. Einnig er óskað eftir því að skýrsla um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar liggi frammi til kynningar fyrir almenning á bæjarskrifstofum Akureyrar frá 21. mars til 3. maí 2012.

Skipulagsnefnd telur umhverfisáhrif af lagningu háspennulínu frá sveitarfélagsmörkun Hörgársveitar og að fyrirhugðu spennivirki við Kífsá ásættanleg en þau eru fyrst og fremst sjónræns eðlis. Einnig telur skipulagsnefnd að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir eftirtöldum atriðum í frummatsskýrslu hvað varðar þann hluta línunnar sem er innan lögsögu Akureyrar:

- a. fyrirhugaðri framkvæmd,*
- b. umhverfi,*
- c. umhverfisáhrifum,*
- d. mótvægisáðgerðum.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Pétur Bolli Jóhannesson
Skipulagsstjóri





Hörgársveit

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Þelamerkurskóla, 20. apríl 2012

Umsögn um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna Blöndulínu 3

Sveitarstjórn Hörgársveitar ræddi á fundi sínum 18. apríl 2012 bréf Skipulagsstofnunar, dags. 15. mars 2012, þar sem óskað er eftir umsögn um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3 (220kv) frá Blöndustöð til Akureyrar.

Sveitarstjórnin samþykkti tillögu skipulags- og umhverfisnefndar frá 11. apríl 2012 að af hálfu Hörgársveitar verði ekki gerð athugasemd við frummatsskýrsluna að því undanskildu að við veitingu framkvæmdaleyfis áskilji sveitarfélagið sér rétt til að hafa áhrif á gerð línumastra á línuleiðinni, auk þess að það muni þá krefjast fleiri mótvægisáðgerða gegn talsvert neikvæðum ásýndaráhrifum línunnar í Kræklingahlíð, s.s. að Dalvíkurlína 1 verði lögð í jörð á því svæði.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Sigvaldason



Skipulagsstofnun
Bt. Jakob Gunnarsson
Laugavegur 166
150 Reykjavík

Reykjavík 12. maí 2012

Blöndulína 3 (220 kV) frá Blöndustöð til Akureyrar. Frummatsskýrsla

Ferðamálastofu hefur borist til umsagnar frummatsskýrsla Landsnets dags. 1. mars 2012 fyrir ofangreinda framkvæmd.

Forsendur:

Forsendur Ferðamálastofu: Ferðamálastofa byggir umhverfisstefnu sína á sjálfbærri og ábyrgri ferðamennsku. Náttúra Íslands er sú auðlind sem ferðþjónustan á Íslandi byggir á til framtíðar. Í kynningu og ímyndarsköpun hefur ferðþjónustan á Íslandi lagt áherslu á hreinleika og lítt snortna náttúru landsins en sky. könnunum er náttúra Íslands helsta forsenda heimsóknar um 80% erlendra ferðamanna til Íslands. Styrkur Íslands sem ferðamannalands felst því einkum í sérstakri og lítt raskaðri náttúru landsins. Náttúra Íslands er varan sem íslensk ferðþjónusta er að selja og ákaflega mikilvægt að henni sé ekki spillt. Þegar farið er af stað með áætlanir og framkvæmdir á ferðamannastöðum er mikilvægt að þær séu byggðar á vandaðri greiningu og rannsóknum og unnar af varkárni og virðingu fyrir viðkvæmri náttúru Íslands og sögu. *Eftirfylgni við fyrri umsögn:* Í umsögn sinni um tillögu að matsáætlun sömu framkvæmdar, dags. 12. Nóvember 2008, óskaði Ferðamálastofa eftir að tekið yrði tillit til nokkurra þátta er varða ferðþjónustu til viðbótar við þá þætti sem komu fram.

Forsendur þessarar umsagnar: Ferðamálastofa gerir eingöngu athugasemdir við lið 6.7 *Ferðþjónusta og útivist*, lið 9.6.7 *Ferðþjónusta og útivist* og útskýringar í *myndahefti*. Umsögnin byggir á forsendum Ferðamálastofu hér að ofan.

Umsögn:

Frummatsskýrsla: Myndahefti. Myndraen framsetning Mannvits á legu lína í myndahefti er almennt til fyrirmyndar. Ferðamálastofa saknar þess þó að sjá ekki fyrirhugaða legu línuslóða inn á þrívíddarmyndunum (Mynd 13-24).

Í lið 6.7.2 Umhverfisáhrif - kemur fram að staðbundin áhrif á ferðþjónustu verði *nokkuð neikvæð, talsvert neikvæð og verulega neikvæð* á nokkrum stöðum. Ferðþjónustufyrirtæki telja flest að Blöndulína 3 verði lýti í landslaginu og muni skerða ímynd og upplifun ferðamanna af svæðinu. Gerð línuvega getur þó haft nokkuð jákvæð áhrif t.d. á ferðir hestamanna sem vilja nýta sér þá fyrir hestaferðir. Þrátt fyrir fjölmörg neikvæð áhrif á ferðþjónustu eru ekki fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir sem er óeðlilegt. Ferðamálastofa bendir á að mótvægisáðgerðir geti falist í því að ganga frá línuvegum þannig að þeir nýtist vel sem göngu-, hjóla- og/eða reiðleiðir eftir að framkvæmdum lýkur. Slíkar áðgerðir væru mjög í anda aukinna áherslna sjálfbærrar ferðþjónustu á slíka ferðamáta.

Í lið 6.7.2 Niðurstaða - kemur fram að Blöndulína 3 muni hafa neikvæð áhrif almennt séð á ferðaþjónustu og útivist og þá sérstaklega vegna sjónrænna áhrifa. Mat framkvæmdaraðila er að heildaráhrif fyrirhugaðrar Blöndulínu 3 á ferðaþjónustu og útivist verði **talsvert neikvæð** og er það í samræmi við lokakafla í skýrslu Dr. Gunnþóru Ólafsdóttur frá Rannsóknarmiðstöð ferðamála, (*Víðauki 5 – Ferðaþjónusta og útivist*) sem tekur afdráttarlausa afstöðu gegn Blöndulínu 3.

Í kafla 9 Heildaráhrif og niðurstaða lið 9.6.7 Ferðaþjónusta og útivist og einnig í *Samantekt* í upphafi frummatsskýrslunnar kveður hinsvegar við aðeins annan tón, en þar segir m.a. „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ og heildarniðurstaða mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3 í rekstri á ferðaþjónustu og útivist eru yfirleitt talin vera **staðbundin óveruleg til talsvert neikvæð**. Þarna er komið ákveðið ósamræmi við niðurstöðu í kafla 6.7 og nauðsynlegt að fá nánari útskýringar á því.

Línuleiðir: Ekki virðist marktækur munur á áhrifum á ferðaþjónustu hvort farið er Efríbyggðarleið eða Héraðsvatnaleið. Ferðamálastofa vill þó í því samhengi benda á að í Skagafirði er verið að byggja upp söguferðamennsku á grunni Sturlungasögu. Í því samhengi er mikilvægt að línuleiðin skerði sem minnst ásýnd menningarminja eða náttúrulegt söguvið miðalda enda er hluti upplifunarinnar að geta sett sig inn í söguvið viðkomandi tímabils.

Niðurstaða umsagnar:

Samkvæmt mati framkvæmdaraðila (kafla 6.7.3) og skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála þá mun lagning Blöndulínu 3 hafa **talsvert neikvæð** heildaráhrif á ferðaþjónustu og útivist.

Ferðamálastofa gerir á þeim grunni athugasemdir við framkvæmd þessa og fer fram á að framkvæmdaaðilar endurskoði framkvæmdaáætlun með það fyrir augum að takmarka áhrif á ferðaþjónustu og útivist, aðlaga t.d. vegaf framkvæmdir þannig að þær geti nýst í þágu ferðaþjónustu og leita leiða til að lágmarka sjónræn áhrif framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst,

Sveinn Rúnar Traustason
Umhverfisstjóri Ferðamálastofu



20. mars 2012

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Varðar Blöndulínu 3 – Blöndustöð –Akureyri Umsögn um frummatsskýrslu

Fiskistofa hefur fengið til umsagnar frummatsskýrslu Landsnets vegna umhverfisáhrifa Blöndulínu 3, sem lögð verður frá Blöndustöð til Akureyrar. Um er að ræða loftlínu, sem liggur í nágrenni þjóðvega um Vatnsskarð og Öxnadalsheiði. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar á ýmsa þætti náttúru og samfélags og Fiskistofa gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við lagningu línunnar á áður nefndum svæðum enda hefur línan sem slík ekki teljandi áhrif á laxa- eða silungsstofna.

Hinsvegar fer fram veruleg efnistaka í tengslum við þessa framkvæmd, sem að stórum hluta virðist fara fram í eða við árfarvegi. Er þó hvergi rætt um hugsanleg áhrif slíkra framkvæmda á fiskstofna í ám og sérfræðingar í slíkum málum hafa hvergi komið að gerð skýrslunnar.

Undirritaður vill sérstaklega benda á eftirfarandi efnistökuastaði úr töflum 2.7, 2.9 og 2.10, sem í sumum tilfellum eru í mikilvægum veiðiám:

Númer námu	Staður	Magnáætlun (þús. m ³)
BAN-02	Blöndueyrar við Löngumýri	65 þús.
BAN-04	Húnaver við Bólsstaðarhlíð	30 þús.
BAN-42	Skeggsstaðir í Svartárdal	7 þús.
BAN-43	Stekkjareyri í Svartárdal	13 þús.
BAN-17	Norðurá við Skriðugil	70 þús.
BAN-18	Norðurárdalur neðan við veg	128 þús.
BAN-29	Öxnadalur, austan þjóðveggar	200 þús.
BAN-30	Neðstaland í Öxnadal	30 þús.
BAN-31	Efstaland í Öxnadal	20 þús.
BAN-34	Efstalandskot-Steinsstaðir	EKKI áætlað
BAN-36	Hörgá við Steðja	40 þús.
BAN-37	Eyrar vestan Vindheima	25 þús.

Eins og hér kemur fram eru efnistökuastaðirnir bæði í og við Blöndu og Svartá, sem eru mikilvægar laxveiðiár og í/við Norðurá og Öxnadalsá/Hörgá, sem eru mikilvæg vistkerfi fyrir bleikju. Á sama hátt mætti tilgreina staði í og við Héraðsvötn, þótt það sé ekki gert hér.

Á bls. 23 er minnst á að efni vegna þessara framkvæmda sé fyrst og fremst tekið úr opnum námum sem séu á skipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Vekur það nokkra furðu að slíkar námur séu í farvegum mikilvægra veiðivatna.

Með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum gerir Fiskistofa athugasemdir við það að ekki hafi verið leitað eftir umsögnum sérfræðinga varðandi áhrif efnistöku, sem tengist framkvæmdinni, á lífríki og fiskstofna í þeim ám, sem nýttar eru til efnistöku og að ekkert sé fjallað um málið í frummatskýrslu.

Til að gera málinu betri skil að því er varðar Öxnadal og Hörgárbyggð er hjálagt afrit af bréfi, sem snertir beiðnir um malartekju á því svæði.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við lagningu á háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar.

Virðingarfyllt

Árni Ísaksson, forstöðumaður
Lax- og silungsveiðisvið

Sæl

Hér er umsögn Fornleifaverndarinnar

Kveðja
Jakob Gunnarsson

Sérfræðingur, mat á umhverfisáhrifum - EIA specialist
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Laugavegur 166, 150 Reykjavík, Ísland - Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
jakob@skipulagsstofnun.is
www.skipulagsstofnun.is

From: Kristinn Magnússon [mailto:kristinn@fornleifavernd.is]
Sent: 17. apríl 2012 15:51
To: Jakob Gunnarsson; Þóroddur F. Þóroddsson
Subject: Blöndulína 3 (220 kv) frá Blöndustöð til Akureyrar.

Efni: Blöndulína 3 (220 kv) frá Blöndustöð til Akureyrar.

Fornleifavernd ríkisins hefur móttengið bréf Skipulagsstofnunar frá 15. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Fjallað er um fornleifar í kafla 6.8 í frummatsskýrslu. Eins og þar kemur fram voru fornleifar skráðar á fyrirhuguðu línustæði Blöndulínu 3 á árinu 2008. Fornleifastofnun Íslands ses sá um fornleifaskráninguna og gaf út skýrslum um niðurstöður hennar árið 2008, *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Blöndulínu milli Blöndustöðvar og Akureyrar*. Leitað var að fornleifum á fyrirhuguðu línustæði Blöndulínu 3, sem er um 110 – 120 km langt. Úttektin miðaðis við u.þ.b. 300 m breitt belti. Fornleifastofnun Íslands ses skilgreindir fornleifar sem eru á 50 m breiðu belti, þ.e. í minna en 25 m fjarlægð frá fyrirhuguðu línustæði, í stórhættu vegna framkvæmdarinnar. Minjar sem fundust í 25 til 150 m fjarlægð frá línustæðinu eru taldar í hættu vegna framkvæmdarinnar en minjum í meira en 150 m fjarlægð frá línustæðinu er ekki talin stafa hættu af framkvæmdinni. Samkvæmt þessari skilgreiningu taldi Fornleifastofnun Íslands ses að

67 minjastaðir væru í stórhættu vegna framkvæmda við Blöndulínu 3, 113 í hættu og 24 í engri hættu.

Í frummatsskýrslu segir að hættumat Fornleifastofnunar Íslands ses hafi verið endurskoðað eftir að búið var að ákveða staðsetningu staura á línuleiðinni og hnika línustæðinu til með tilliti til fornleifa. Endurskoðun hættumatsins leiddi til þess að nú eru 45 minjastaðir taldir í stórhættu (innan 25 m fjarlægðar frá línustæðinu) vegna framkvæmdarinnar og 130 minjastaðir í hættu (í 25 – 150 m fjarlægð frá línustæðinu). Þá segir jafnframt að við ákvörðun á staðsetningu línumastra og vegslóða hafi verið reynt eins og mögulegt var að sneiða fram hjá fornleifum. Niðurstaðan sé að miðað við núverandi staurasetningu sé minnsta fjarlægð masturs frá þekktum fornleifum um 30 m. Með hnitsettri staðsetningu á þekktum fornleifum sé hægt að sneiða framhjá skráðum fornleifum við slóðagerð. Áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar eru því talin óveruleg.

Staðsetning fyrirhugaðrar háspennulínu og skráðra fornleifa er sýnd á loftmyndum sem fylgdu frummatsskýrslu. Af þeim er erfitt að átta sig á hvort hægt verður að forða öllum fornleifum í línustæðinu frá raski. Fornleifavernd ríkisins fagnar þeim ásetningi framkvæmdaraðilans að reisa möstur þannig að þau skaði ekki fornleifar og að sneiða hjá skráðum fornleifum við slóðagerð. Í frummatsskýrslu er engu að síður tekið fram að ef í ljós komi á framkvæmdatíma að ekki sé mögulegt að sneiða fram hjá fornleifum verði haft samráð við Fornleifavernd ríkisins. Fornleifavernd ríkisins telur að slíkt samráð þurfi að hefja þegar á undirbúningsstigi framkvæmdarinnar. Framkvæmdaraðili þarf í samráði við Fornleifavernd ríkisins að tryggja að hvorki möstur né slóðar raski fornleifum. Eins og áður segir kemur það fram í frummatsskýrslu að talið er að hægt sé að sneiða framhjá skráðum fornleifum við slóðagerð. Af þessu má ráða að staðsetning slóða hefur ekki verið endanlega ákveðinn eins og raunar kemur fram í kafla 2.6 í frummatsskýrslu. Þar segir að tillaga að línuslóðum í skýrslunni sé einungis sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrir en á framkvæmdatíma eftir samráð við landeigendur og Umhverfisstofnun. Fornleifavernd ríkisins undirstrikar mikilvægi þess að samráð verði einnig haft við Fornleifavernd ríkisins um endanlega legu slóða. Ljóst er að merkja þarf allar fornleifar sem teljast í stórhættu vegna framkvæmdarinnar og stóran hluta þeirra fornleifa sem flokkaðar eru í hættu til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Hafa þarf samráð við Fornleifavernd ríkisins um hvaða fornleifar þarf að merkja og með hvaða hætti það er gert.

Í frummatsskýrslu og fornleifaskráningarskýrslu kemur fram að ekki fékkst leyfi landeigenda til að skrá fornleifar á nokkrum jörðum sem línustæðið liggur um. Um er að ræða sjö lögbýli skv. Jarðatali Johnsens frá 1874. Ein jarðanna er í Eyjafjarðarsýslu, Mið-Samtún en hinar eru í Skagafjarðarsýslu, Mælifellsá syðri, Brekkukot, Kolgröf, Litladalskot (Laugardalur) Valadalur og Víðimýrarsel. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir fornleifum á þessum jörðum út frá takmörkuðum upplýsingum sem fyrir liggja. Eins og fram kemur í fornleifaskráningarskýrslu er brýnt að skrá fornleifar innan framkvæmdasvæðisins á þessum jörðum til að hægt sé að taka afstöðu til heildaráhrifa framkvæmdarinnar á fornleifar. Fornleifavernd ríkisins telur að skrá þurfi fornleifar á framkvæmdasvæðinu innan jarðanna. Leggja þarf niðurstöður skráningarinnar fyrir stofnunina og gera henni grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar á þessu svæði. Fornleifavernd ríkisins mun í framhaldinu leggja mat á til hvaða mótvægisáðgerða beri að grípa vegna fornleifa sem kunna að vera í hættu innan þessara jarða.

Í kafla 2.4 í frummatsskýrslu er fjallað um efnisþörf og efnistöku. Þar og á kortum í myndahefti er gerð grein fyrir mögulegum efnistökuverðum. Í umfjöllun um mótvægisáðgerðir í kafla 6.8.3 í frummatsskýrslu segir að við efnistöku á framkvæmdatíma verði tekið tillit til staðsetningu minja og reynt að hlífa þeim eins og kostur er. Hvorki í frummatsskýrslu né í fornleifaskráningarskýrslu er þó gerð grein fyrir staðsetningu fornleifa á eða í nágrenni efnistökuverðanna enda ekki að sjá að fornleifar hafi verið skráðar á þessum stöðum. Ólíklegt verður að teljast að margar fornleifar finnist á efnistökuverðunum. Flestir eru þeir á stöðum þar sem líkur á að finna fornleifar eru litlar, t.d. á áreyrum. Fornleifavernd ríkisins telur engu að síður að fá þurfi fornleifafræðing til að skoða fyrirhugaða efnistökuverði. Gera þarf Fornleifavernd ríkisins grein fyrir niðurstöðum athugunarinnar. Fornleifavernd ríkisins mun í framhaldinu leggja mat á til hvaða mótvægisáðgerða beri að grípa vegna fornleifa sem kunna að vera í hættu á efnistökuverðum.

Um aðferðarfræðina sem beytt var við skráningu fornleifar segir m.a. í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands ses: *Auk svæðisskráningarinnar var stuðst var við aðal- og deiliskráningu sem unnin hefur verið á vegum Fornleifastofnunar Íslands á úttektaarsvæðinu. Aðalskráning er vettvangsúttekt sem byggir á svæðisskráningu og nær til heillar jarðar. Deiliskráning er vettvangsúttekt sem nær aðeins til hluta jarðar og er í tengslum við deiliskipulag og framkvæmdir. Víða í Eyjafirði hafði áður verið gerð aðalskráning en deiliskráning í hluta Norðurárdals. Þar sem skráning hafði áður farið fram var aftur farið á vettvang, enda er úttekt sem þessi nákvæmari en aðalskráning þar sem yfirleitt er aðeins gengið á fyrirfram þekkta staði. Ef nauðsyn þótti var bætt við lýsingu minjanna en upprunalega lýsingin ávallt látin standa. Í einstaka tilfellum var ný og nákvæmri hnattstaða tekin þar sem tækninni og nákvæmni GPS-staðsetningartækja hefur fleygt fram síðustu ár. Reynslan hefur sýnt að GPS-mælingar sem gerðar voru fyrir 10 árum eða meira geta verið mjög ónákvæmar og því er erfitt að treysta þeim. Í fornleifaskráningarskýrslunni segir að í einstaka tilfellum hafi ný og nákvæmari hnattstaða verið tekin þar sem eldri mælingar lágu fyrir. Fornleifavernd ríkisins telur að yfirfara þurfi allar eldri mælingar á staðsetningu fornleifa sem ekki hafa nú þegar verið staðsettar að nýju með nýrri mælingu. Gera þarf Fornleifavernd ríkisins grein fyrir niðurstöðum nýrra GPS-mælinga og þeim breytingum á staðsetningu fornleifa sem af þeim kunna að leiða. Fornleifavernd ríkisins mun í framhaldinu leggja mat á til hvaða mótvægisáðgerða beri að grípa varðandi fornleifar sem í ljósi nýrra upplýsinga um staðsetningar kunna að vera í hættu vegna fyrirhugðara framkvæmda.*

Í frummatsskýrslu eru kynntir tveir valkostir línuleiðarinnar í Sveitarfélaginu Skagafirði. Annars vega svokölluð Efríbyggðarleið, frá eyðibýlinu Kirkjubóli og áleiðis inn að Mælifelli og þaðan yfir Tungusveit og Eggjar, yfir Héraðsvötn og inn Norðurárdal. Hins vegar í farvegi Hérðasvatna á mörkum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps. Fleiri fornleifar eru í grennd línunnar á Efríbyggðarleiðinni. Líkt og annars staðar á leið Blöndulínu 3 mun, skv. frummatsskýrslu, staðsetningu mastra og slóða á þessu svæði, óháð því hvor kosturinn verður fyrir valinu, verða hagað þannig að komist verði hjá raski á fornleifum. Í ljósi þess gerir Fornleifavernd ríkisins ekki upp á milli þessara tveggja valkosta á línuleiðinni.

Í frummatsskýrslu segir að við reisingu mastra, gerð vegslóða og við efnistöku verður tekið tillit til staðsetningu minja og reynt að hlífa þeim eins og kostur er. Staðsetning fornleifa verður kynnt

verktökum og þeim gert að sýna fyllstu aðgát við framkvæmdir og meðferð vinnuvéla. Hlutverk eftirlitsmanna verður að framfylgja þeim skilyrðum sem verktökum verða sett. Fornleifavernd ríkisins bendir á að varast ber að hafa vinnuskúra og efnisgeymslur of nálægt fornleifum og að haga ber akstri vinnuvéla með tilliti til fornleifa.

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 10. gr. þjóðminjalaga stendur m.a.: *Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.* Og á 13. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

Virðingarfyllt,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður

Kristinn Magnússon
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

Jakob Gunnarsson

Efni: umsögn um frummatsskýrslu Blöndulínu 3.

Um er að ræða mjög umdeilda framkvæmd meðal íbúa í framhéraðum Skagafjarðar. Línan mun augljóslega verða lýti á umhverfinu þar sem að hún fer um, án þess að viðkomandi byggðir njóti neins beins ávinnings af lagningu línunnar.

Það sem snýr að Heilbrigðiseftirlitinu er einkum mengun og margvíslegt rask sem hlýst af framkvæmdum s.s. vegna; starfrækslu vinnubúða, meðferð olíu og efnisnáms og vegagerðar.

Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra er ætlað að tryggja vatnsvernd og gæði neysluvatns en þær upplýsingar sem fram koma um frummatsskýrslunni um vatnsból, brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði eru algerlega ófullnægjandi. Á fyrirhuguðum línulögnum sbr. mynd 6.5 er ekki að sjá neitt brunn svæði en eitt grannsvæði en gríðarlegt flæmi fjarsvæða og engin vatnsból eru merkt inn á kort. Af kortum má ráða að nokkur fjöldi vatnsbóla sé skammt neðan við fyrirhugaðar línuleiðir.

Einnig er erfitt að átta sig á hvar vegslóðar verða settir niður og þar af leiðandi hvort að þeir geti valdið raski við vatnsból eða íbúum ama á framkvæmdartíma.

Mat undirritaðs er að frummatsskýrslan sé ófullnægjandi með tilliti til þeirra þátta sem Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra er ætlað að líta til.

Virðnigarfyllst

Sigurjón Þórðarson

heilbrigðisfulltrúi

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Eftirlitsskýrsla
samkvæmt lögum nr. 7/1998

HEIMILISFANG: Glerárgötu 26 600 Akureyri
NETFANG: hne@hne.is
SÍMI: 4624431 Fax: 4612396

Viðskiptavinur: 590269-5149 Starfsleyfi:

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Eftirlitstíðni:

Skýrsla nr 2051
Blaðsíða 1 / 1
Dags. 4.5.2012


Skoðunaratriði

Niðurstaða skoðunar:

UMSOGN

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur kynnt sér frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 og gerir ekki athugasemdir við skýrsluna sem slíka. Athygli er vakin á að tengivirki eru háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar m.t.t. mengunarvarna og sama gildir um vinnubúðir og öll efnistökusvæði. Í skýrslunni kemur fram að gert er ráð fyrir jarðstreng næst Akureyrarbæ. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að framkvæmdir spilli ekki vatnsbólum og að aflað verði tilskýlinna starfsleyfa heilbrigðisnefndar áður en að framkvæmdir hefjast (efnistaka, vinnubúðir, rask á vatnsverndarsvæðum og tengivirki).

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ**



Alfred Schött
heilbrigðisfulltrúi



HÚNAVATNSHREPPUR Húnavöllum, 541 Blönduós

Netfang: hunavatnshreppur@emax.is • Sími: 452 4660 / 452 4661

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Húnavöllum 14. maí 2012.

Efni: umsögn um frummatsskýrslu vegna Blöndulínu 3 (220 kv) frá Blöndustöð til Akureyrar.

Tillaga um framkvæmdina og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar lá frammi til kynningar frá 21. mars til 3. maí 2012. Frestur til að leggja fram umsagnir var framlengdur til 18. maí 2012.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps ítrekar það álit sitt að lega Blöndulínu 3 um Blöndudal og Svartárdal hafi óhjákvæmilega þau áhrif að skaða verulega sjónrænt gildi svæðisins. Um er að ræða umfangsmikil mannvirki sem hafa neikvæð og varanleg umhverfisáhrif (meðalhæð mastra er um 23 metrar og helgungarsvæði línunnar milli 40 og 75 m á breidd).

Í Húnavatnshreppi eru tilgreind 7 efnistökusvæði. Allar námurnar eru nýjar að undanskilinni einni sem er ófrágengin eldri náma. Mikilvægt er að samráð verði haft við landeigendur, sveitarfélagið, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóra um efnistöku. Við lok efnistöku verði þess gætt að ganga vel frá efnistökusvæðum og fella þá að landslagi.

Slóðir verða lagðar meðfram fyrirhugaðri loftlínu. Breidd slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer þannig fram að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum. Landsnet þarf að geta nýtt slóðirnar til eftirlits og viðhalds mannvirkja og því þarf að viðhalda slóðum á rekstrartíma línunnar.

Mikilvægt er að fyrirkomulag slóða verði ákveðið í samráði við landeigendur, sveitarfélagið og aðra hagsmunaaðila. Gæta verður þess að hindra ekki vatnsrennsli úr lækjum og giljum þar sem slóðar verða lagðir um, svo ekki myndist úrrennsli sem geti valdið skemmdum á landi.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps leggur mikla áherslu á að við fyrirhugaða lagningu Blöndulínu 3 verði allur frágangur við verkið samkvæmt ströngustu reglum sem í gildi eru. Vinnulag verði með þeim hætti að sem minnst röskun verði á náttúru og umhverfi m.t.t. vegagerðar, efnistöku og annarra beinna inngripa í óspillt land.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps ítrekar mikilvægi þess að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á verðmæti þess lands sem línan liggur um verði metin af sjálfstæðum fagaðilum og að fullt samráð verði haft við landeigendur um línustæði og slóðagerð og þeim kynntur sinn bótaréttur.

Virðingarfyllst,

F.h. Húnavatnshrepps

Sveitarstjóri, Jens P. Jensen

Skipulagsstofnun
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. apríl 2012
Tilvísun: 2012030021/22.2
Verknúmer: 1083000

Efni: Umsögn um frummatsskýrslu vegna Blöndulinu 3

Orkustofnun vísar til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 15. mars. sl., þar sem óskað er umsagnar um hvort mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar sem lýst er í frummatsskýrslu Mannvits hf. vegna Blöndulinu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar, sbr. 10. gr. laga nr 106/2000.

Orkustofnun vill benda á að skv. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, veitir Orkustofnun leyfi fyrir nýjum raflinum sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri og getur bundið slík leyfi skilyrðum er lúta að hagkvæmni, öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæðum raforku svo og er lúta að umhverfisvernd og landnýtingu. Í framhaldi af því telur stofnunin að efnisleg svör við erindi Skipulagsstofnunar, umfram almennar ábendingar um augljós atriði, geti vakið spurningar um hæfi til að fjalla um málið á síðari stigum. Orkustofnun telur því mjög brýnt að ljóst sé að sú umsögn sem stofnunin veitir sé af því tagi að ekki felist í því vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar um leyfi til að leggja raflinu, komi til þess.

Á þessu stigi málsins og með tilvísun til framangreinds hefur Orkustofnun engar sérstakar ábendingar fram að færa um mat á umhverfisáhrifum Blöndulinu 3 á milli Blöndustöðvar og Akureyrar

Virðingarfyllst,



Harpa Þorunn Pétursdóttir
lögfræðingur



Kristinn Einarsson
yfirverkefnisstjóri auðlindanýtingar



Skipulagsstofnun
Laugavegur 166
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 16.04.2012
Tilv. 22.05
GS

Efni. Blöndulína 3 (220 kv) frá Blöndustöð til Akureyrar – umsögn

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi Skipulagsstofnunar, dags. 15. mars 2012, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á frummatsskýrslu vegna áforma um byggingu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar. Að mati Landgræðslunnar hafa við gerð frummatsskýrslunnar verið tekin til athugunar flest þau atriði er varða gróður og jarðveg og umsögn Landgræðslunnar nær til.

Samkvæmt skýrslunni munu verða við byggingu línunnar lagðir alls um 105 km langir slóðar, auk mastursplana, vinnubúða, efnistöku og annars. Ljóst má því vera að þessum framkvæmdum fylgir talsvert jarðrask, en fyrirhuguð lína mun liggja yfir fjölbreytileg gróðurlendi, bæði votlendi, mólendi, graslendi og melasvæði sem misvel eru gróin svo eitthvað sé nefnt.


Landgræðslan leggur áherslu á að við allar hinar fyrirhuguðu framkvæmdir, verði þess gætt eftir því sem nokkur kostur er, að jarðrask verði sem minnst, hvort sem er við efnistöku, lagningu slóða eða hverjar aðrar framkvæmdir sem geta haft í sér rask á gróðurlendum. Þá gerir Landgræðslan þá kröfu að í stað þess gróðurlendis og jarðvegs sem tapast verði endurheimt ígildi þeirra vistgerða sem raskast eða tapast. Þannig verði t.d. votlendi bætt með endurheimt votlendis og aðrar gerðir gróðurlendis með endurheimt samskonar eða svipaðs gróðurlendis eftir því sem framast er unnt. Einnig er æskilegt að mótvægisáðgerðir fari fram svo nærri hinum röskuðu svæðum sem framast er unnt.

Landgræðslan leggur enn fremur áherslu á að tekið sé tillit til þeirrar jarðvegsmyndunar sem átt hefur sér stað við myndun gróðurlendis og því sé hæfilegt að í stað hveðrar landeiningar, t.d. ha, komi til mótvægis töpuðum gróðri og jarðvegi, uppgræðsla eða endurheimt er nemi a.m.k. þrefaldri stærð þess gróðurlendis sem tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Loks leggur Landgræðslan áherslu á að áður en endanleg ákvörðun um Blöndulínu 3 verður tekin, verði búið að semja um mótvægisáðgerðir vegna framkvæmdarinnar og þannig ljóst hvað á að gera, hvenær og hver áætlaður kostnaður yrði vegna mótvægisframkvæmda.

Landgræðslan lýsir sig reiðubúna til frekari ráðgjafar og aðstoðar við útfærslu mótvægisáðgerða og framkvæmd þeirra verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins,


Guðm. Stefánsson
sviðsstjóri



Landsnet hf

Gylfahlöt 9
112 Reykjavík

Skagafjörður, 24. maí 2012
nr. erindis 1203322 HSB

Á 290. fundi Sveitarstjórnar Sveitarfél. Skagafjarðar 23. maí 2012 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Blöndulína 3 - Mat á umhverfisáhrifum

Svofelld bókun var gerð:

Stefán Vagn Stefánsson tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur kynnt sér frummatsskýrslu Landsnets vegna Blöndulínu 3. Í skýrslunni eru tvær leiðir metnar þó svo að á fyrri stigum máls hafi sveitarstjórn bent á aðra möguleika í leiðarvali og framkvæmdakosti, svo sem að leggja línu í jörð, í að minnsta hluta til, aðrar stauragerðir loftlína, frekari rökstuðning fyrir áætlðu spennusligi og fleiri þætti sem krefðust meiri umfjöllunar því miður eru þeir, og aðrir kostir í leiðarvali ekki metnir með fullnægjandi hætti í umræddri skýrslu.

Sveitarstjórn áréttar enn fremur að við undirbúning og vinnu að línulögninni sé tekið ríkt tillit til hagsmuna heimamanna og skoðað hvort og þá með hvaða hætti hægt er að koma til móts við kröfur um línulögn í jörð að hluta til og er í því vísað til þingskjals 748 frá 1. febrúar 2012 um skipun nefndar á vegum Iðnaðar- og umhverfisráðuneytisins sem móta á stefnu um lagningu raflína í jörð. Óráðlegt er að taka afstöðu til leiðarvals og málsins á meðan nefndin hefur ekki skilað niðurstöðu. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að setja skilyrði fyrir lagningu Blöndulínu 3 hvað varðar leiðarval, og framkvæmdakosti, þar með talið að raflína verði að hluta til lögð í jörð.

Stefán Vagn Stefánsson,
Bjarki Tryggvason,
Sigríður Magnúsdóttir,
Þórdís Friðbjörnsdóttir,
Bjarni Jónsson,
Jón Magnússon,
Sigríður Svavarsdóttir,
Guðrún Helgadóttir
Sigurjón Þórðarson.



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netfi: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 550698-2349 • Vsknr.: 6007

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. Sveitarstjórnar Sveitarfél. Skagafjarðar


Helga S. Bergsdóttir
Stjórnsýsluritari

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2012
UST20120300185

Efni: Blöndulína 3 frá Blöndustöð til Akureyrar-Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Framkvæmdalýsing

Í frummatsskýrslu er gert ráð fyrir að Blöndulína 3 verði lögð sem 220 kV loftlína frá Blöndustöð í Húnavatnshreppi yfir í sveitarfélagið Skagafjörð um Vatnsskarð sunnan Valadals og meðfram norðurhlíð Valadalshnjúks. Þaðan eru kynntir tveir valkostir. Annars vegar svokölluð Efribygðdaleið frá eyðibýlinu Kirkjuhóli og áleiðis inn að Mælifelli, þaðan yfir Tungusveit og Eggjar, yfir Héraðsvötn og inn Norðurárdal. Hins vegar línuleið í farvegi Héraðsvatna, á mörkum sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps, og inn Norðurárdal. Frá Norðurárdal mun línan liggja upp á Öxnadalsheiði, inn Hörgársveit, niður Öxnadal og Hörgárdal, yfir Moldhaugaháls og að Kífsá. Heildarlengd Blöndulínu 3 er um 107 km. Fyrirhugað er að leggja 132 kV jarðstreng, um 2,7 km leið frá Kífsá að tengivirki á Rangárvöllum ofan Akureyrar.

Slóðir verða lagðir meðfram línunni, áætluð lengd þeirra er um 105 km. Áætluð efnispörf í slóðir, plön, undirstöður og stagfestur er allt að 460.000 m³.

Umhverfisáhrif

Landslag og sjónræn áhrif. Helstu sjónræn áhrif framkvæmdarinnar eru fyrst og fremst vegna mastra og slóðagerðar. Nokkur óvissa er vegna áhrifa efnistöku þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um það efnismagn sem tekið verður á hverjum efnistökuastað.

Fyrirhugað er að leggja Blöndulínu 3 um svæði sem einkennist af þröngum dölum annars vegar og þéttbýlum landbúnaðarsvæðum hins vegar.

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun frummatsskýrslu um landslag og sjónræn áhrif Blöndulínu 3 hefði orðið markvissari ef þessir þætti hefðu verið skoðaðir í samhengi, þ.e. landform (sem eru afleiðing ákveðinna landmótunarafla) og landnotkun (þéttbýlt landbúnaðarsvæði) sem telja verður þá þætti sem eru afgerandi í upplifun á ásýnd þessa svæðis.

Einungis litill hluti línunnar þar sem hún liggur um Járnhrygg og á svæðinu austan Svartárdals er línan á óbyggðu svæði. Vegna mannvirkja í næsta nágrenni teljast þessi svæði ekki ósnortin víðerni, en aðferðafræðin sem stuðst er við í frummatsskýrslu gerir ráð fyrir að framkvæmdin fari að miklu leyti fram í óbyggðum.

Í Norðurárdal og Öxnadal mun Blöndulína 3 liggja samhliða Hringvegi 1 og Rangárvallalínu 1. Í frummatsskýrslu kemur fram að mannvirki eins og Blöndulína 3 verði sýnileg í u.þ.b. 5 km

fjarlægð. Í ljósi þess hversu áberandi mannvirki af þessu tagi eru og m.t.t. þess rasks sem lagning línunnar veldur telur Umhverfisstofnun að leggja eigi áherslu á að staðsetja háspennulínur ef þess er nokkur kostur á þeim mannvirkjabeltum sem fyrir eru í stað þess að taka ný öröskuð eða óbyggd svæði undir mannvirki af þessu tagi.

Vernd Blöndulína 3 liggur hvergi um friðlýst svæði eða önnur svæði á náttúruminjaskrá. Í Öxnadal og á Öxnadalshéiði er línán á jaðri svæðis nr. 501 á náttúruminjaskrá, Fjalllendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Náttúruverndargildi svæðisins er skilgreint á eftirfarandi hátt í náttúruminjaskrá útg. 1996: "*Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land.*" Umhverfisstofnun telur að lagning Blöndulínu 3 muni ekki skerða náttúruverndargildi svæðis nr. 501 á náttúruminjaskrá, þar sem línán er í jaðri umrædds svæðis og mun ekki raska fjalllendi eða skerða ásýnd svæðisins.

Jarðmyndanir Í 37. gr. laga nr. 44/1999 er lýst jarðmyndunum sem njóta eiga sérstakrar verndar. Engum slíkum jarðmyndunum verður raskað við lagningu Blöndulínu 3. Hvorki við lagningu slóða né vegna efnistöku. Ráðgert er að efnistaka fari að mestu leyti fram í áreyrum, en fyrir efnistöku í eða við ár og vötn þarf að leita leyfis Fiskistofu. Um vistkerfi sem njóta verndar skv. fyrrnefndri grein er fjallað í kafla um gróður.

Gróður Fyrirhugað línustæði er að mestu gróðið, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Í frummatsskýrslu kemur fram að "*í gróðurathugun Náttúrufræðistofnunar Íslands fundust engin gróðurfélög sem teljast sérstæð á lands- eða héraðsvísu á leið fyrirhugaðrar loftlínu Blöndulínu 3. Engar tegundir á válista stofnunarinnar fundust né er vitað til þess að slíkar tegundir hafi fundist á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum. Hvað varðar rask á sjaldgæfum tegundum er það mat sérfræðinga hjá stofnuninni að lítil hættu sé á að fjallalójurt, haustbrúða og línstör verði fyrir raski á framkvæmdatíma.*"

Fram kemur í frummatsskýrslu að ekki er talið að sinkhúð sem með tímanum veðrast af möstrum sambærilegum þeim sem notuð verða í Blöndulínu hafi neikvæð áhrif á annan gróður en mosa sem lítið er af á fyrirhugaðri lagnaleið. Ekki er talið að sínk safnist fyrir með sambærilegum hætti í öðrum gróðri s.s. grösum.

Votlendi stærra en 3 hektarar að flatarmáli njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Votlendi af fyrrnefndri stærð er að finna á Efrabyggðaleið og í Kræklingahlíð. Með öðru leiðarvali, þ.e. Héraðsvatnaleið er unnt að draga úr raski á votlendi í samræmi við fyrrnefnda lagagrein. Í frummatsskýrslu kemur fram að reynt verði að draga úr raski á votlendi með því að leggja slóðir utan við votlendi ef þess er kostur. Einnig er unnt að draga úr neikvæðum áhrifum á vatnsrennsli um votlendi með því að leggja jarðvegsdúk undir malarpúða. Ráðgert er sem mótvægisáðgerð að endurheimta jafnstórt votlendissvæði og það sem raskað verður við lagningu Blöndulínu 3. Æskilegt er að við slíkt mat verði leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á raski í votlendi lagðar til grundvallar.

Fuglar Einkennandi fyrir fuglalíf á fyrirhuguðu línustæði eru mófuglategundir sem allar eru algengar á lands- og héraðsvísu. Vitað er að fálki sem er á válista verpir nærri fyrirhuguðu línustæði. Áhrif á fugla eru í frummatsskýrslu talin verða vegna hugsanlegs ónáðis á framkvæmdatíma. Fjögur hreiðurstæði fálka eru þekkt í nágrenni fyrirhugaðs línustæðis. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt reglugerð nr. 252/1996 er óheimilt að trufla fálka við hreiður á varptíma. Stofnunin telur að hægt sé að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á fálka ef að framkvæmdinni verði staðið í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar reglugerðar. Í frummatsskýrslu kemur fram að á rekstrartíma línunnar er mest hætta á að þyngri fuglar s.s. álftrir og gæsir drepist í einhverju mæli haust og vor þegar fuglarnir fljúga á línuna. Ekki er talið að öðrum fuglum á válista s.s. hrafni og fálka stafi sambærileg hætta af línunni á rekstrartíma. Í frummatsskýrslu eru ekki kynntar eiginlegar mótvægisáðgerðir vegna áhrifa á fugla. Umhverfisstofnun telur að ekki sé hægt að telja til mótvægisáðgerða að framkvæmdaaðili hagi umferð í næsta nágrenni fálkahreiðra í samræmi við fyrrnefnda reglugerð. Ekki er í frummatsskýrslu fjallað um til hvaða áðgerða verði gripið ef vöktun leiðir í ljós tíða árekstra fugla á Blöndulínu 3, og telur stofnunin að í frummatsskýrslu hefði átt að fjalla um þær mótvægisáðgerðir sem mögulegt er að grípa til ef fugladauði við Blöndulínu 3 verður mikill.

Valkostir Í frummatsskýrslu eru lagðir fram tveir valkostir um legu Blöndulínu 3 í Skagafirði frá Kirkjuhóli að Herpistanga. Lengd háspennulínunnar á þessum köflum er nánast jafn löng. Áhrif valkost á fugla eru talin svipuð. Gróðurlendi er svipað á báðum leiðum, en votlendi er talið talsvert meira á Efribyggðaleið.

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi Blöndulínu 3 samkvæmt Héraðsvatnaleið. Með því væri verið að leggja línuna nærri núverandi mannvirkjabelti þar sem fyrir eru Hringvegur 1 og Rangárvallalína 1. Ekki er tekið nýtt votlent svæði undir mannvirki eins og um er að ræða á Efribyggðaleið. Þörf fyrir slóðagerð verður minni á Héraðsvatnaleið og greiðari aðgangur að efnis til slóðagerðar. Þó bætist við grjót til rofvarna við Héraðsvötn. Við Héraðsvötn mun línun standa eins lágt í landi og kostur er. Auk þess mun Efribyggðaleið liggja um grannsvæði vatnsbóls. Í frummatsskýrslu er ekki fjallað um þann valkost að leggja Blöndulínu 3 í jörð. Umhverfisstofnun telur að skoða eigi hvort línustæði Blöndulínu henti til lagningar jarðstrengs þegar að því kemur að Blöndulína 3 verði endurnýjuð.

Vatnafar Í vestanverðum Skagafirði mun Blöndulína 3 liggja innan fjarsvæðis vatnsbóls. Á tveimur stöðum í Öxnadal og Öxnadalshéiði mun línun liggja yfir fjarsvæði. Línun mun að auki liggja vestan grannsvæðis vatnsbóls austast í Öxnadal. Þá eru 14 efnistökusvæði í Hörgársveit staðsett innan vatnsverndarsvæða, 5 innan Skagafjarðar og 2 innan Akrahrepps. Samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 m.s.br. (nr. 533/2001 og 913/2003) er skv. 5. gr. mengun vatns óheimil. Því telur Umhverfisstofnun að framkvæmdaaðili eigi að gera kröfur í útboðsgögnum til þeirra tækja sem notuð verða á vatnsverndarsvæðum þannig að tryggt verði að framkvæmdin verði í samræmi við markmið fyrrnefndra reglugerða. Í frummatsskýrslu kemur fram að ólíklegt sé að sínk sem veðrast af möstrum við

vatnsverndarsvæði berist í neysluvatn í meira magni en sem nemur viðmiðanarmörkum í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Niðurstaða Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif Blöndulínu 3 verði vegna neikvæðra áhrifa á gróður og votlendi, en einnig vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa og neikvæðra áhrifa á landslag. Umhverfisstofnun telur að með því að leggja Blöndulínu 3 meðfram Hringvegi 1 og Rangárvallalínu 1 sé verið að leggja línuna á svæði sem fyrirnefnd mannvirki setja sterkan svip á. Þessi staðsetning leiðir þá til þess að fleiri ferðamenn munu upplifa neikvæð áhrif vegna línunnar en áhrifin verða enn neikvæðari ef línan væri lögð á stað þar sem engin mannvirki eru. Áhrif framkvæmdarinnar á gróður verða neikvæð helst þar sem slóðir verða lagðar um gróið land. Áhrif á votlendi verða neikvæð þar sem slóðir verða lagðar um votlendi. Unnt er þó að mati Umhverfisstofnunar að draga úr neikvæðum áhrifum með því verklagi sem ráðgert er að viðhafa við lagningu slóða í votlendi. Ef Blöndulína verður lögð skv. Héraðsvatnaleið mun draga úr raski á votlendi. Endurheimt votlendis er fyrirhuguð sem mótvægisáðgerð vegna þess votlendis sem raskað verður við fyrirhugaða framkvæmd.

Umhverfisstofnun vill benda á að Blöndulína 3 mun að mestu leyti liggja um svæði þar sem mannvirki af ýmsu tagi setja sterkan svip á umhverfið. Stofnunin telur að líta beri til þess að Blöndulína 3 er viðbót við þau mannvirki sem fyrir eru á núverandi mannvirkjabelti milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Hér er því um stigsmun að ræða í umfangi mannvirkja en ekki eðlismun sem um væri að ræða ef lína væri lögð um svæði sem bæru ekki merki nútíma mannvirkjagerðar. Umhverfisstofnun vill jafnframt benda á að hér er að miklu leyti um afturkræfa framkvæmd að ræða þó svo að neikvæðra sjónrænna áhrifa muni gæta svo áratugum skiptir.

Að teknu tilliti til ofangreinda atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

Hér er svo umsögn Vegagerðarinnar.

Kveðja
Jakob Gunnarsson

Sérfræðingur, mat á umhverfisáhrifum - EIA specialist
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Laugavegur 166, 150 Reykjavík, Ísland - Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
jakob@skipulagsstofnun.is
www.skipulagsstofnun.is

From: magnus.bjornsson@vegagerdin.is [mailto:magnus.bjornsson@vegagerdin.is]
Sent: 17. apríl 2012 16:00
To: Jakob Gunnarsson; Þóroddur F. Þóroddsson
Subject: Blöndulína 3, umsögn

Meðfylgjandi er afrit af umsögn Vegagerðarinnar vegna Blöndulínu 3.

kveðja
Magnús

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík.



Akureyri, 16. apríl 2012
Tilvísun: 2008100024
MB/

Efni: Blöndulína 3 (220 kv) frá Blöndustöð til Akureyrar, umsögn Vegagerðarinnar

Vegagerðinni hefur yfirfarið frummatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar.

Á mynd 19 í myndahefti virðist stöguð hornstæða (við Stóralæk) vera mjög nálægt vegi. Skoða þarf hvort stæðan eða stögin séu innan öryggissvæðis vegar og ef svo er hvort að gera þurfi ráðstafanir vegna þessa.

Efnistökuastaðir eru á nokkrum stöðum nokkuð nálægt vegi, á það einkum við í Norðurárdal, Öxnadalshéiði og Öxnadal. Í Öxnadal er nú unnið að rofvrönum og uppsetningu vegriða við Öxnadalssá á svipuðum slóðum og fyrirhuguð er efnistaka. Samhliða þeim framkvæmdum er átt lítillega við árfarveginn sem gæti haft áhrif á efnistöku. Gæta þarf þess að efnistöku sé þannig háttað að hún hafi ekki áhrif á veginn eða öryggissvæði vegar. Gæta þarf að almennri umferð fari efnisfluttningar um veg. Hafa þarf samráð við Vegagerðina vegna þeirrar efnistöku sem er nálægt vegi og getur haft bein áhrif á veginn eða umferð um hann.

Vegagerðin gerir ekki frekari athugasemdir við frummatsskýrslu framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllt,

Magnús Björnsson
Verkefnastjóri
Áætlanir og hönnunarkaup
Akureyri



Magnús Björnsson

Verkefnastjóri, áætlanir og
hönnunarkaup
Umhverfisfræðingur

Athugasemdir um frummatsskýrslu bárust frá eftirfarandi aðilum:

1. Aníta Ómarsdóttir og Sigurður Jóhannsson, Ytra-Vatni
2. Anna S. Sigmundsdóttir og Einar Ólafsson, Stokkhólma
3. Ásrún Árnadóttir og Sigurður Björgvin Gíslason, eigendur Steinsstaða II, Efstalandskots og Efstalands
4. Ásta Hrönn Þorsteinsdóttir, Kolgröf
5. F.h. B. Pálsson ehf., kt. 610105-1069, Dallandi, Mosfellsbæ, eigandi Héraðsdals I, Stapa og nokkurra landspilna úr Héraðsdal II, Ásgeir Þór Árnason hrl.
6. Benedikt Benediktsson og Marta Magnúsdóttir, Stóra-Vatnsskarði
7. Björn Grétar Þorsteinsson
8. Birgir Á. Hauksson
9. Björn Sveinsson og Magnea K. Guðmundsdóttir, ábúendur á Varmalæk og eigendur jarðarinnar Brekkukot á Efrabyggð
10. Brynjólfur Snorrason, Mið Samtúni
11. F.h. Dan-Ice Mink ehf., Jesper Lyhne Bækgaard, f.h. eigenda að Héraðsdal II
12. Einar Ólafsson og Anna S. Sigmundsdóttir, Stokkhólma
Jónína G. Gunnarsdóttirog Trausti Holmar Gunnarsson, Syðra-Vallholti
Guðsteinn Guðfinnsson og Björk Sigurðardóttir, Laugardal
Eymundur Þórarinsson, Saurbæ
Birna Guðmundsdóttir og Kjartan Björnsson, Krithóli
Anna Ragnarsdóttir og Ólafur Björnsson, Krithóli 2
Magnús Sigmundsson
Jóhannes Helgason, Brenniborg
Hrefna Þórarinsdóttir
Þorsteinn Kárason
Magnús Pétursson, Sigmundur Magnússon og Pétur Sigmundsson, Vindheimum
Gunnar Dungal, Héraðsdal/Stapa
F.h. Dan-Ice Mink ehf., Jesper Lyhne Bækgaard
13. Einar Kr. Brynjólfsson og Inga Björk Svavarsdóttir, Mið Samtúni
14. Eiríkur Kristján Gissurarson, Valadal
15. Elín H. Sigurjónsdóttir og Jón Magnússon, Reykjum
16. Eymundur Þorsteinsson
17. F.h. Fornleifastofnunar Íslands, Elín Ósk Hreiðarsdóttir
18. Gauti Hallsson
19. Guðmundur Valtýsson, Eiríksstöðum
20. Guðmundur Víkingsson, Garðshorni
F.h. leigutaka, Gunnar Frímansson
21. Guðmundur Heiðmann Jósavínsson, Árhvammi
22. Guðsteinn Guðjónsson, Laugardal
23. Gunnþóra Ólafsdóttir

24. Gylfi Sigurðsson og Maren Árnadóttir, Ásláksstöðum
25. Halla G. Þorsteinsdóttir
26. Hanna Kristín Pétursdóttir, Syðri-Mælifellsá
27. Haukur Sigfússon, Þorvar Þorsteinsson og Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Ytri-Bægisá
Stefán Karlsson og Elisabeth Jóhanna Zitterbart, Ytri-Bægisá II
28. Helga Þórðardóttir, Mælifellsá
29. F.h. Hestasports-Ævintýraferða, Magnús Sigmundsson
30. Hrafn Margeirsson
31. Hrafnhildur Brynjólfsson
32. F.h. stjórnar Hrauns í Öxnadal menningarfélags, Tryggvi Gíslason
33. F.h. Hæðargarðs ehf., eiganda jarðarinnar Krossastaðir, Sigurður Sigurjónsson hrl.
34. Ingimundur Sverrisson, Kolgröf
35. Jóhann Kári Hjálmarsson
36. Jón Arnljótsson og Margrét Ingvarsdóttir, Ytri-Mælifellsá
37. Jón Gissurarson, Víðimýrarseli
38. Kolbrún Erla Grétarsdóttir og Halldór Einarsson, Úlfsstöðum
Ábúendur Kúskerpi, Úlfsstöðum og Sólheimum
39. F.h. Landverndar, Guðmundur Ingi Guðbrandsson framkvæmdastjóri Landverndar
40. Ólafur Margeirsson
41. Ólafur Valsson og Sif Konráðsdóttir, Hólum
42. Ólafur Þ. Hallgrímsson, Mælifelli
43. Óli S. Pétursson, Syðri-Mælifellsá I
44. Magnús Sigmundsson, Vindheimum
45. Margeir Björnsson
46. Marínó Ö. Indriðason og Hanna Björg Hauksdóttir, Litla-Dal
47. María Valgerður Sigtryggsdóttir, eigandi spildu úr landi Geirhildargarða
48. F.h. Miðsitju, Birgir E. Birgisson
Þorkell Gíslason, Víðivöllum
F.h. Úlfsstaða, María Jóhannesdóttir
F.h. Sólheimagerðis, Eyþór Einarsson
49. Pétur Karlsson, Grjótgarði
50. Rakel Heiðmarsdóttir
51. Rósa Björnsdóttir, landeigandi að Hvíteyrum og umráðamaður Háubrekku
52. Sigurður Friðriksson
53. Starri Heiðmarsson
54. Sveinn Margeirsson
55. Unnar Már Pétursson
56. Þorsteinn Björnsson og fjsk., væntanlegir erfingjar að Kolgröf
57. Þorsteinn Rútsson, Þverá
58. Þórarinn Magnússon, Frostastöðum
59. Þórhildur B. Jakobsdóttir, Syðri-Mælifellsá I

Blöndulína 3 (220 kV)
Mat á umhverfisáhrifum.
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 30.apríl 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loflínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

Áður en lengra er haldið skal það tekið fram að nýjir ábúendur komu í Ytra-Vatn í nóvember 2011. Þau eru Sigurður Jóhannsson og Anita Ómarsdóttir ásamt börnum. Höfum við kynnt okkur þessi málefni eftir bestu getu. Eftir að hafa farið yfir þessi mál vöknudu upp margar spurningar og þess vegna gerum við athugasemdir við þessa frummatsskýrslu.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðalínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loflínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loflínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loflínu.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar

og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaaðstöðu en það er ekki gert**.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu **efnisflutningaleiðum** í frummatsskýrslu né heldur **umfangi aukinnar umferðar**.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir **efnistökustöðum** og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugsemdir landeigenda á svokallaðri Efrabyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efrabyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og

ferðapjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efríbyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframléiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efríbyggðarleið ganga eftir.

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.**” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð** fyrir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskyt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Rafræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispenntu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfænað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er

að styrkjameginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhningsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausunú héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribygð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loflínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loflínu/jarðstreng á Efribygðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribygðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribygð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er

óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrir en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjallendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsgöð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.”

Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Myndast ekki rof í jarðveginn þegar er farið yfir votlendi með þessum hætti og hvernig verður brugðist við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu. Sagt er að efnistökur fari fram 700-1400m vestan við Ytra-Vatn. Ekkert hefur verið farið yfir þessi mál með núverandi ábúendum. Óskað er eftir nákvæmari staðsetningu á efnistöku og áhrifum af völdum hennar?

Slóðar og umhverfi

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðair slóðar eru ekki í

Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Skipulag

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álitni hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunadila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu. Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á

línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmiklavegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efribyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir,

Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgæirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði.

Efribyggðaleið

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá **öllum** bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vástategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð “staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri”. Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlagn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður. Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribyggð liggur um vel gróíð land og

að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribýggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðarjörðum.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðaþjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet[1]. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribýggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa

farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstrartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuhéidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásynnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllst


Anta Ómarsdóttir Sjávar- og loftslagsráðgjafi

[1]Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðajónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Skipulagsstofnun Ríkisins

Laugarvegi 166

105 Reykjavík



Efni : Athugasemdir við fyrirhugaða lagningu Blöndulínu 3.

Vísað til bréfs frá Landsneti undirritað af Unni Helgu Kristjánsd. Dags. 21 mars 2012.

Við undirrituðir eigendur og búendur í Stokkhólma í Akrahreppi mótmælum harðlega fyrirhugaðri línulögn um land Stokkhólma oft nefnd Héraðsvatnaleið.

Gamla byggðalínan liggur núna nánast við gaflinn á bænum í Stokkhólma í aðeins 150 m fjarlægð norðaustan við bæinn þar sem styst er í línuna er hún sveigir til vesturs.

Fyrirhugað línustæði er síðan áætlað að verði í minna en kílómeters fjarlægð vestan við bæinn, mun hærra og meira mannvirki en gömlu línurnar. Með þessu væri búið að leggja rafmagnslínur á 3 vegu kringum bæinn, vestan Blöndulína 3, norðan og austan gamla byggðalínan.

Þetta er að fyrir okkur algerlega óásættanlegt.

Mikil sjónmengun mun verða af þessum mannvirkjum þar sem landið er flatt og við munum hafa þetta fyrir augunum alla daga.

Ekki má heldur gleyma hávaðamengun, en verulega hátt heyrast í gömlu línunni við viss veðurskilyrði.

Hversu heilsusamlegt eða heilsuspillandi er að búa innilokaður á 3 vegu af háspennulínunum??

Hefur það verið kannað til hlýtar?

Áætlað er að línan liggji um gamlan farveg Héraðsvatna sem orðinn er ágætlega gróinn og er nú nýttur sem beitiland fyrir búfé, en er einnig verðmætt kornræktarland eins og landið þarna í kring sem búið er að gera að kornökru og hafa reynst henta mjög vel til kornræktunar, og má þá benda á að kornrækt í Hólminum í Skagafirði hefur verið vaxandi búgrein undanfarin ár, einnig er farið reyna repjurækt til framleiðslu á eldsneyti.

Fuglalíf á þessum slóðum hefur verið blómlegt, og margar tegundir fugla hafa komið um langan veg til að verpa. Steinstaðahólmurinn er fuglaparadís, eitt stærsta gæsavarp á láglandi í Skagafirði ósnortið land. Færi Blöndulína 3 yfir Steinstaðahólmann yrði það að okkar mati meiri háttar umhverfisslys.

Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein í Skagafirði. Langar og stuttar ferðir á hestum, um þetta svæði hafa notið mikilla vinsælda og umhverfið verið dásamað fyrir kyrrð og fegurð.

Einnig má vekja athygli á vaxandi áhuga á ferðum um Sturlungaslóðir, fyrirhugað línustæði mundi koma til með að liggja þvert á ýmsar þessar söguslóðir með tilheyrandi sjónmengun.

Undirritaðir telja að skoða eigi málið betur frá öllum hliðum, nú þegar unnið er að stefnumótun um lagningu raflínu í jörð fyrir iðnaðar- og umhverfisráðherra. Við lifum á 21. öldinni, ekki gleyma því.

Virðingarfyllt,

Anna S. Sigmundsdóttir Stokkhólma
Einar Ólafsson Stokkhólma

Athugasemdir vegna Blöndulínu 3

Við, eigendur jarðanna Steinsstaða II, Efstalandskots og Efstalands í Öxnadal viljum koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna fyrirhugaðar lagningar Blöndulínu 3 í okkar landi.

Í fyrsta lagi teljum við fyrirhugað línustæði í landi okkar óásættanlegt. Við viljum að línan verði færð ofar í hlíðina en gert er ráð fyrir samkvæmt framlagðri frummatsskýrslu. Línustæðið virðist eiga að liggja langsum yfir fjallsgirðinguna okkar. Það sættum við okkur ekki við og viljum að línan verði alfarið ofan við fjallsgirðingu í okkar landi. Við mættum á kynningu í Hlíðarbæ þann 28. mars s.l. og komum þessum athugasemdum okkar þar á framfæri en var sagt að færa þyrfti fjallsgirðinguna vegna línunnar. Það er alveg óásættanlegt enda var á þeim tíma sem girt var valið sérstaklega gott girðingarstæði þar sem við teljum að hún standi sem best. Við sættum okkur ekki við að girðingin verði færð á lakara stæði með tilheyrandi meiri kostnaði við viðhald og ýmsum óþægindum.


Í öðru lagi þykir okkur skjóta skökku við að lögð sé ný lína áður en lagt hefur verið þriggja fasa rafmagn heim að bæ. Úrbætur í rafmagnsmálum sem lengi hefur verið barist fyrir eru forsenda þess að samningar náist um land undir línustæði.

Í þriðja lagi leggjum við sérstaka áherslu á að umgengni við landið í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir verði eins og best verður á kosið. Nauðsynlegt er að hafa fullt samráð við okkur eigendur landsins um hvernig staðið er að verkinu og hvar farið er um landið. Nefna má sem dæmi að ekki verði opnaðar girðingar þannig að fé eigi greiða leið hér um öll tún. Landinu sé hlíft sem mest má vera og gert við þær skemmdir sem kunna að verða.

Steinsstöðum II, 23. apríl 2012

Ásrún Árnadóttir og Sigurður Björgvin Gíslason

Blöndulína 3 (220 kV)
Mat á umhverfisáhrifum.
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum. Undirritaður er einn eiganda Kolgrafar og ábúandi hennar og ætlar að stunda þar búskap þar án áhrifa loftlínu í gegnum jörð mína.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðalínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á samfélag verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um efnistökuáhrif og gerð verði grein fyrir því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuáhrif og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

I matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrslu samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **siálfstætt rit**.

I matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

I matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfiöllun er í frummatsskýrslu um.

I matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaaðstöðu en það er ekki gert**.

I matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um bversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd miðg ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbvægingu eldri slóða.

I matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

I matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengiast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma bá gerir hann ekki grein fyrir helstu **efnisflutningaleiðum** í frummatsskýrslu né heldur **umfangi aukinnar umferðar**.

I matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

I matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir **efnistökustöðum** og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi vfir og líúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (síá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efrivæggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efrivæggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfar þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengiast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kvns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Astæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðiu með því að farið verði um lönd beirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðabíónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar burfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svæ haa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til síónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfiöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega. hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði bann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en börf er fyrir og dreður úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkia og bannig verði núverandi mannvirkiabelti banið út ef að t.d. áform um Efribyggðarleið ganga eftir.

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum** til **verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði**, **nokkuð jákvæð** og **verulega jákvæð** vfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskytt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu. fvrr en einhverntímann síðar og bangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru levti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fvrrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang

Þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða

Tilgangur

I frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akurevrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu bvegðalínuhringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að bvegja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt beirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi begjandi að sambvkkia risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að bvegja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssvæði sem getur réttlætt nýlögð Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribygð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa vfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu burfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki bá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ I frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tíð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnlustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribygð hafa alfarið hafnað línulögð um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fiölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. I dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribygðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

I frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því vrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkiur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribygðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 bverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvornig Landsnet hvggst „taka tillit til þeirra síónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. bá kröfu að jarðstrengur

verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribbyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skii á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um atormaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögd ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.“ Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

EKKI er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Slóðar með línu

EKKI er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggir fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggja ekki fyrir. Ekki liggir fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðar slóðar eru ekki í

Girðingar

Slóðar fara á fiölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Skipulag

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álitni hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu, það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunadæila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu. Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagauppdrætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kv jarðstrengja.” Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

a 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribýggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar bar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NI) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribýggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðariörðum.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og iarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gæmurmosa á svæðum bar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur nevsla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að nevta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búþeningur nevti zinks. í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðabjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðabjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet¹. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðabjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðabjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribýggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar**. Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

¹ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akurevvar – Blöndulínu 3 – á ferðabjónustu og útivist. Gunnbóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála. 2009.

frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram. á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamatís ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línusvæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjariægg frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólki er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Hóltavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhauzahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að ábián getur orðið af beim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skioulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akurevvar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásvnd. ferðabiðjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr beim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllst

Besta Elönn Þorsteinsdóttir
Ylgaöf 200963-3189

Skipulagsstofnun,
Laugavegi 166,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 2. maí 2012.

Efni:

Athugasemdir við frummatsskýrslu varðandi Blöndulínu 3.

B. Pálsson ehf., kt. 610105-1060, Dallandi, Mosfellsbæ, eigandi Héraðsdals I (landnúmer 146172), Stapa (landnúmer 146224) og nokkurra landspildna úr Héraðsdala II (landnúmer 213915), Sveitarfélaginu Skagafirði, hefur falið mér að gera athugasemdir við frummatsskýrslu Landsnets hf. varðandi Blöndulínu 3.

Umbj. minn vísar til athugasemda við tillögu að drögum að matsáætlun sem sendar voru til Mannvits hf. verkfræðistofu með bréfi undirritaðs dags. 18. ágúst 2008 og athugasemda til skipulagsstofnunar varðandi tillögu að matsáætlun, dags. 28. október 2008. Þá vísar umbj. minn jafnframt til ítarlegs bréfs sem nokkrir landeigendur hafa ritað, dags. 25. apríl s.l., m.a. Gunnar Dungal, forráðamaður umbj. míns.

Umbj. minn telur að við gerð frummatsskýrslu hafi framkvæmdaraðili ekki farið að ákvörðun Skipulagsstofnunar vegna tillögu að matsáætlun, sem sett var fram í bréfi stofnunarinnar, dags. 30. desember 2008 í mjög veigamiklum atriðum. Umbj. minn gerir því kröfu til að hafnað verði að taka frummatsskýrsluna til athugunar skv. heimild í 1. mgr. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Mikilvæg atriði er varða framkvæmdina eru í frummatsskýrslunni algerlega vanreifuð og nauðsynlegt er að þeim verði gerð mun betri skil til þess að raunhæfur samanburður á kostum verði gerður. Hér er átt við eftirtalin atriði:

1. Ekki hefur með ásættanlegum hætti verið gerð grein fyrir því hvers vegna ekki er talið unnt að leggja línuna samhliða núverandi byggðalínu austan Héraðsvatna eða í stað hennar. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 30. desember 2008 segir að „...fram hafi komið athugasemdir sem Skipulagsstofnun tekur undir að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um þann kost að fyrirhuguð lína verði lögð samhliða núverandi línu alla leiðina frá Blöndustöð til Akureyrar.“ Í frummatsskýrslunni verður ekki séð að þessi ábending Skipulagsstofnunar hafi verið tekin til alvarlegrar skoðunar. Einungis er þar lauslega fjallað um um þetta á bls. 36 án þess að raunverulegur samanburður á þeirri leið og Efrabyggðar og/eða Héraðsvatnaleið sé gerður. Engin uppdráttur fylgir og engar rannsóknir hafa farið fram til samanburðar. Gerða verður þá kröfu til framkvæmdaraðila að hann taki tilmæli Skipulagsstofnunar alvarlega um þetta atriði en láti ekki nægja í frummatsskýrslunni að fjalla almennt um málið með setningum eins og að núverandi byggðalína liggi nálægt bæjum og að hún fari yfir tún og akra án þess að sýna þetta með raunhæfum hætti og gera samanburð við aðra kosti. Þá virðist vera óljóst hvaða hlutverki gömlu línunni er ætlað að gegna eftir að nýja línunni verður tekin í notkun og í raun er ekki svarað spurningu Skipulagsstofnunar um hvort leggja eigi hana niður eða ekki.

2. Ekki er með ásættanlegum hætti gerð grein fyrir því hvers vegna ekki er talið heppilegt að leggja línuna eftir Kiðaskarði (leið C). Í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 30. desember 2008 segir að í „...ljósi athugasemda sem vikja að hugsanlegri línuleið um Kiðaskarð þá telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu þurfi að gera nánar grein fyrir því hvers vegna það sé ekki ásættanlegur valkostur, m.a. í ljósi upplýsinga úr athugasemd um að þar hafi raflína verið í um 35 ár.“ Í frummatsskýrslunni verður ekki séð að þessi ábending Skipulagsstofnunar hafi verið tekin til alvarlegrar skoðunar. Einungis er þar lauslega fjallað um um þetta á bls. 37 án þess að raunverulegur samanburður á þeirri leið og Efrabyggðar og/eða Héraðsvatnaleið sé gerður. Engin uppdráttur fylgir og engar rannsóknir hafa farið fram til samanburðar. Gerða verður þá kröfu til framkvæmdaraðila að hann taki tilmæli Skipulagsstofnunar alvarlega um þetta atriði en láti ekki nægja í frummatsskýrslunni að fjalla almennt um málið með setningum eins og að skarðið sé „þröngt og krókótt“, að „óvissa sé um snjóflóðahættu“ og að „vindaálag“ sé talið meira en á Vatnsskarði. Alveg er látið hjá líða að bera þennan kost saman við þann kost að fara um Vatnsskarð og síðan um Efrabyggð eða meðfram Héraðsvötnum en einmitt er mestur ágreiningur uppi með Skagfirðingum um línuleiðina um þessar byggðir. Fram kemur í frummatsskýrslunni að línuleið um Kiðaskarð er styttri en fyrrgreind leið, án þess að sá kostur sé sérstaklega metinn og ekki er þeim augljósa kosti þeirrar leiðar að hún er örugglega til þess fallin að skapa sátt meðal þeirra íbúa, sem nú mótmæla annars vegar línuleið um Efrabyggð og hins vegar meðfram Héraðsvötnum. Sérstaklega er bent á að í frummatsskýrslu er gert ráð fyrir sérstökum snjóflóðamöstrum á tilteknum stöðum á línuleiðinni og vatnsflóðamöstrum við Héraðsvötn. Engin grein er gerð fyrir því hvers vegna sérstök snjóflóðamöstur koma þá ekki til greina á línuleið um Kiðaskarð. Athygli er athygli vakin á því að nú alveg nýlega hefur framkvæmdaraðilinn vakið máls á að leggja raflínu milli suður- og norðurlands um Kjöl og ljóst að vetrarveður á hálendinu virðast þar ekki vera til fyrirstöðu andspænis því að stytta flutningsleiðir. Loks er rétt að benda á að um Kiðaskarð liggur nú þegar vegur, sem augljóslega getur nýst framkvæmdaraðila við línulögn þar og því má gera ráð fyrir að kostnaður við línulögn um Kiðaskarð verði umtalsvert minni en um blómleg héruð í hinum forna Lýtingsstaðahreppi.
3. Sérstök athygli er vakin á því að umfjöllun framkvæmdaraðila um kosti og galla þess að leggja línuna í jörð er því marki brennd að styðjast ekki við hlutlausar upplýsingar. Gera verður þá kröfu til framkvæmdaraðilans að þessi atriði verði metin af óvilhöllum aðilum þannig að ekki verði byggt á skoðunum framkvæmdaraðila sjálfs. Telja verður að Skipulagsstofnun hafi með ákvörðun sinni, frá 30. desember 2008, beinlínis lagt fyrir framkvæmdaraðila að afla slíkra gagna.

Ítrekað er að umbj. minn leggur áherslu á að ítarlega verði að meta flóðahættu í Héraðsvötnum og gera sérstaka grein fyrir kostnaði og umfangi þeirra tilfæringa sem samhliða kunna að verða flóðvörnum í landi hans. Þessu atriði hafa engin skil verið gerð í frummatsskýrslunni. Þá eru svokölluð vatnsflóðamöstur ekki sýnd, né gerð nákvæm grein fyrir eiginleikum þeirra. Ekki fjallað sérstaklega um þá skerðingu sem fyrirhuguð línuleið um lönd umbj. míns kann að hafa á möguleika til landbúnaðar og ferðamennsku í Stapa og Héraðsdal. Mótmælt er þeirri fullyrðingu framkvæmdaraðila, bls. iv. í inngangi að „...Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðabjónustu sem stunduð er á svæðinu.“ Fullyrðing þessi á sér enga stoð í skýrslu þeirri sem Dr. Gunnþóra Ólafsdóttir gerði vegna málsins á vegum Rannsóknarstofnunar ferðamála. Því er mótmælt að myndir sýni með nægjanlega glöggum hætti þá ásýndarbreytingu sem verður frá Héraðsdal.


Því er mótmælt að línun hverfi þar í ásýnd með þeim hætti að línun liggi neðar í landinu. Vakin er athygli á því að á bls. 67 er komist að þeirri niðurstöðu að sjónræn áhrif af Efrabyggðar leið séu greinilega minni en af Héraðsvatnaleið og að öðru jöfnu ber því að fara með línuna um Efrabyggð. Til sömu niðurstöðu á að leiða það sem framkemur fram á bls. 74 um að lína um Héraðsvatnaleið fari meira yfir ræktað land og að niðurstaða fuglafræðinga um að meiri áflugshætta sé fyrir stærri fugla á Héraðsvatnaleið.

Virðingarfyllst,



Asgeir Þór Arnason hrl.

Blöndulína 3 (220 kV)
Mat á umhverfisáhrifum.
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 1.mái 2012

Undirrituð eru landeigendur á hluta fyrirhugaðs línustæðis Blöndulínu 3. Á jörðinni er stundaður hefðbundin búskapur ásamt ferðaþjónustu. Í grend við fyrirhugað línustæði Blöndulínu 3 er einnig vatnsból undirritaðra. Hluti af fyrirhugðum efnistökusvæðum vegna Blöndulínu 3 eru einnig innan landamerkja undirritaðra og hafa engar viðræður vegna þeirra farið fram.

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaástöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á samfélag verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um efnistökuástand og gerð verði grein fyrir því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuástand og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er

að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um óveður á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem sjálfstætt rit.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu ósnortinna víðerna eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um umferð á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang starfsmannaáðstöðu en það er ekki gert.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir útfærslu slóða í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á möstrum í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „ megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efrabyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línun verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efrabyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en

ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribygðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhvertíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efribygðarleið ganga eftir.

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.**“ Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!**

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveitum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskyldt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfenað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhingsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugsemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Ekkert samband við ábúendur né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr álit hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribbyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugsemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribbyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribbyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efrabyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagningar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir „Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.“ Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slíkt útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur.

Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum. Þar sem fyrirhugað línustæði fer í gegnum land undirritaðra er afgirt uppeldissvæði hrossa. Ljóst er öryggis þeirrar girðingar mun minnka til muna með lagningu slóða og tilheyrandi hliða á girðingu og þó sérstaklega á framkvæmdatíma.

Skipulag

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í áliti hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunadila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu. Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélaguupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möglegum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisaðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisaðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á skörðm en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif á gróður**.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnum á landbúnaðarjörðum. Þetta er raunin þar sem fyrirhugað línustæði fer í gegnum land undirritaðra, þar er stór hluti leiðarinnar votlendi og er þaðan tekið bæði neysluvatn fyrir bæi á svæðinu.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á

viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðaþjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet¹. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði. Undirrituð telja of lítið gert úr sjónrænum áhrifum línunnar þar sem hluti af þeirri starfsemi sem fram fer á bænum snýst um ferðaþjónustu og þá ekki hvað síst um að bjóða ferðamönnum upp á dvöl í ósnortinni náttúru landsins. Er það mat undirritaðra að Blöndulína 3 muni hafa mikil neikvæð áhrif á þessa starfsemi og benda á að lítið sé fjallað um áhrif Blöndulínu 3 á ferðaþjónustu á fyrirhuguðu línustæði. Það er því eðlileg krafa að fram fari mat á staðbundnum áhrifum línunnar á ferðaþjónustu.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

¹ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðaþjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.” Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppræðslu.

Fyrirhugað línustæði liggur í gegnum afgirt svæði undirritaðra þar sem uppeldi á hrossum fer fram. Þar sem áhrif línu af þessari stærð eru ekki þekkt á búpening er ekki hægt að fallast á lagningu línunnar sem loftlínu þar sem vitað er að búpeningur mun sækja í þau plön sem möstur standa á eins og hann gerir víða við mannvirki og má því gera ráð fyrir talverðri ásókn dýra að línunni.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheiði.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþjón getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásýnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjölmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllst

Benedikt Benediktsson Stóra - Vatnsskardi

Benedikt Benediktsson, kt. 070938-3599

Marta Magnúsdóttir Stóra - Vatnsskardi

Marta Magnúsdóttir, kt. 051138-3689

Blöndulína 3 (220 kV)

Mat á umhverfisáhrifum.

Athugasemdir vegna frummatsskýrslu

Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við

matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaáðstöðu** en það er ekki gert.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu **efnisflutningaleiðum** í frummatsskýrslu né heldur **umfangi aukinnar umferðar**.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir **efnistökustöðum** og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efrabyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efrabyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribygðarleifi hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efribygðarleifi ganga eftir.

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir: „Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum** til **verulega jákvæðra**.“ Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði**, **nokkuð jákvæð** og **verulaga jákvæð** yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveitum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskilyt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímenn síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispenntu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að

auka flutningsgetu byggðalínuhringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlög Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efrabyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efrabyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkni, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efrabyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efrabyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvornig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efrabyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagningar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um

slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir! Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.” Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggja fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggja ekki fyrir. Ekki liggja fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggðar vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðir slóðar eru ekki í

Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Skipulag

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álit hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunadila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagauppdrætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efrabyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efrabyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgaersvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði.

Efribyggðaleið

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og áðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðarjörðum.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðapjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet¹. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðapjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðapjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar böivunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist.

Slóðar

¹ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðapjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifsvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgæðslu.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheiði.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþjón getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásynd, ferðapjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjölmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllt


Ryður Þórunn Þórunnsson

Þórunn 25%

110158-5999.

Einkastjórnun 'U. Hlevarson'

Blöndulína 3 (220 kV) Mat á umhverfisáhrifum. Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á samfélag verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um efnistökuastaði og gerð verði grein fyrir því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um óveður á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við

matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem sjálfstætt rit.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu ósnortinna víðerna eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um umferð á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang starfsmannaaðstöðu en það er ekki gert.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir útfærslu slóða í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á möstrum í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöku og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggi frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efrbyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efrbyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribygðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Bygðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efribygðarleið ganga eftir.

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum** til **verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði**, **nokkuð jákvæð** og **verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!**

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskylt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfenað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að

auka flutningsgetu byggðalínuhingsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efrabyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnlustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efrabyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efrabyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efrabyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efrabyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um

slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það veganet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.” Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og möl keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðair slóðar eru ekki í

Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Skipulag

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í áliti hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunadila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribýggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efribýggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgeirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hliðar Mælifellshnjúks í Skagafirði.

Efribyggðaleið

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribyggð liggur um vel gróíð land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribýggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðarjörðum.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðabjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðabjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet¹. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðabjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðabjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribýggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar**. Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðabjónustu og útivist.

Slóðar

¹ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðabjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifsvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.” Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Heildaráhrif og niðurstaða


Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásynnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllt




KT 240164-3968

Blöndulína 3 (220 kV)

Mat á umhverfisáhrifum.

Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 1.maí 2012

Undirrituð ábúendur á Varmalæk, eigendur jarðarinnar Brekkukot á Efribyggð höfnum alfarið fyrirhugaðri lagningu Böndulínu 3 eins og áformað er.

Á Varmalæk er rekið hrossaræktarbú, þar hefur nýlega verið ráðist í gríðarlega uppbyggingu fyrir hrossaræktina. Brekkukot er aðal uppeldis og beitajörð fyrir hrossaræktina á Varmalæk.

Með fyrirhugaðri lagningu Blöndulínu 3 er gert ráð fyrir að fara í gegnum Brekkukot með þeim hætti að nýting jarðarinnar skerðist verulega. Gert er ráð fyrir að leggja línuna yfir þurrt, grasgefið land sem er skjólgott frá náttúrunnar hendi.

Verulegt tjón hlýst verði af framkvæmdinni sem kemur til með að hafa veruleg **neikvæð** áhrif á rekstur fyrirtækisins sem er mörg hundruð milljóna króna virði. Ekkert hefur verið rannsakað hvaða áhrif lagning línunnar muni hafa né gerðar ráðstafanir hvernig skuli háttáð til á framkvæmdatíma.

Landið verður aldrei opnað umferð þar sem að hátt í 100 hross eru ð jafnaði.

Á árinu 2008 kom starfsmaður frá Landsnet til að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd, fór á milli bæja og sagði meðal annars að nárgranar okkar sem hann væri búinn að hitta væru jákvæðir, að við fengjum um það að segja hvar línun færir í gegnum landið.


Ósannindi. Í stuttu máli, forkastanleg vinnubrögð. Ekkert einasta samráð verið haft.

Við lestur frummatsskýrslu virðist sem það eina neikvæða við línuna sé áflugshætta fulga sem ekkert er vitað um og ekki hægt að fylgjast. Vissulega er áflug fugla stórhættulegt samanber frétt fyrir stuttu um áflug og sinubruna í kjölfarið. (<http://www.ruv.is/frett/alft-sleit-rafmagnslinu>) Atburðurinn stíður enn frekar að leggja skuli línur í jörðu svo ekki hljótist stór tjón af. Svo virðist sem fuglar njóti meiri tillitssemi hönnuða en fyrirtækin í landbúnaði á því svæði sem ætlað er undir Blöndulínu 3.

Varmalæk 1. Maí 2012

Virðingarfyllst


Pjetur Gunnarsson.


Magna K. Guðmundsdóttir

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3.

Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loflínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti. Áhrif á landbúnað hvergi að sjá og telst afar óeðlilegt í lanbúnaðarhéraði á jörðum þar sem fram far matvælaframleiðsla og útflutningu.** Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

● **Hér er gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.**

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.**“ Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!**

● Í umsögn um Efrabyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efrabyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá **öllum** bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni. **Einnig er óskað svara við því hvaða áhrif línan hefur um gjörvallan Skagafjörð.**

1. Ósamræmi við matsáætlun

Hér á eftir eru tilgreind fjölmörg atriði þar sem misræmi er milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag,

kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínun verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðarlínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets, nú er ekki lengur um að ræða endurnýjun byggðalínunnar heldur nýlagning í gegn um Skagafjörð til að flytja rafmagn milli framleiðenda og notenda fjarri Skagafirði.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu. Þrátt fyrir ofangreind svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar er **sá valkostur að leggja jarðstreng ekki borinn saman við þann valkost að leggja línuna sem loftlínu**. Framkvæmdaaðili ber fyrir sig að um misskilning sé að ræða. Hér er bent á að ég og fleiri sem gerðum athugasemdir við tillögu að matslýsingu skildum svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar sem svo að jarðstrengir yrðu teknir til mats sem valkostir. Í svari framkvæmdaaðila er enda talað um að nauðsynlegt sé að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs og þar sem um er að ræða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda þá þótti ljóst að jarðstrengur yrði tekin til mats sem valkostur.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Skýrsla Veðurstofunnar er ekki aðgengileg með kynningargögnum frummatsskýrslunnar og því ekki hægt að segja að nánar sé fjallað um óveður á línuleiðinni í frummatsskýrslu. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrslu samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þetta er ekki gert heldur sagt að greining á ósnortnum víðernum hafi leitt í ljós að skerðing ósnortinna víðerna verði lítil sem engin af völdum fyrirhugaðra framkvæmda (bls. 60). Því séu ósnortin víðerni ekki tekin inn í gildismat fyrir landslagsheildir. Hér er bent á ósamræmi milli matslýsingar sem segir að kort verði gerð sem sýni ósnortin víðerni og þeirrar umfjöllunar sem er í frummatsskýrslu. Lesandi getur ekki út frá þessu gert sér grein fyrir hvort skerðing ósnortinna víðernar verði lítil sem engin, né heldur hvar þessi skerðing verði.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstartíma. **Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um umferð og er hér bent á þetta ósamræmi við matslýsingu. Hvernig verður staðið að utanumhaldi á búfé svo eitthvað sé nefnt, þar sem girðingar verða væntanlega rofnar milli jarða.**

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaáðstöðu**. Í matsskýrslu er hins vegar sagt að mögulegar staðsetningar vinnubúða verði ákveðnar síðar. Þarna er misræmi á milli fyrirheita í matsáætlun og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert umfram þá umfjöllun að slóðar verði 4,5 m og 150km að lengd. Óskað er skýringa á því hvers vegna ekki er gerð nánari grein fyrir slóðagerð en sem nemur almennri umfjöllun á sem nemur einni A4 bls. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.). Þar eru einnig sýnd hugsanleg snjóflóðamöstur og ekki gerð frekari grein fyrir þeim, hæð þeirra eða virkni. Þar er því ekki verið að gera grein fyrir niðurstöðum um val á möstrum og er óskað eftir skýringum á því ósamræmi við matslýsingu.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „ megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um á „hvaða hátt fyrirhugaðar framkvæmdir geta haft áhrif á landslag og sjónræna þætti og hugsanlegar mótvægisáðgerðir“. Hér er bent á að ekki er fjallað um neinar mótvægisáðgerðir fyrir sjónræn áhrif af línulögninni þrátt fyrir að greind séu nokkuð neikvæð til talsvert neikvæð umhverfisáhrif á ásýnd (bls 129).

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3. Dæmi eru um að svæði innan Norðurlandsskóga séu innan áhrifasvæðis línunnar t.d. í innan 1km fjarlægðar frá línunni þar sem sjónræn áhrif eru umtalsverð t.d. í landi Mælifellsár.

Á nokkrum stöðum eru ekki sýndir slóðar með fram línunni og er ekki gerð grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst komast að línunni á þeim svæðum.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðkustöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi verið ef svo er, hvers vegna enn er óvissa um slóðagerð, staðsetningu mastra og nothæfa efnistöðkustaði ef svo sé, eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Þá er hér einnig spurt hvort að verkhönnun hafi verið unnin fyrir báða kostina, Héraðsvatnaleið og Efribbyggðarleið. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar

(sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegjar) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

2. Athugasemd um lagningu línu um einkalönd.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efrabyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efrabyggðarleið benda á að svo er ekki.

Línunni er skv. lýsingu ætlað að liggja í gegn um Skagafjörð án allra tenginga við dreifikerfið sem þjónar almenningi. Eða eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Þrátt fyrir tilkomu Blöndulínu 3 verði Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 nauðsynlegir hlekkir í raforkukerfinu“. Tilgangur og markmið lagningar línunnar er að styrkja meginflutningskerfi raforku og gera kerfinu kleift að mæta umtalsverðri aukningu orkunotkunar (bls 1). Slík umtalsverð aukning getur bara orðið vegna stóriðjuframkvæmda eins og dæmi er tekið um í matslýsingunni um stækkun Becromal á Akureyri. Því er nýlagning Blöndulínu 3 eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

3. Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Í frummatsskýrslu er sagt að jarðrask tengt jarðstrengjalögn dragi úr umhverfislegum ávinningi. Hér er bent á að það ver að sjálfsögðu eftir aðstæðum. T.d. getur lítið borið á raski vegna lagningar jarðstrengs ef hann er lagður í vegköntum og vel getur gengið að græða upp land ef strengur er lagður í grónu landi. Hér er bent á að sá valkostur að leggja jarðstreng hefur ekki verið metinn og því ekki hægt að fullyrða neitt um aðstæður fyrir lagningu hans í tilfalli Blöndulínu 3. T.d. hefur ekki verið sýnt fram að slóðagerð vegna jarðstrengs þurfi endilega að vera lengri því þrátt fyrir að leggja eigi 107 km loftlínu þá stendur til að leggja 155 km af slóðum hennar vegna, þar af 105 km af nýjum slóðum. Þá er hér bent á að sjónræn áhrif af loftlínu vara allan líftíma línunnar á meðan sjónræn áhrif jarðstrengs geta verið lítil ef vel tekst upp við frágang og uppgræðslu þar sem það á við.

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efrabyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Vakin er athygli á því að í umfjöllun um kosti bls. 36 er greint frá því að endurnýja þurfi núverandi 132 kV tengingu Blöndulínu 2 „með einhverjum hætti innan fárra áratuga en óljóst er með hvaða hætti það verður gert“. Er þetta nefnt í því sambandi að þetta séu gild rök fyrir því að Blöndulína 3 fylgi ekki núverandi línuleið. Hér er hins vegar spurt hvort að ætlunin sé að endurnýja Blöndulínu 2 innan fárra áratuga og auka þar með umfang hennar og eftir það liggi t.d. um Skagafjörð tvær línuleiðir með tilheyrandi áhrifum á sýnileika? Hér er einnig spurt hvort að ekki sé mögulegt að endurnýja Blöndulínu 2 nú og auka flutningsgetu hennar í núverandi línustæði og seinka á móti nýlagningu Blöndulínu 3 um nokkra áratugi?

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að áform um Efribygðarleið ganga eftir.

Almennt

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.**“ Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!** Umfjöllunin er úr inngangskaflanum *1.5.3 Hugsanleg áhrif* en umhverfismatið og þeir þættir sem þar eru skoðaðir eru til umfjöllunar í kafla 6.

um að hugsanlega og mögulega og kannski verði allir hlutir jákvæðir ef þetta eða hitt gerist! Gerð er alvarleg athugasemd við alla umfjöllun í kafla 1.5.3 Hugsanleg áhrif. Öll umfjöllun þar er sett fram án þess að hægt sé að vísa í heimildir og sem dæmi má efa það stórlega að fjölgun starfa geti talist umhverfisáhrif í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda.

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskyt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Á móti má líka velta fyrir sér hver áhrif línunnar verði á atvinnurekstur á línuleiðinni, t.d. á uppbyggingu ferðaþjónustu, eflingu landbúnaðar og lífræns búskapar.

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að

auka flutningsgetu byggðalínuhringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. **Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.**

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efrabyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að "...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því." Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efrabyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar Skagafjarðar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efrabyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

132 kV spenna/ 220 kV spenna

Umfang Blöndulínu, mastrastærð og rök framkvæmdaraðila fyrir því að ekki sé hægt að leggja línuna sem jarðstreng byggja á því að línuna þurfi að byggja fyrir 220 kV spennu. Engu að síður kemur skýrt fram í gögnum framkvæmdaraðila að línan eigi að vera á 132 kV spennu þar til spennan verður hækkuð „síðar meir“. Gerð er athugasemd við að áformuð sé umfangsmeiri framkvæmd heldur en þörf er á með vísun í óljósar fyrirætlanir um að síðar meir þurfi að hækka spennu vegna einhvers sem mögulega gerist einhverntíman einhversstaðar. Óskað er eftir því að þetta verði skýrt og vísað í þarfagreiningu sem skýrir umfang framkvæmdar auk þess að tengja umfjöllunina við rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma og áform um uppbyggingu stóriðju.

Með því að leggja Blöndulínu 3 með lægri spennu væri ódýrara að leggja línuna sem jarðstreng og þar með draga úr neikvæðum áhrifum, t.a.m. á áskýnd. Línulögn með fram þjóðvegi myndi einnig draga úr raski.

Í þessu samhengi er bent á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun stendur: „Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að fram komi upplýsingar m.a. um hversu lengi áætlað sé að línan verði rekin á 132 kV spennu.“ Gerð er athugasemd við að ekki sé

orðið við óskum Skipulagsstofnunar um að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að ekki koma fram upplýsingar um hversu lengi línan verður rekin á 132 kV spennu.

Línuleið

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið, og vaxandi í hestaferðamennsku. Leiðin um Mælifellsdal er vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribýggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt. Mikkla þversögn er víða að sjá í umfjöllun áhrif á ferðaleiðir. Fullyrðingar um áhrif línu handahófskenndar.

Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribýggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagningar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Erfitt er að sjá hvar áformað er að gera slóða þar sem það er sýnt á myndum 2-6 í myndahefti. Þessi myndkort eru sett fram í mælikvarða þar sem nær ómögulegt er að sjá hvar leggja á slóða og hvar ekki. Eins er oft erfitt að sjá hvar slóðir eigi að vera og hvar ekki með fram allri línuleiðinni.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í

landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um **beitarhaga**, votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.”

Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mül keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. **Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?**

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Lýsing valkosta

Á bls. 39 er Héraðsvatnaleið og Efríbyggðarleið lýst og talað um að þær greinist frá Kolgröf en annars staðar er miðað við Kirkjuhól og er talað um að þar muni mögulegt tengivirki rísa. Hver er skýringin á þessu ósamræmi.

Myndasería bls. 32 – 35

Gerð er athugasemd við tilgang þess að sýna myndir af dæmum um „almennar aðstæður þar sem fyrirhugað er að leggja slóðir á línuleiðinni“. Verulega óljóst er hvaða tilgangi þessi myndasería þjónar enda er ekki sýnt á myndunum hvar slóðir eigi að liggja þar sem myndirnar eru teknar, tilhögun þeirra eða annað sem skiptir í raun máli.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð. Hins vegar er mikið gert úr því að það sé ókostur við jarðstrengjalögn að þá þurfi að gera slóða með fram allri strenglöggninni. Ekki er hægt að sjá í frummatsskýrslunni í hverju þessi munur liggur.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.


Slóðar og umhverfi

Stofnun Sæmunda fróða um sjálfbæra þróun vann fyrir Landsnet rannsókn þar sem sannprófað var mat á umhverfisáhrifum fyrir Sultartangalínu 3¹. Í kynningarglærum á vef Skipulagsstofnunar úr erindi sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson hélt má sjá myndir af Sultartangalínu og slóðum sem henni fylgja og á vef Landsnets má sjá ýmsar myndir af slóðgerð tengdri línulögnum. Af myndunum af dæma er umfang slóðagerðar oft talsvert en í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur.

¹ Sjá

[http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur/\\$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur.pdf](http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur/$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur.pdf)





Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Núllkostur

Í umfjöllun um núllkost er sagt að ef fallið sé frá lagningu Blöndulínu 3 verði erfitt að þjóna aukinni orkupörf byggðar og atvinnulífs... í nánustu framtíð í þessum landshluta þar sem núverandi flutningskerfi er fullstað. Gerð er athugasemd við að Blöndulína 3 sem eini möguleikinn til að auka flutningsgetu um héraðið. Þá er gerð athugasemd við að gerð Blöndulínu 3 sé sögð brýn fyrir þennan landshluta enda engin áform uppi þar sem knýja á um gerð Blöndulínu 3.

Skipulag

Í kafla um skipulag er sagt að Blöndulína 3 sé í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaganna á svæðinu sem mörkuð sé í gildandi aðalskipulagi eða skipulagstillögum. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur ekki verið staðfest og í þeirri tillögu sem til umfjöllunar er hefur skipulagi verið frestað á þeirri leið sem tveir valkostir eru settir fram. Þar er því engin háspennulína inni á skipulagi og þarf að auglýsa breytingu á skipulagi til að setja hana inn. Æskilegt er að þetta komi fram. Fyrirliggjandi tillaga að Aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð hefur ekki verið staðfest af ráðherra.

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álit hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagauppdraetti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Minnt er á að í matsáætlun stendur: „Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri línuleiðinni eða að hluta til), kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu.“ Er hér óskað eftir því að þessi samanburður verði gerður fyrir alla línuna eða hluta hennar, í stað þess að einungis sé fjallað almennt um jarðstrengi og loftlínu eins og gert er í kafla 3.3 í frummatsskýrslu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012 og skal ráðherra flytja á Alþingi skýrslu um starf nefndarinnar fyrir 1. Október 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en /verði frestað þar til stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Athugasemd um heimildir

Í kafla 3.3.2, mynd 3.4 í frummatsskýrslu er sýnd almenn skýringarmynd um framkvæmdakostnað vegna lagningu jarðstrengja og loftlína miðað við flutningsgetu og spennu. Bent er á að ekki er vísað til heimildar um hvaðan þessar tölur koma. Lesanda er því ekki gert ljóst við reynslu hvaða landa er miðað í þessum samanburði. Ekki er vísað til heimilda fyrir mynd 3.4 og þá mynd er ekki að finna í þeim heimildum sem getið er í heimildaskrá frummatsskýrslunnar. Er þetta byggt á innlendri reynslu eða reynslu erlendis frá og að hve miklu leyti er hægt að yfirfæra þá reynslu yfir lagningu Blöndulínu 3?

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möglegum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Óljós tilgangur umfjöllunar um 400 kV strengi

Í kaflanum um jarðstrengi er fjallað um 400 kV strengi en ekki er hægt að átta sig á hvers vegna það er gert í tengslum við framkvæmd þar sem nota á 220 kV strengi. Óljóst er hvers vegna valið er að fjalla um jarðstrengi eins og um sé að ræða fræðslufyrirlestur án tenginga við framkvæmdina sem um ræðir.

Viðgerðartími jarðstrengja

Mikið er gert úr því í umfjöllun um jarðstrengi að viðgerðartími jarðstrengja sé langur og vísað í erlenda reynslu frá Nýja Sjálandi þessu til stuðnings. Áhugavert væri að vita hver viðgerðartíminn á loftlínunum er á Nýja Sjálandi því vera kann að viðgerðartími á loftlínunum sé yfirhöfuð lengri á Nýja Sjálandi en á Íslandi af einhverjum ástæðum. Þá væri einnig áhugavert ef vísað væri í tölur um innlenda reynslu af jarðstrengjum. Engin önnur dæmi eru tekin um viðgerðartíma jarðstrengja en frá Nýja Sjálandi.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Helgunarsvæði

Bent er á að helgunarsvæði háspennulínu sem loftlínu er 40-75m á meðan helgunarsvæði jarðstrengs yrði 10-12 m skv. uppl. úr frummatsskýrslu.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efrabyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efrabyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgeirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljósmyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti. Slóðagerð mun hafa töluverð áhrif á sýnileika framkvæmdarinnar sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þá er gerð athugasemd við hversu mikill munur er á þeim landssvæðum og þeim skala sem þau eru sýnd á framangreindum myndkortum. Til að mynda má glögg sjá á mynd 21 úr Öxnadal hversu áberandi línán mun verða í nærumhverfi sínu á meðan stærð landsvæðis og áhrif frá þeirri lofthæð sem ljósmyndin er tekin fyrir myndir 15 og 16 gerir það að verkum að línán sýnist lítilfjörleg.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur


Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði sem er eitt af helstu kennileitum svæðisins og vinsæll staður til fjallgöngu.

Efribyggðaleið

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Áhrif mastra á sýnileika

Þann 29. mars 2012 hélt Landsnet opinn kynningarfund um rekstrarumhverfi fyrirtækisins og framtíðarþróun raforkuflutningskerfisins². Þar hélt Íris Baldursdóttir deildarstjóri kerfisstjórnar Landsnets erindi þar sem fjallað er um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd. Á einni kynningarglærunni er fjallað um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd:



http://www.landsnet.is/Uploads/document/Upplýsingafundur/2012/29.03.2012/Flutningskerfið%20og%20 - Wind...

landsnet.is

File Edit Go To Favorites Help

bing

Favorites http://www.landsnet.is/Uploads/docume...

23 / 35

76.4%

Umhverfi og ásýnd - Áherslur Landsnets

Sérstök áhersla er lögð á að framkvæmdir við uppbyggingu og viðhald flutningsvirkja falli sem best að náttúrunni og valdi sem minnstum sjáanlegum og varanlegum áhrifum á náttúruna og umhverfið.

Athugun á nýjum mastragerðum

- Áhersla á minni sýnileika mastra sé þess kostur
- Samstarf við Státnett í Noregi um þróun nýrra mastragerða

Yfirbyggð tengivirki


- Hugmyndavinna með arkitektum

LANDSNET

² Sjá <http://www.landsnet.is/landsnet/upplýsingatorg/fundur/opinnkynningarfundur/>

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efríbyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna. Fyrirhugað er að nota masturgerð sem eru að meðaltali 23m há stálgrindarmöstur með mun meiri sýnileika heldur en t.d. möstur sem eru sýnd á myndinni hér fyrir ofan sem Íris sýnir í kynningu sinni, og einnig með mun meiri sýnileika en t.d. möstur sem fyrirhugað er að nota fyrir Sv-línur eins og sagt er frá í matsskýrslu fyrir þá framkvæmd.³ Hér að neðan má sjá mynd 2.32 úr umhverfismati fyrir SV línur. Þar er sett inn möguleg hæð mastra.

Þar fyrir neðan er mynd úr frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3,



Mynd 2.32 Möstur fyrir 220 kV háspennulínur. Vinstra megin er frístandandi röramastur, í miðjunni er stagað M-mastur úr stálgrind og til hægri er stagað M-mastur úr stálrörum.

³ Matsskýrsla fyrir Suðvestur línur.



Mynd 2.2 Stagad M-mastur án jarðvirseyrna (efst til vinstri) og með jarðvirseyrum (efst til hægri), fristandandi mastur, fjórfötungur (miðmynd til vinstri) og fjórfötungur með jarðvirseyrum (miðmynd til hægri), stagad suluhorn (neðst). Meðalhæð mastra er um 23 m.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra.

Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Nýverið var haldin hugmyndasamkeppni á vegum Landsnets í samstarfi ið Statnet í Noregi. Hér er lögð fram sú spurning hvort að þær útfærslur sem þar komu fram geti hentað til að draga úr sýnileiki háspennulínunnar á þeim stöðum sem ekki er hægt að leggja hana sem jarðstreng.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. **Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið.** Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands

vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við áformaðar mótvægisáðgerðir vegna Vatnafars. Mótvægisáðgerðirnar eru allt of almennt fram settar, erfitt verður að sannreyna að þær hafi verið gerðar: „lágmarka á rask á votlendi eins og kostur er“ og „Halda á öllu jarðraski í lágmarki“. Erfitt er að sjá að hægt sé að sannreyna þessar áðgerðir.

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð “staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri”. Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögna á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif á gróður**.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efrabyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efrabyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnum á landbúnaðarjörðum.

Mótvægisáðgerðir

Í kafla um gróðurfar segir: „Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða þar sem endurheimt verður jafn stórt votlendi og tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir þá eru heildaráhrif á votlendi talin óveruleg.“ Hvergi í skýrslunni er gerð grein fyrir meintri endurheimt votlendis og því alveg óljóst hvort, eða hvar og hvernig, það yrði framkvæmt. Þá má benda á að erfitt er að meta árangur mótvægisáðgerða og hvort af af þeim hefur orðið þegar þær eru settar fram á svo óskýran hátt að óvissa er um umfang þeirra, staðsetningu og tímasetning er óljós.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á

viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er

ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðapjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet⁴. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðapjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðapjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Veruleg neikvætt að ætla að rjúfa lönd og opna reiðleiðir undir háspennulínu. Þversögn við aðrar fullyrðingar að fara með línur frá umferð til að minka áhrif í umhverfi.

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir

⁴ *Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðapjónustu og útivist.* Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribýggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Reiðleiðir eru skipulagsskyldar. Fornleifar

Fornleifarannsóknir

Í frummatsskýrslu stendur: „Við hönnun fyrirhugaðrar Blöndulínu 3, er tekið tillit til staðsetningar allra fornleifa og hættumats. Þannig er við ákvörðun á staðsetningu línumastra og vegslóða reynt eins og mögulegt er að sneiða fram hjá fornleifum en þessi niðurstaða fæst með því að samkeyra

fornleifagögn samhliða hönnunargögnum. Niðurstaðan er sú að miðað við núverandi staursetningu þá er minnsta fjarlægð masturs að þekktri fornleif um 30 m. Með hnitsettar staðsetningar á hverri þekktri fornleif er síðan hægt að sneiða framhjá skráðum fornleifum við slóðagerð. Áhrif á fornleifar eru því talin óveruleg.“ Eins og fram kemur í skýrslu um fornleifarannsókn, er henni ekki lokið og því ekki hægt að fullyrða um áhrif línulagnarinnar á allar fornleifar á leiðinni. Gera verður þá lágmarkskröfu að tilskyldum rannsóknum sé lokið áður en matsskýrslur eru samþykktar.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- og rekstartíma línunnar. **Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.**

Grunnástand

Bent er á að aðalskipulag fyrir Skagafjörð hefur ekki verið staðfest og því er ekki hægt að segja að þetta og hitt sé í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Útreikningar, raf og segulsvið

Í frummatsskýrslu eru sýndir „útreikningar á rafsviði og segulsviði umhverfis fyrirhugaða háspennulínu. Útreikningarnir eru miðaðir við eðlilegt rekstrarástand línunnar fyrir 220 MVA flutning frá Blöndustöð að Kífsá norðan við Akureyri“. Línan er hins vegar hönnuð fyrir um 560 MVA flutningsgetu þó línan verði rekin á 132 kV spennu til að byrja með. Farið er fram á að útreikningar á rafsviði, segulsviði og hljóðvist miði við 560 MVA.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að í kaflanum um heildaráhrif og niðurstöðu sé sagt í kafla um **samfélag** að „Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og talsvert jákvæð en óbein á rekstrartíma og geta orðið frá nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.“ Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við umfjöllun í kafla 6 um umhverfisáhrif en þar er enga umfjöllun að finna um atvinnuástand og vinnumarkað á svæðinu enda ekki einn af þeim umhverfisþáttum sem teknir voru til skoðunar. Má enda benda á að hugsanleg jákvæð áhrif á vinnumarkað vegna hvers kyns framkvæmda geti ekki talist til umhverfisáhrifa þeirra.

Umfjöllun í frummatsskýrslu um samfélag einskorðast við umfjöllun um ferðaþjónustu og ekki landbúnað og áhrif á landeigendur, búrekstur þeirra og landbúnaðarhéraðið Skagafjörð. Þess er krafist að rannsakökuð verði áhrif fyrirhugaðar línu á atvinnugreinarnar ferðaþjónusta og landbúnaður.


Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn og geffirð mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. **Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.**

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásýnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Skipulagsstofnun
v/Blöndulína 3 frummatsskýrsla
Laugavegur 166
150 Reykjavík



Athugasemd vegna Blöndulínu 3.

Það sem við gerum athugasemd við er að með síðustu skýrslu (Landsnets) skuli ekki koma fram hvaða gerð línu verði notuð (strengjagerð og fjöldi stengja) heldur er sagt kannski, kannski, kannski á milli þó nokkurra möguleika. Þar sem við hugun á að leigja land undir þetta mannvirki höfum við fullan rétt á að fá að vita hvað við fáum ef hugsað er um línu eða streng. Gerðir lína er margþætt og valda mismikilli mengun bæði út frá sér gagnvart helgunarsvæði og tapa einnig afli í (kröppum) snöggum beygjum. Þetta er vitað allsstaðar í heiminum er virðist ekki ljóst á Íslandi. Ef ég fer í byggingaframkvæmdir á minni landareign þá þarf ég að skila öllum teikningum áður en ég byrja, Landsnet virðist ekki þurfa ekki segja neitt, þeir geta skrifað skýrslur sem eru svo loðnar að ég efast um að þeir skilji þær sjálfir. Get ég farið í hótélbyggingu upp á 400 hundruð herbergi með öllu tilheyrandi og skilað teikningum og útreikningum á burðarþoli, rafmagnsteikningum og jarðskautateikningum þegar ég er búin að byggja hótelið?

Fæ ég sömu meðferð og landsnet með sitt?

Hvers vegna getur Landsnet ekki komið hreint fram og sýnt okkur með teikningum og útreikningum hvaða lína sé fyrirhuguð og hvernig frágangur á undirstöðunum sé (fyrirhugaður), hvernig teikningar að jarðskautum eru sem er höfuðáhersla við svona mannvirki og hve mikið (breitt) helgunarsvæði línunnar verði þannig að ég sem landeigandi og væntanlegur leigandi á landi undir línu geti tekið upplýsta ákvörðun um það mannvirki sem mun skerða hluta af landi mínu og minnka afnotarétt minn af eigin landi. Þeir (Landsnet) vitna í skýrslunni um staðla gagnvart mengun sem eru úreltir allsstaðar í heiminum en vitna ekkert í þá staðla sem þeir eiga að fara eftir. Til dæmis um spennujöfnun málmhluta (Mannvirkja) eða frágang jarðskauta eða hvaða viðnám sem miða skal við sem er í bæði byggingareglugerð og tæknilegum tengiskilmálum. Er ekki best ef upp er staðið að nota (jarð-)streng þar sem hann veldur mun minna segulsvið, miklu minna tap ef EN-50160 er uppfyllt miðað við styrkleika THD gilda (yfirtíðni) í flutningskapli. Þekkt er að THD dregur úr (flutnings-)getu strengs til að flytja það afl sem hann á að gera og veldur því skertu rekstraröryggi

Brynjólfur Snorrason
Mið Samtúni
601 Hörgárbyggð

Skipulagsstofnun
v/Blöndulína 3 frummatsskýrsla
Laugavegur 166
150 Reykjavík

Athugasemdir við Blöndulínu 3

Ég heiti Brynjólfur Snorrason og bý á jörðinni Mið-Samtúni í Hörgársveit. Þessi jörð var keypt gagngert til að skoða áhrif rafmagns (raf- og segulsvið) á lífverur og gróður. Þar áður hafði ég í mörg ár fylgst með áhrifum rafmagns á dýr, fólk, tæki, byggingar og annað sem er í kring um okkur (í okkar umhverfi).

Eitt af því sem ég tók eftir var að frágangur á jarðskautum væri hreint út sagt í algjöru lamasessi. Keypti ég þann fullkornasta mælibúnað sem hægt var að fá í heiminum til að mæla margar útfærslur á jarðskautum, gæði þeirra og virkni. Þegar ég ræddi um jarðskaut við rafvirkja eða verkfræðinga sem voru að útskrifast þá horfðu þeir á mig og vissu ekkert um hvað ég var að tala. Þeir töldu hinsvegar þá, og telja margir ennþá, að jarðskaut sé ekkert annað en tvö neðstu járnin í sökkli bygginga (sökkulskautið) og það væri allt og sumt.

Fór ég að kynna mér lög og reglur um jarðskaut og fann þó nokkuð mikið af efni um það sem ég sá að ekki var farið eftir. Ég fór að reyna að átta mig á hvers vegna þetta væri svona. Ég hafði kynnst mönnum sem voru úttektaraðilar hjá (raf-)veitum og má þar nefna Ásgrím Tryggvason og Sveinbjörn Guðmundsson hjá Rarik og Alló Sigurðs hjá Rafveitu Akureyrar ásamt fleirum. Ég ræddi mikið við þessa menn um gæði jarðskauta og þörfina fyrir þeim og sýndi ég þeim mína aðferð við að finna stöðu fyrir gott jarðskaut (gott jarðsamband) og hve mikin árangur gott jarðskaut hefði á byggingar og voru þeir sammála um að þetta væri nauðsynlegt.

Nú kemur stóra spurningin um hvers vegna við misstum allt niður um okkur með jarðskaut og spennujöfnun. Að mínu mati var ástæðan sú að innra eftirlit með veitum og rafmagnseftirlit ríkisins hér áður fyrr hleypti ekki straumi á byggingar fyrr en búið var að mæla jarðskaut viðkomandi bygginga. Í dag getum við byggt hótél upp á tvö til fjögur hundruð herbergi eða byggt skóla fyrir börnin okkar, gripahús, íbúðahús eða skrifstofur og þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur af því hvort jarðskautin séu í lagi eða ekki. Húsin eru tekin út af skoðunarstofu eftir ákveðinni tölfræði og er því hellingur húsa sem aldrei eru tekin út eða framkvæmd skoðun á eldri skautum og séð hvernig ástand þeirra er. Þetta er meginorsök vandmálsins um skilning og gerð jarðskauta.

Eitt af því sem stendur í byggingareglugerð er að fljótandi málmhlutir skuli vera spennujafnaðir og jarðbundnir, einnig í tæknilegum tengiskilmálum.

Þetta vantar mjög mikið uppá þetta í stálmöstrum, til dæmis í háspennulínunum, og mikið er af fljótandi járn í byggingum í dag og mikið er byggt úr stáli og eru jarðskaut spennistöðva ekki nægilega góð og er þetta mjög víða ábótavant í spennistöðvum og spennivirkjum. Ef þessir þættir er ekki eins góðir og mögulegt er þá valda þeir miklu dreifðari mengun á yfirtíðni (THD) heldur en formúlan segir fyrir um, en umfram allt draga úr öryggi og virkni varnarbúnaðar í rafkerfum. Þetta staðfesta mælingar bæði hér á landi og erlendis, þess vegna þarf að endurskoða þessa hluti. Þetta er einn af þeim þáttum sem verður til þess að ég segi að við séum ekki með grænt rafmagn. Hvaða kosti hafa góð jarðskaut? Þau búa til stöðuleika í rafkerfinu, þau minnka töp í dreifikerfum og í byggingum, minnka bilanatíðni í rafbúnaði, rafmóturum, perum og öðrum búnaði. Í kaupbæti fáum við rólegra umhverfi í skólum, þægilegri líðan í íbúðahúsum, dýrum líði betur, minni í afföll í fiskeldi og í kjúklingarækt, svína- og mjólkurframleiðslu og mjög sterkar

vísbindingar um lækkun sjúkdóma í mönnum. Þetta eru kostir sem við ásamt fleirum út um allan heim höfum rannsakað og komist að svipaðri niðurstöðu. Þetta teljum við mjög veigamikil og ættum við að leggja miklu meiri áherslu á að kanna þetta gaumgæfilega. Þá er enn fremur í gildi staðall sem er EN-50160 um svokallað THD gildi (yfirtíðni) og er hann orðin að lögum á Íslandi frá árinu 2004. Þetta er staðall til neytendaverndar um það að ef þessi gildi (frá annari) til 63. harmonisku fara upp fyrir ákveðið hlutfall (%) af grunnildi (skilgreint bæði fyrir straum og spennu) getur það valdið það miklu tjóni og skaða. Þetta er staðall sem veitur vilja ekki kannast við og enginn er að fylgja honum eftir (eins og iðnaðarsaltinu).

Hér áður fyrr voru raflínur látnar mynda þríhyrning og voru snúnar eins og vöndul með mismunandi millibili. Þetta var gert til að draga úr tapi á línunni þannig að fasarnir R-S-T væru snúnir og enn fremur hefur gæði vírsins og gæði efnissins mikið að segja um að rafeindirnar haldi sér utanum vírinn, krappar beygjur voru taldar óæskilegar. Við gætum hugsað okkur vörubíl með malarhlass sem tekur snögga beygju á hringtorgi á ca 60 km hraða og við það missir hann mól út af pallinum.

Eftir því sem aflið er meira á línunni og gæði vírsins er lélegra þá er meiri hætta á að missa út af línunni. Hér áður fyrr var talið en aldrei viðurkennt opinberlega að tap á línu frá Geithálsi til Akureyrar gæti verið nálægt 20 MW. Þegar Becromal var sett upp á Akureyri þá minnkuðu tópin í rafkerfinu um allt að 5 MW og það er ágætis búbot við það að tengja fyrirtæki við hinn endann.

Í háspennulínunum er ekkert hugsað um jörð eða núll - það eru bara 3 fasar. Í rafstrengjum er kopar og eirskerming til þess að stuðla að því að bæði utanaðkomandi truflanir kæmust ekki inn í strenginn og að hann geislaði ekki eins mikið frá sér.

Þar sem það virðist alltaf verið að hugsa um að spara en ekki verið að hugsa um gæði rafkerfisins, þá uppgötvuðu menn að þeir gátu notað skerminguna sem núll og þá þyrftu þeir ekki að leggja aukastreng fyrir núllið og spara um leið streng en þessi skerming er skerming en ekki til að flytja yfirtíðni (THD), fasvik, né núll (einfasa notendur).

Núllið þarf helst að vera tvisvar sinnum sverari en (einn) fasa-leiðari til að yfirtíðnin geti farið eftir kerfinu. Þarna er ein af vileysum um yfirtíðni

Í háspennustrengjum eru lagðir sjálfstæðir strengir fyrir hvern fasa og hefur þróun á strengjum orðið mikil á síðustu tveim árum. Eitt af höfuðvandamálum við að nota strengi er að yfirtíðnin treður sér með rafmagninu (kerfistíðninni, 50 Hz), þetta dregur úr flutningsgetu, sem aftur veldur því að það myndast hiti og tregða sem styttr endingu strengjanna og annars búnaðar. Því þarf að skoða THD gildin virkilega vel og með strengjunum þarf að koma flutningsleið fyrir THD (yfirtíðni), þannig að það þarf alla vega einn til tvo strengi, bæði núll og jörð til að kerfið vinni rétt - þannig er það líka lagt annarsstaðar í heiminum - enda gilda sömu eðlisfræðilögmál þar og hér.

Sumir hafa haldið því fram að THD (yfirtíðni) ferðist ekki eftir rafkerfinu heldur sé að koma frá þeim sem framleiði það sem er neytandinn. Mælingar sem hafa verið gerðar á spennistöðvum sýna hátt THD gildi og sýna einnig misjafnt á fösum, þannig að einn þeirra getur verið hærri en annar og því er það ekki rétt að þetta ferðist (dreifist) ekki með rafkerfinu.

Spennar sem eru með lítið álag framleiða THD og hér áður fyrr vorum það næturhitanir sem lækkuðu THD þegar þeir fóru inn þegar notkun annars staðar í kerfinu lækkaði. Því myndaðist jafnvægi sem minnkaði útbreiðslu THD gilda. THD er versta og mesta mengun sem rafstrengir fá vegna þess að þetta myndar mikinn hita og veldur skemmdum á strengjum. Það sem ég tel að sé æskilegt er að við förum að horfa gaumgæfilega á skipulagsmál og fara að huga að

lagnasvæði fyrir strengi og línur í þeirri fjarlægð sem þarf til að þær séu örugglega ekki að valda náttúru, dýrum og fólki skaða eða skemmdum.

Fyrir nokkrum árum síðan flutti Drífa Hjartadóttir alþingiskona tillögu ásamt fleirum á Alþingi þess efnis að hefja skuli athuganir á háspennulínum og strengjum sem því miður náði ekki fram að ganga. Ég bað um upplýsingar frá Mannviti um þær íslensku rannsóknir og athuganir sem gerðar hafi verið að hálfu veitnanna um áhrif rafmagns en hef ekki enn fengið svör við því, ég spurði einnig um mosaskemmdir undir háspennulínunni á Helligshéiði.

Er enginn sem hefur eftirlit eða safnar upplýsingum um áhrif rafmagns á Íslandi? Hvernig er með Hvalfjörð eða þá staði þar sem háspennumöstur hafa staðið í langann tíma. Hafa verið gerðar heilsufarlegar athuganir nálægt línunni? Er það ekki að verða tímabært að það sé gert. Það er aðeins vitnað í staðla sem eru úreltir en ekkert um staðla eða sérlög um línur. Í Blöndulínu er vitnað í raforkulög og einnig á ég nokkur bréf frá Mannviti þar sem fyrirspurnum mínum hefur ekki verið svarað en vitnað í raforkulög og skyldur landeiganda.

Þar er heilmikið vitnað í gerð vegna gjaldskrár og gjaldskrárbreytinga og um skyldur landeiganda er smá klausa um að hafni landeigandi fyrirtækinu (Landsneti) um að fara yfir land sitt þá muni veitan kalla til matsmenn og taka landið eignanámi. En ég sem vill leigja land undir línuna finnst eins og að landsneti fynnist það ekki æskilegt heldur vilji þeir taka landið eignarnámi. Í þessum lögum er sagt að veitufyrirtæki skuli bæta þann skaða sem verður á meðan framkvæmdum stendur og í verklok en ekkert er minnst á þann skaða sem gæti orðið á líftíma línunnar en veitan hefur engar skyldur gagnvart mér sem landeiganda, stenst það stjórnarskrá spyr ég.

Ég horfi til nágranna minna hér vestan við mig, í Öxnadal og sé þetta ferlíki nánast koma yfir bæina frá Engimýri og út undir Moldhaugnaháls og að nú verða þær tvær því gamla línur verður endurbyggð og færð svo hægt sé að koma nýju línunni fyrir.

Í bréfum frá fulltrúum Landsnets kemur fram að þeir ætli að fjarlægja gömlu línuna en svo er aldeilis ekki, það á að betrubæta hana og færa til svo hin komist fyrir. Mér er hugsað til samtals við vinkonu mína sem bjó á Engimýri sem tók frá smá hluta lands þar fyrir sumarhús. Hún spurði mig hvernig það væri að hafa þetta allt yfir sér, nú þarf hún ekki að hafa eldavel til að elda á, það verður nóg að fara með pönnuna út á stétt og þar eldast maturinn og hún yrði alltaf í stuði. Sumum finnst þetta ekki sniðug samlíking en hvað ef þetta er hugsanlega möguleiki að svona gæti þetta orðið.

Ég hef séð í gegnum þessi 35 ár sem ég hef verið að skoða þessa hluti að þetta hefur áhrif og ég er alveg sannfærður um það að hvorki yfirmenn (æðstu stjórnendur) Landnets eða verkfræðistofur (ráðgjafar þeirra) sem eru að leggja þessar tillögur fram myndu vilja eiga heima á þessum bæjum. Svo að sjá þessa línu koma inn Hörgársveit þar sem talið var að óæskilegt væri að leggja línuna samkvæmt umhverfismati, fara frá Kífsá og inn Glerárdal fram hjá fyrirhugaðri fristundabyggð (á skipulagi) og útivistarsvæði, skíðaparadís og ekki síst fram hjá aðalvatnsbóli Akureyringa. Þaðan niður og yfir hjá flugvellinum þar sem það mun minnka flugöryggi á þessum stað og þar sem aukin ferðamennska er en þar er að vísu verið að tala um að setja það í jörðu. Svo eru það blessaðir Skagfirðingarnir sem fá þetta yfir sig líka og Húnvetningar ásamt Þingeyingum. Er ekki bara orðið tímabært að fara með þetta upp á hálendið og koma með það niður þar sem þarf vegna þess að Akureyri er ekki að fara að nota 560 MW (né 220 kV) á næstu árum og því síður Skagfirðingar eða aðrir norðanmenn.

Við eru ekki að fara aftur til kolavélanna en verður ekki mesta sáttin um að fara með þetta í jarðstreng upp á hálendið. Það stóð í einu bréfanna að ef landeigendur höfðu línunni þá yrði ekki til rafmagn fyrir uppbyggingu á þessu svæði og það yrði of dýrt að leggja þetta í jörðu og

rafmagn muni hækka til neytenda í landinu, en er það ekki stóriðja sem er að biðja um þetta rafmagn og er það ekki hún sem borgar?
Svo má hugsa sér að leggja jarðstreng sem er bara 132kV, því hann á að vera a.m.k. á hálfvirði m.v. 220 kV.

Þegar miðað er við verð á lagningu jarðstrengja þá er miðað við verð í Noregi þar sem allt er í klöpp, Danir stefna á að vera búnir að koma sem mest í jörð fyrir árið 2030, þannig að kostirnir eru aftur, meira rekstraröryggi, minni bilanatíðni, minna tap af rafmagni og með strengjunum koma ljósleiðarar svo hægt er að mæla og fylgjast með hita og öðrum bilunum ásamt GPS punktum. Ennfremur er þetta trúlega það sem flestir gætu sætt sig við og þegar fram í sækir ódýrasta leiðin. Ég skora á skiplagsstofnun, umhverfisráðuneytið og alþingismenn um að fara að taka þessa hluti alvarlega því það er ekki vanþörf á, það var stórt skref stígið þegar Björn Karlsson brunamálstjóri fékk yfirumsjón með rafmagnseftirliti.

Ég hef framkvæmt margar mælingar víðsvegar á landinu með mæli sem er sérgerður til að mæla samkvæmt staðli EN-50160 og miðað við þær niðurstöður sem hafa komið veit ég að mjög víða er pottur brotinn og mikið starf framundan til að betrumbæta það.

Brynjólfur Snorrason
Mið-Samtúni
601 Hörgárbyggð



Skipulagsstofnunar
Laugavegi 166,
150 Reykjavík

Skagafirði 30. apríl 2012

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu um lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar

Með vísan til laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 gerum við f.h. eigenda að Héraðsdal II í Skagafirði athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd við lagningu Blöndulínu 3.


Samkvæmt frummatsskýrslu er gert ráð fyrir þeim valkosti að línan liggi um svokallaða Héraðsvatnaleið. Með tilliti til þess að fyrir tveimur árum síðan keypti hlutafélagið Dan-Ice Mink ehf. Héraðsdal II með það að markmið að byggja upp öflugt minkabú. Starfsemin sem er mjög umfangsmikill, kallar á mikla fjárfestingu og að aðstæður séu með þeim hætti að sem minnst truflun stafi frá umhverfinu. Nú þegar er komin starfsemi í flest húsin og innan tveggja til þriggja ára verður húsakostur fullnýttur. Áform eru um að stækka búið í framhaldinu og nýta landið sem jörðinni fylgdi til búreksturs. Línulagnir sem fyrirhugað er að byggja kalla á mikið rask á framkvæmdatímanum geta haft mjög neikvæð áhrif á starfsemin til frambúðar. Landið sem línurnar koma til með að vera á auk helgunarsvæðis sem fylgir línulögnunum, skerða mjög þau áform sem landeigendur hafa uppi með nýtingu jarðarinnar. Þá er algjörlega ósannað hvaða áhrif 220 KV línur hafa á dýrin til frambúðar, sem eru mjög viðkvæm fyrir utanaðkomandi truflunum.

Háspennulínur og sú stærð marstra sem fyrirhugaðar eru mun ef svökölluð Héraðsvatnaleið er valinn rýra mjög þá möguleika sem landeigendur hafa að markmiði við uppbyggingu á svæðinu. Þá mun línan verðfella jörðina, eins og gerst hefur þar sem slíkar línur fara yfir jarðir/land.

Eigendur Héraðsdals II gera því þá kröfu að önnur línuleið, fjarri landareignunum verði valin, en ef talið verður óhjákvæmilegt að leggja línuna um Héraðsvatnaleið þá verði hún lögð í jörð.

Virðingarfyllt

F.h. Dan-Ice Mink ehf., kt. 480610-0830


Jesper Lyhne Bækgaard

Skagafirði, 25. apríl 2012

Skipulagsstofnun ríkisins,
Laugarvegi 166,
105 Reykjavík

Efni: Blöndulína 3 – umsögn um Frummatsskýrslu, mars 2012.

Vísað er til bréfs Landsnets dags. 21. mars 2012 þar sem vakin er athygli hlutaðeigandi á að fyrir liggur frummatsskýrsla að Blöndulínu 3 og að athugasemdum við skýrsluna skuli komið til Skipulagsstofnunar fyrir 3. maí n.k.

Undirritaðir landeigendur, sem hagsmuni eiga vegna fyrirhugaðrar byggingar og legu Blöndulínu um Skagafjörð, vilja geta þess í upphafi að frummatsskýrslan, eins og hún nú liggur fyrir, hefur tekið breytingum frá þeirri matsáætlun sem lögð var fyrir í desember 2008. Umfjöllun um fjölmörg atriði er nú gleggri heldur en áður. Undirritaðir landeigendur gerðu þá athugasemdir við matsáætlunina og er vísað til þeirra. Nú eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við frummatsskýrslu þá sem er til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun:

1. Framkvæmdaaðili, Landsnet, velur einhliða að vilja ekki ræða mögulega lagningu nýrrar línu í jörð. Frá því er greint að það sé andstætt stefnu fyrirtækisins að huga að lagningu jarðstrengs einkum við tiltekin skilyrði um spennu og fleira. Á þetta viðhorf er ekki fallist og því sterklega andmælt. Af lögum verður ekki ráðið að þannig skuli kostir við línulögn metnir. Meginrök skýrsluhöfundar fyrir þessari afstöðu er að gæta skuli hagkvæmni þegar í framkvæmdir er ráðist. Framkvæmdaaðili, Landsnet, ber því við að jarðstrengur sé 4-6 dýrari heldur en hefðbundin línulögn ofanjarðar. Þessi staðhæfing er ekki rökstudd með sannfærandi hætti.

Telji framkvæmdaaðili að jarðstengi skuli hafna á kostnaðarforsendum þá hefði verið viðeigandi að lagt væri fjárhagslegt (cost/benefit) mat á jákvæð/neikvæð áhrif þess að leggja loftlínu hvort heldur er um Efribyggð eða Héraðsvötn. Í skýrslunni kemur fram að áhrif loftlínu sé allt frá **óverulegum til verulegra** á ýmsa þætti sem línulögnina varða. Hér er um huglægt mat að ræða og engin tilraun gerð til að leggja hlutlægt mat á beinan og óbeinan kostnað við framkvæmdina.

Þá verður að teljast hæpið að framkvæmdaaðili taki svo afgerandi afstöðu gegn línulögn með jarðstreng, samtímis og á vegum iðnaðar- og umhverfissráðherra er unnið að stefnumótun um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem ber að taka tillit til þar um. Þess er að vænta að niðurstöðum þar um verði skilað í september n.k. Sjálfsagt virðist að mat á þeim jarðstreng sem hér um ræðir falli að þeirri

stefnumörkun sem er í deigluinni fremur heldur en að eindreginni afstöðu framkvæmdaraðila. Frummatsskýrsluna þarf að endurmeta m.t.t. þessa.

2. Höfundar frummatsskýrslunnar gera ekki upp á milli ágætis Efrbyggðarlínu og Héraðsvatnalínu og leggja þær algjörlega að jöfnu.sbr. það sem kemur fram í töflu 9.2. Svo virðist sem það sé eftirlátið heimamönnum að útkljá. Þá segir orðrétt:

„Valkostir í Skagafirði

Út frá fyrirbyggjandi gögnum er það mat framkvæmdaraðila að valkostir línuleiðar um Efrbyggð og Héraðsvötn í Skagafirði séu tæknilega séð jafngóðir. Þeir komi því jafnt til greina sem framtíðarlínustæði fyrir Blöndulínu 3.

Helsti munur á leiðunum tveimur er sá að á Héraðsvatnaleið verður fyrirhuguð háspennulína meira áberandi frá fjölförnum ferðaleiðum svæðisins, svo sem Þjóðvegi 1. Á Efrbyggðarleið verður meiri efnisþörf vegna slóðagerðar og gerðar masturstæða en meiri efnisþörf verður vegna flóðavarna á Héraðsvatnaleið. Að öðru leyti er talið að áhrif verði sambærileg.“

Eðlilegt er að beina þeirra spurningu til Landsnets hvora leiðina þeir kjósi enda byggist valið fullt eins á huglægum forsendum eins og hlutlægum.

3. Af gögnum og umræðum kemur fram að engin áform eru upp um að fjarlægja núverandi byggðarlínu um héraðið. Sú lína liggur nærri húsum manna og verður naumast talin augnayndi. Skoðun og tillaga undirritaðra er sú, að að nýju verði kannað hvort nýta megi núverandi línu með styrkingu til þess að ná því marki sem að er stefnt þ.e. að auka flutningsgetu landskerfisins. Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um, hvort það sé fær kostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220kV í stað þess að reisa aðra línu samsíða. Sú afstaða að hvorki standi til að fjarlægja núverandi línu né sé möguleiki til að styrkja þá línu stendur í vegi viðleitni til sátta í þessu máli.
4. Sýnileiki nýrrar línu þvert á og um mitt héraðið, Blöndulínu 3, er mikill. Í matskýrslunni segir orðrétt:

*„Á Héraðsvatnaleið í Skagafirði liggur línan skammt sunnan Rangárvallalínu 1 frá Kirkjuhóli að Stokkhólma. Á þessari leið er línan á köflum áberandi frá bæjum og Þjóðvegi og gera má ráð fyrir **talsvert neikvæðum** en svæðisbundnum áhrifum. Einnig má gera ráð fyrir **talsvert neikvæðum** áhrifum frá Þjóðvegi 1 meðfram Héraðsvötnum áleiðis að Norðurárdal. Við Laugardal, Héraðsdal og Stokkhólma má gera ráð fyrir **verulega neikvæðum** áhrifum vegna nálægðar við línuna. Hér skal þó tekið fram að línustæðið í Héraðsvötnum liggur neðar í landinu en flestir Þjóðvegir og bæir sem hefur það í för með sér að línan ber að langstærstum hluta í land á þessari leið sem dregur úr sjónrænum áhrifum.“*

Landeigendur telja að mikil neikvæð sjónræn áhrif verði af lagningu línunnar því línan mun óhjákvæmilega bera við himin einkum þegar litið verður til norðurs framan

úr Blönduhlíð. Línulögn norður farvega Héraðsvatna hlýtur því að hafa verulega neikvæð áhrif fyrir marga sem um svæðið fara. Þá er algjörlega óviðunandi hvað lítið er gert úr neikvæðum áhrifum línulagnar fyrir Stokkhólma, bæi í Dalsplássi þ.e. Laugardal og Héraðsdal og mögulega aðra bæi sem liggja lágt. Athugun á þessu krefst mun betri umfjöllunar s.s. myndrænnar framsetningar á ágreinngsefninu, lýsingu á möstrum, slóðagerð og fleiru.

5. Hvað Stokkhólmabæinn snertir sérstaklega þarf naumast að benda á að „sjónmengun“ af línulögn vestan bæjarins á landamörkum Vindheima og Stokkhólma er grófleg. Á það skal minnt að austan bæjarins liggur núverandi Rangárvallalína. Eigi sú lína að standa til framtíðar hafa verið lagðar hásspenntar línur austan, norðan og vestan bæjarins.
6. Ferðapjónusta er mikil og vaxandi atvinnugrein í Skagafirði. Ekki þarf að fjölyrða um að með lagningu jarðstrengs yrði dregið verulega úr neikvæðum áhrifum loftlínu á atvinnugreinina og er óumdeilt . Fjöldmenn landsmót hestamanna eru t.d. haldin á nokkurra ára fresti á Vindheimamelum og tjaldstæði eru þá á sléttlendinu norðan Vindheimabrekkna. Ekki er vafi á að ný raflína mun valda sjónmengun og jafnvel hefta nýtingu svæðisins því tjaldsvæðið liggur að landamerkjum Vallholts og Vindheima og þar með að stæði nýrrar línu. Taka verður tillit til þessa.
7. Landeigendur Steinstaðahólma austan Héraðsvatna, hafa bent á að Hólminn sé algerlega ósnorið land og dýrmætt fyrir varpfugl og mögulega fuglaskoðun. Það land sem ætlað er undir nýja línu, þ.e. norðan frá og fram að Laugardal, er meira og minna samfellt svæði fugla. Gæsavarp er mikið í Steinstaðahólma en svæðið allt er verðmætt fuglum einkum að vori og á haustin. Mikilvægi þessa eru vanmetið að mati undirritaðra og ber að koma í veg fyrir að tjón verði unnið hér á af mannavöldum.
8. Loks skal bent á að lega nýrrar línu fer um verðmæt kornræktarland. Kornrækt fer vaxandi og þar með skerðist það land sem talið er einna best fallið til kornræktar í Skagafirði. Taka verður tillit til þessa.

Undirritaðir telja að frekari vinna þurfi að eiga sér stað áður en ákvörðun er tekin um lagningu nýrrar háspennulínu um byggðir og lönd landeigenda. Þeir lýsa sig fúsa til þess að greiða fyrir athugunum og rannsóknum á aðstæðum fyrir sitt leyti.

Virðingarfyllst,

Undirritaðir landeigendur:

Ólafur Ólafsson Stokkhólma
Anna S. Magnúsdóttir Stokkhólma
Jónína G. Gunnarsdóttir Systra-Valknalli
Kjartan Holme Gunnarsson " "
Guðsteinn Guðfjörnsson Laugardal
Þorjökull Sigurðsson Laugardal

Eymundur Þórarinnsson Saurbo

Birna Guðmundsd. Keldhóli 0107413009

Signtari Björnsson Keldhóli - 0710822139

Anna Ragnardóttir Keldhóli 2 280352-4039

Ólafur Björnsson Keldhóli 2 220149-7499.

Hegunís Sigurmundsdóttir 270357-5639

Jóhannes Helgason Brasmiborg 171242-7899

Stefna Þórarinn dóttir 070157-3149.

Þorsteinn Lárusson 110955-3919.

Magnus Pétursson Vindheimur 260347-2409

Sigurundur Magnússon Vindheimur 270232-3379

Pjetur Sigurmundsson Vindheimur 040859-4039

Hunnur Héraðsdal / Stepa 191148-4959

f.h. Jóna Sýnna Bekgaard Magnús Pétursson


Stv - Nýtalent umboð

UMBOÐ

Hér með veitum við Magnúsi Péturssyni kt. 260547-2409 umboð f.h. Dan-Ice Mink ehf. kt. 480610-0830 til að árita bréf dags. 25. apríl 2012, vegna athugasemda við lagningu Blöndulínu 3.

Hédraðsdal II, Skagafirði 30. apríl 2012

F.h. Dan-Ice Mink ehf.



Jesper Lyhne Bækgaard

Blöndulína 3 (220 kV) Mat á umhverfisáhrifum. Athugasemdir vegna frummatsskýrslu

Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3.
Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

Við sem ábúendur í Mið Samtúni sendum hér með inn formlegar athugasemdir við frummatsskýrslu Landsnets um BL3, jafnt sem og framkvæmdina sjálfa í heild. Okkur finnst of mikið ósamræmi vera á milli gagna um þetta blessaða verk sem og að ekki sé tekið mið af áleti og reynslu íbúa á svæðunum sem línan liggur um.

Áhrif línunar eru talin verulega neikvæð eða talsvert neikvæð í Kræklingarhlíð þar sem við búum og munu hafa afgerandi áhrif á framtíðar uppbyggingu okkar á jörðinni, jafnt með tilliti til búskapar sem og ferðaþjónustu. Við leggjum alfarið á móti því að loftlína verði lögð yfir það jarðnæði sem við höfum til notkunar og leggjumst alfarið á móti því að þetta verk verði haldið áfrám fyrir en línur skýrast með ósamræmi og framtíðarstefnur bæði hjá stjórnvöldum sem og landsnet með framtíðar raflínur.

Þær athugasemdir sem hér fylgja eru fengnar frá Landeigendum og hagsmunaaðilum í Skagafirði og hafa að einhverju leyti verið heimfærðar á okkar svæði og einhverjum athugasemdum bætt inn.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðalínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrslu samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaáðstöðu en það er ekki gert**.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reyningunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu **efnisflutningaleiðum** í frummatsskýrslu né heldur **umfangi aukinnar umferðar**.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir **efnistökustöðum** og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggi frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efrbyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum

þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efribýggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efribýggðarleið ganga eftir.

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum** til **verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði**, **nokkuð jákvæð** og **verulaga jákvæð** yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskylt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins

staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhningsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögð Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efrabyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Ekki var haft samband við landeigendur í Hörgárbyggð, heldur þegar farið var í þessar „rannsóknir“.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagðar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsgöð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læk/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.” Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mül keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggðar vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðair slóðar eru ekki í

Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng. Með tilliti til ferðaþjónustu sem er ört vaxandi atvinnuvegur á Íslandi í dag þá eru loftlínur algjört eitur í augum ferðamanna og mun hafa talsvert neikvæð áhrif á þá ímynd landsins sem við höfum verið að markaðssetja fyrir ferðamenn í gegnum tíðina

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efrabyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efrabyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgveirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Vatnafar

Vatnsvernd

Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands

vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vástategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð “staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri”. Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður. .

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efrabyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnum á landbúnaðarjörðum.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áðurnefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðaþjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet¹. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Eins og segir í áðurnefndri sérfræðiskýrslu:

Útivistarfólk og ferðafólk (að mati ferðaþjónustuaðilanna) laðast að útivistar- og ferðamannasvæðum/stöðum til að upplifa

¹ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðaþjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

ákveðna stemningu og hughrif. Dvölin í náttúrunni skapar vellíðan. Fólk segist t.d. gleðjast yfir fegurð landsins, finna fyrir frelsi og létti yfir lausninni frá áreytinu sem fylgir hinu daglega lífi og sumir fáí ögrandi tækifæri til að glíma við aðstæður og reyna færni sína. Eftir samvistina við náttúruna segist fólk finna fyrir endurnýjun á líkama og sál og betur í stakk búið til að takast á við daglegt líf.

Fyrir marga rekstraaðila ferðapjónustu þýðir Blöndulína 3 mögulegt efnahagslegt tap. Það viðhorf er því ráðandi hjá 97% viðmælenda að finnast Blöndulína 3 ljótt og eyðileggjandi fyrirbrigði í ferðapjónustu- og útivistarlandslaginu og það kallar xi fram almennar neikvæðar kenndir gagnvart henni.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efrabyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- of rekstartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Eins og segir í áðurnefndri sérfræðiskýrslu:

Fólk talar fyrst og fremst um sjónræn áhrif línunnar, eins minnst fólk á rafsegulmengun og háværan og leiðigjarnan hvin sem fylgir háspennulínum og minnir stöðugt á rafmagnsflutninginn. Það grípur til orða eins og sjónmengun, skrímsli, alien og skelfilegt eða hræðilegt lýti til að lýsa áhrifum Blöndulínu 3 á það landslag sem þeir dvelja í sem útivistarfólk eða gera út á sem ferðapjónustuaðilar.

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.” Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásynd, ferðapjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllst


Einar Kr Brynjólfsson og Inga Björk Svavarsdóttir
Mið –Samtún
601 Hörgárbyggð

Einar Kr Brynjólfsson, Bændi, landsögumaður

*Inga Björk Svavarsdóttir, Ferðamálafræðingur, landsögumaður,
bændi*

Blöndulína 3 (220 kV)
Mat á umhverfisáhrifum.
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu

Dagsetning: 1.maí 2012



Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

1. Ósamræmi við matsáætlun

Hér á eftir eru tilgreind fjölmörg atriði þar sem misræmi er milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaástöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínun verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðalínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets, nú er ekki lengur um að ræða endurnýjun byggðalínunnar heldur nýlagning í gegn um Skagafjörð til að flytja rafmagn milli framleiðenda og notenda fjarri Skagafirði.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu. Þrátt fyrir ofangreind svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar er **sá valkostur að leggja jarðstreng ekki borinn saman við þann valkost að leggja línuna sem loftlínu**. Framkvæmdaaðili ber fyrir sig að um misskilning sé að ræða. Hér er bent á að ég og fleiri sem gerðum athugasemdir við tillögu að matslýsingu skildum svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar sem svo að jarðstrengir yrðu teknir til mats sem valkostir. Í svari framkvæmdaaðila er enda talað um að nauðsynlegt sé að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs og þar sem um er að ræða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda þá þótti ljóst að jarðstrengur yrði tekin til mats sem valkostur.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað

tugi ára.

Vakin er athygli á því að í umfjöllun um kosti bls. 36 er greint frá því að endurnýja þurfi núverandi 132 kV tengingu Blöndulínu 2 „með einhverjum hætti innan fárra áratuga en óljóst er með hvaða hætti það verður gert“. Er þetta nefnt í því sambandi að þetta séu gild rök fyrir því að Blöndulína 3 fylgi ekki núverandi línuleið. Hér er hins vegar spurt hvort að ætlunin sé að endurnýja Blöndulínu 2 innan fárra áratuga og auka þar með umfang hennar og eftir það liggi t.d. um Skagafjörð tvær línuleiðir með tilheyrandi áhrifum á sýnileika? Hér er einnig spurt hvort að ekki sé mögulegt að endurnýja Blöndulínu 2 nú og auka flutningsgetu hennar í núverandi línustæði og seinka á móti nýlagningu Blöndulínu 3 um nokkra áratugi?

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að áform um Efribyggingarleið ganga eftir.

Almennt

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum** til **verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulega jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!** Umfjöllunin er úr inngangskafli 1.5.3 *Hugsanleg áhrif* en umhverfismatið og þeir þættir sem þar eru skoðaðir eru til umfjöllunar í kafla 6. um að hugsanlega og mögulega og kannski verði allir hlutir jákvæðir ef þetta eða hitt gerist! Gerð er alvarleg athugasemd við alla umfjöllun í kafla 1.5.3 *Hugsanleg áhrif*. Öll umfjöllun þar er sett fram án þess að hægt sé að vísa í heimildir og sem dæmi má efa það stórlega að fjölgun starfa geti talist umhverfisáhrif í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda.

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskilyrt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Á móti má líka velja fyrir sér hver áhrif línunnar verði á atvinnurekstur á línuleiðinni, t.d. á uppbyggingu ferðaþjónustu, eflingu landbúnaðar og lífræns búskapar.

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhiringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt

Þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribbyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnlustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribbyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkni, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar Skagafjarðar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/ jarðstreng á Efribbyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

132 kV spenna/ 220 kV spenna

Umfang Blöndulínu, mastrastærð og rök framkvæmdaraðila fyrir því að ekki sé hægt að leggja línuna sem jarðstreng byggja á því að línuna þurfi að byggja fyrir 220 kV spennu. Engu að síður kemur skýrt fram í gögnum framkvæmdaraðila að línan eigi að vera á 132 kV spennu þar til spennan verður hækkuð „síðar meir“. Gerð er athugasemd við að áformuð sé umfangsmeiri framkvæmd heldur en þörf er á með vísun í óljósar fyrirætlanir um að síðar meir þurfi að hækka spennu vegna einhvers sem mögulega gerist einhverntíman einhversstaðar. Óskað er eftir því að þetta verði skýrt og vísað í þarfagreiningu sem skýrir umfang framkvæmdar auk þess að tengja umfjöllunina við rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma og áform um uppbyggingu stóriðju.

Með því að leggja Blöndulínu 3 með lægri spennu væri ódýrara að leggja línuna sem jarðstreng og þar með draga úr neikvæðum áhrifum, t.a.m. á ásýnd. Línulögn með fram þjóðvegi myndi einnig draga úr raski.

Í þessu samhengi er bent á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun

stendur: „Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að fram komi upplýsingar m.a. um hversu lengi áætlað sé að línan verði rekin á 132 kV spennu.“ Gerð er athugasemd við að ekki sé orðið við óskum Skipulagsstofnunar um að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að ekki koma fram upplýsingar um hversu lengi línan verður rekin á 132 kV spennu.

Línuleið

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribygðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribygð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagningar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er ósættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Erfitt er að sjá hvar áformað er að gera slóða þar sem það er sýnt á myndum 2-6 í myndahefti. Þessi myndkort eru sett fram í mælikvarða þar sem nær ómögulegt er að sjá hvar leggja á slóða og hvar ekki. Til að mynda mætti lesa út úr þessum myndum að engar slóðir eigi að leggja þar sem línan fer um land Mælifellsár á Efribygð en þeirri spurningu er þá um leið ósvarað hvernig komast eigi að línunni! Eins er oft erfitt að sjá hvar slóðir eigi að vera og hvar ekki með fram allri línuleiðinni.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjallendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsgöð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læk/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.“ Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og möl keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Lýsing valkosta

Á bls. 39 er Héraðsvatnaleið og Efríbyggðarleið lýst og talað um að þær greinist frá Kolgröf en annars staðar er miðað við Kirkjuhól og er talað um að þar muni mögulegt tengivirki rísa. Hver er skýringin á þessu ósamræmi.

Myndasería bls. 32 – 35

Gerð er athugasemd við tilgang þess að sýna myndir af dæmum um „almennar aðstæður þar sem fyrirhugað er að leggja slóðir á línuleiðinni“. Verulega óljóst er hvaða tilgangi þessi myndasería þjónar enda er ekki sýnt á myndunum hvar slóðir eigi að liggja þar sem myndirnar eru teknar, tilhögun þeirra eða annað sem skiptir í raun máli.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð. Hins vegar er mikið gert úr því að það sé ókostur við jarðstrengjalögn að þá þurfi að gera slóða með fram allri strenglöggninni. Ekki er hægt að sjá í frummatsskýrslunni í hverju þessi munur liggur.


Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggja fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggja ekki fyrir. Ekki liggja fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Stofnun Sæmunda fróða um sjálfbæra þróun vann fyrir Landsnet rannsókn þar sem sannprófað var mat á umhverfisáhrifum fyrir Sultartangalínu 3¹. Í kynningarglærum á vef Skipulagsstofnunar úr erindi sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson hélt má sjá myndir af Sultartangalínu og slóðum sem henni fylgja og á vef Landsnets má sjá ýmsar myndir af slóðgerð tengdri línulögnum. Af myndunum af dæma er umfang slóðagerðar oft talsvert en í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggðar vegur.

¹ Sjá [http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur/\\$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur.pdf](http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur/$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur.pdf)



Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Núllkostur

Í umfjöllun um núllkost er sagt að ef fallið sé frá lagningu Blöndulínu 3 verði erfitt að þjóna aukinni orkuþörf byggðar og atvinnulífs... í nánustu framtíð í þessum landshluta þar sem núverandi flutningskerfi er fulllestað. Gerð er athugasemd við að Blöndulína 3 sem eini möguleikinn til að auka flutningsgetu um héraðið. Þá er gerð athugasemd við að gerð Blöndulínu 3 sé sögð brýn fyrir þennan landshluta enda engin áform uppi þar sem knýja á um gerð Blöndulínu 3.

Skipulag

Í kafla um skipulag er sagt að Blöndulína 3 sé í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaganna á svæðinu sem mörkuð sé í gildandi aðalskipulagi eða skipulagstillögum. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur ekki verið staðfest og í þeirri tillögu sem til umfjöllunar er hefur skipulagi verið frestað á þeirri leið sem tveir valkostir eru settir fram. Þar er því engin háspennulína inni á skipulagi og þarf að auglýsa breytingu á skipulagi til að setja hana inn. Æskilegt er að þetta komi fram. Fyrirliggjandi tillaga að Aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð hefur ekki verið staðfest af ráðherra.

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í áliti hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlaða fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Minnt er á að í matsáætlun stendur: „Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri línuleiðinni eða að hluta til), kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu.“ Er hér óskað eftir því að þessi samanburður verði gerður fyrir alla línuna eða hluta hennar, í stað þess að einungis sé fjallað almennt um jarðstrengi og loftlínu eins og gert er í kafla 3.3 í frummatsskýrslu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012 og skal ráðherra flytja á Alþingi skýrslu um starf nefndarinnar fyrir 1. Október 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en /verði frestað þar til stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Athugasemd um heimildir

Í kafla 3.3.2, mynd 3.4 í frummatsskýrslu er sýnd almenn skýringarmynd um framkvæmdakostnað vegna lagningu jarðstrengja og loftlína miðað við flutningsgetu og spennu. Bent er á að ekki er vísað til heimildar um hvaðan þessar tölur koma. Lesanda er því ekki gert ljóst við reynslu hvaða landa er miðað í þessum samanburði. Ekki er vísað til heimilda fyrir mynd 3.4 og þá mynd er ekki að finna í þeim heimildum sem getið er í heimildaskrá frummatsskýrslunnar. Er þetta byggt á innlendri reynslu eða reynslu erlendis frá og að hve miklu leyti er hægt að yfirfæra þá reynslu yfir lagningu Blöndulínu 3?

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.” Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Óljós tilgangur umfjöllunar um 400 kV strengi

Í kaflanum um jarðstrengi er fjallað um 400 kV strengi en ekki er hægt að átta sig á hvers vegna það er gert í tengslum við framkvæmd þar sem nota á 220 kV strengi. Óljóst er hvers vegna valið er að fjalla um jarðstrengi eins og um sé að ræða fræðslufyrirlestur án tenginga við framkvæmdina sem um ræðir.

Viðgerðartími jarðstrengja

Mikið er gert úr því í umfjöllun um jarðstrengi að viðgerðartími jarðstrengja sé langur og vísað í erlenda reynslu frá Nýja Sjálandi þessu til stuðnings. Áhugavert væri að vita hver viðgerðartíminn á loftlínunum er á Nýja Sjálandi því vera kann að viðgerðartími á loftlínunum sé yfirhöfuð lengri á Nýja Sjálandi en á Íslandi af einhverjum ástæðum. Þá væri einnig áhugavert ef vísað væri í tölur um innlenda reynslu af jarðstrengjum. Engin önnur dæmi eru tekin um viðgerðartíma jarðstrengja en frá Nýja Sjálandi.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Helgunarsvæði

Bent er á að helgunarsvæði háspennulínu sem loftlínu er 40-75m á meðan helgunarsvæði jarðstrengs yrði 10-12 m skv. uppl. úr frummatsskýrslu.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribýggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert neikvæðum áhrifum einstaka bæi á Efribýggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgeirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háabrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljósmyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti. Slóðagerð mun hafa töluverð áhrif á sýnileika framkvæmdarinnar sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þá er gerð athugasemd við hversu mikill munur er á þeim landssvæðum og þeim skala sem þau eru sýnd á framangreindum myndkortum. Til að mynda má glögg sjá á mynd 21 úr Öxnadal hversu áberandi línán mun verða í nærumhverfi sínu á meðan stærð landsvæðis og áhrif frá þeirri lofthæð sem ljósmyndin er tekin fyrir myndir 15 og 16 gerir það að verkum að línán sýnist lítilfjörleg.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði sem er eitt af helstu kennileitum svæðisins og vinsæll staður til fjallgöngu.

Efribýggðaleið

Í umsögn um Efribýggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribýggðaleið muni línán ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línán frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Áhrif mastra á sýnileika

Þann 29. mars 2012 hélt Landsnet opinn kynningarfund um rekstrarumhverfi fyrirtækisins og framtíðarþróun raforkuflutningskerfisins². Þar hélt Íris Baldursdóttir deildarstjóri kerfisstjórnar Landsnets erindi þar sem fjallað er um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd. Á einni kynningarglærunni er fjallað um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd:

Sérstök áhersla er lögð á að framkvæmdir við uppbyggingu og viðhald flutningsvirkja falli sem best að náttúrunni og valdi sem minnstum sjáanlegum og varanlegum áhrifum á náttúruna og umhverfið.

Athugun á nýjum mastragerðum

- Áhersla á minni sýnileika mastra sé þess kostur
- Samstarf við Statnett í Noregi um þróun nýrra mastragerða




Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línán muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribýggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna. Fyrirhugað er að nota masturgerð sem eru að meðaltali 23m há stálgrindarmöstur með mun meiri sýnileika heldur en t.d. möstur sem eru sýnd


² Sjá <http://www.landsnet.is/landsnet/upplýsingatorg/fundir/opinnkynningarfundur/>

á myndinni hér fyrir ofan sem Íris sýnir í kynningu sinni, og einnig með mun meiri sýnileika en t.d. möstur sem fyrirhugað er að nota fyrir Sv-línur eins og sagt er frá í matsskýrslu fyrir þá framkvæmd.³ Hér að neðan má sjá mynd 2.32 úr umhverfismati fyrir SV línur. Þar er sett inn möguleg hæð mastra.

Þar fyrir neðan er mynd úr frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3,



Mynd 2.32 Möstur fyrir 220 kV háspennulínur. Vinstra megin er frístandandi röramastur, í miðjunni er stagað M-mastur úr stálgrind og til hægri er stagað M-mastur úr stálrörum.



Mynd 2.2 Stagað M-mastur án jarðvirseyrna (efst til vinstri) og með jarðvirseyrum (efst til hægri), frístandandi mastur, fjórfötungur (miðmynd til vinstri) og fjórfötungur með jarðvirseyrum (miðmynd til hægri), stagað súlnhorn (neðst). Meðalhæð mastra er um 23 m.

³ Matsskýrsla fyrir Suðvestur línur.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra.

Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Nýverið var haldin hugmyndasamkeppni á vegum Landsnets í samstarfi ið Statnet í Noregi. Hér er lögð fram sú spurning hvort að þær útfærslur sem þar komu fram geti hentað til að draga úr sýnileiki háspennulínunnar á þeim stöðum sem ekki er hægt að leggja hana sem jarðstreng.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribbyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við áformaðar mótvægisáðgerðir vegna Vatnafars. Mótvægisáðgerðirnar eru allt of almennt fram settar, erfitt verður að sannreyna að þær hafi verið gerðar: „lágmarka á risk á votlendi eins og kostur er“ og „Halda á öllu jarðraski í lágmarki“. Erfitt er að sjá að hægt sé að sannreyna þessar áðgerðir.

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vástategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð „staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri“. Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribbyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribbyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“.

Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnum á landbúnaðarjörðum.

Mótvægisáðgerðir

Í kafla um gróðurfar segir: „Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða þar sem endurheimt verður jafn stórt votlendi og tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir þá eru heildaráhrif á votlendi talin óveruleg.“ Hvergi í skýrslunni er gerð grein fyrir meintri endurheimt votlendis og því alveg óljóst hvort, eða hvar og hvernig, það yrði framkvæmt. Þá má benda á að erfitt er að meta árangur mótvægisáðgerða og hvort af þeim hefur orðið þegar þær eru settar fram á svo óskýran hátt að óvissa er um umfang þeirra, staðsetningu og tímasetningu er óljós.

Sínk

„Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áðurnefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðaþjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet⁴. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðaþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séu í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar**. Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

Fornleifar

⁴ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulína 3 – á ferðaþjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Fornleifarannsóknir

Í frummatsskýrslu stendur: „Við hönnun fyrirhugaðrar Blöndulínu 3, er tekið tillit til staðsetningar allra fornleifa og hættumats. Þannig er við ákvörðun á staðsetningu línumastra og vegslóða reynt eins og mögulegt er að sneiða fram hjá fornleifum en þessi niðurstaða fæst með því að samkeyra fornleifagögn samhliða hönnunargögnum. Niðurstaðan er sú að miðað við núverandi staursetningu þá er minnsta fjarlægð masturs að þektri fornleif um 30 m. Með hnitsettar staðsetningar á hverri þektri fornleif er síðan hægt að sneiða framhjá skráðum fornleifum við slóðagerð. Áhrif á fornleifar eru því talin óveruleg.“ Eins og fram kemur í skýrslu um fornleifarannsókn, er henni ekki lokið og því ekki hægt að fullyrða um áhrif línulagnarinnar á allar fornleifar á leiðinni. Gera verður þá lágmarkskröfu að tilskyldum rannsóknum sé lokið áður en matsskýrslur eru samþykktar.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- og rekstartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðabjónustu og útivist.

Grunnástand

Bent er á að aðalskipulag fyrir Skagafjörð hefur ekki verið staðfest og því er ekki hægt að segja að þetta og hitt sé í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifsvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með

uppgræðslu.

Útreikningar, raf og segulsvið

Í frummatsskýrslu eru sýndir „útreikningar á rafsviði og segulsviði umhverfis fyrirhugaða háspennulínu. Útreikningarnir eru miðaðir við eðlilegt rekstrarástand línunnar fyrir 220 MVA flutning frá Blöndustöð að Kífsá norðan við Akureyri“. Línan er hins vegar hönnuð fyrir um 560 MVA flutningsgetu þó línan verði rekin á 132 kV spennu til að byrja með. Farið er fram á að úrteikningar á rafsviði, segulsviði og hljóðvist miði við 560 MVA.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að í kaflanum um heildaráhrif og niðurstöðu sé sagt í kafla um **samfélag** að „Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og talsvert jákvæð en óbein á rekstartíma og geta orðið frá nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.“ Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við umfjöllun í kafla 6 um umhverfisáhrif en þar er enga umfjöllun að finna um atvinnuástand og vinnumarkað á svæðinu enda ekki einn af þeim umhverfispáttum sem teknir voru til skoðunar. Má enda benda á að hugsanleg jákvæð áhrif á vinnumarkað vegna hvers kyns framkvæmda geti ekki talist til umhverfisáhrifa þeirra. Umfjöllun í frummatsskýrslu um samfélag einskorðast við umfjöllun um ferðaþjónustu.

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásýnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllst

E. Kristján Gunnarsson

060653 5859.

*Valadal
Þuozafirði*

Skagafirði, 2. maí 2012

Skipulagsstofnun ríkisins,
Laugarvegi 166,
105 Reykjavík

Efni: Blöndulína 3 – umsögn um Frummatsskýrslu, mars 2012.

Vísað er til bréfs Landsnets dags. 21. mars 2012 þar sem vakin er athygli hlutaðeigandi á að fyrir liggur frummatsskýrsla að Blöndulínu 3 og að athugasemdum við skýrsluna skuli komið til Skipulagsstofnunar fyrir 3. maí n.k.

Undirritaðir landeigendur, sem hagsmuni eiga vegna fyrirhugaðrar byggingar og legu Blöndulínu um Skagafjörð, vilja geta þess í upphafi að frummatsskýrslan, eins og hún nú liggur fyrir, hefur tekið breytingum frá þeirri matsáætlun sem lögð var fyrir í desember 2008. Umfjöllun um fjölmörg atriði er nú gleggri heldur en áður. Undirritaðir landeigendur gerðu þá athugasemdir við matsáætlunina og er vísað til þeirra. Nú eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við frummatsskýrslu þá sem er til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun:

1. Framkvæmdaaðili, Landsnet, velur einhliða að vilja ekki ræða mögulega lagningu nýrrar línu í jörð. Frá því er greint að það sé andstætt stefnu fyrirtækisins að huga að lagningu jarðstrengs einkum við tiltekin skilyrði um spennu og fleira. Á þetta viðhorf er ekki fallist og því sterklega andmælt. Af lögum verður ekki ráðið að þannig skuli kostir við línulögn metnir. Meginrök skýrsluhöfundar fyrir þessari afstöðu er að gæta skuli hagkvæmni þegar í framkvæmdir er ráðist. Framkvæmdaaðili, Landsnet, ber því við að jarðstrengur sé 4-6 dýrari heldur en hefðbundin línulögn ofanjarðar. Þessi staðhæfing er ekki rökstudd með sannfærandi hætti.

Telji framkvæmdaaðili að jarðstengi skuli hafna á kostnaðarforsendum þá hefði verið viðeigandi að lagt væri fjárhagslegt (cost/benefit) mat á jákvæð/neikvæð áhrif þess að leggja loftlínu hvort heldur er um Efríbyggð eða Héraðsvötn. Í skýrslunni kemur fram að áhrif loftlínu sé allt frá **óverulegum til verulegra** á ýmsa þætti sem línulögnina varða. Hér er um huglægt mat að ræða og engin tilraun gerð til að leggja hlutlægt mat á beinan og óbeinan kostnað við framkvæmdina.

Þá verður að teljast hæpið að framkvæmdaaðili taki svo afgerandi afstöðu gegn línulögn með jarðstreng, samtímis og á vegum iðnaðar- og umhverfisráðherra er unnið að stefnumótun um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem ber að taka tillit til þar um. Þess er að vænta að niðurstöðum þar um verði skilað í september n.k. Sjálfsagt virðist að mat á þeim jarðstreng sem hér um ræðir falli að þeirri

stefnumörkun sem er í deigluinni fremur heldur en að eindreginni afstöðu framkvæmdaraðila. Frummatsskýrsluna þarf að endurmeta m.t.t. þessa.

2. Höfundar frummatsskýrslunnar gera ekki upp á milli ágætis Efrbyggðarlínu og Héraðsvatnalínu og leggja þær algjörlega að jöfnu.sbr. það sem kemur fram í töflu 9.2. Svo virðist sem það sé eftirlátið heimamönnum að útkljá. Þá segir orðrétt:

„Valkostir í Skagafirði

Út frá fyrirliggjandi gögnum er það mat framkvæmdaraðila að valkostir línuleiðar um Efrbyggð og Héraðsvötn í Skagafirði séu tæknilega séð jafngóðir. Þeir komi því jafnt til greina sem framtíðarlínustæði fyrir Blöndulínu 3.

Helsti munur á leiðunum tveimur er sá að á Héraðsvatnaleið verður fyrirhuguð háspennulína meira áberandi frá fjölförnustu ferðaleiðum svæðisins, svo sem Þjóðvegi 1. Á Efrbyggðarleið verður meiri efnisþörf vegna slóðagerðar og gerðar masturstæða en meiri efnisþörf verður vegna flóðavarna á Héraðsvatnaleið. Að öðru leyti er talið að áhrif verði sambærileg.“

Eðlilegt er að beina þeirra spurningu til Landsnets hvora leiðina þeir kjósi enda byggist valið fullt eins á huglægum forsendum eins og hlutlægum.

3. Af gögnum og umræðum kemur fram að engin áform eru upp um að fjarlægja núverandi byggðalínu um héraðið. Sú lína liggur nærri húsum manna og verður naumast talin augnayndi. Skoðun og tillaga undirritaðra er sú, að að nýju verði kannað hvort nýta megi núverandi línu með styrkingu til þess að ná því marki sem að er stefnt þ.e. að auka flutningsgetu landskerfisins. Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um, hvort það sé fær kostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220kV í stað þess að reisa aðra línu samsíða. Sú afstaða að hvorki standi til að fjarlægja núverandi línu né sé möguleiki til að styrkja þá línu stendur í vegi viðleitni til sátta í þessu máli.
4. Sýnileiki nýrrar línu þvert á og um mitt héraðið, Blöndulínu 3, er mikill. Í matskýrslunni segir orðrétt:

*„Á Héraðsvatnaleið í Skagafirði liggur línan skammt sunnan Rangárvallalínu 1 frá Kirkjuhóli að Stokkhólma. Á þessari leið er línan á köflum áberandi frá bæjum og Þjóðvegi og gera má ráð fyrir **talsvert neikvæðum** en svæðisbundnum áhrifum. Einnig má gera ráð fyrir **talsvert neikvæðum** áhrifum frá Þjóðvegi 1 meðfram Héraðsvötnum áleiðis að Norðurárdal. Við Laugardal, Héraðsdal og Stokkhólma má gera ráð fyrir **verulega neikvæðum** áhrifum vegna nálægðar við línuna. Hér skal þó tekið fram að línustæðið í Héraðsvötnum liggur neðar í landinu en flestir Þjóðvegir og bæir sem hefur það í för með sér að línan ber að langstærstum hluta í land á þessari leið sem dregur úr sjónrænum áhrifum.“*

Landeigendur telja að mikil neikvæð sjónræn áhrif verði af lagningu línunnar því línan mun óhjákvæmilega bera við himin einkum þegar litið verður til norðurs framan

úr Blönduhlíð. Línulögn norður farvega Héraðsvatna hlýtur því að hafa verulega neikvæð áhrif fyrir marga sem um svæðið fara. Þá er algjörlega óviðunandi hvað lítið er gert úr neikvæðum áhrifum línulagnar fyrir Stokkhólma, bæi í Dalsplássi þ.e. Laugardal og Héraðsdal og mögulega aðra bæi sem liggja lágt. Athugun á þessu krefst mun betri umfjöllunar s.s. myndrænnar framsetningar á ágreinngsefninu, lýsingu á möstrum, slóðagerð og fleiru.

5. Hvað Stokkhólmabæinn snertir sérstaklega þarf naumast að benda á að „sjónmengun“ af línulögn vestan bæjarins á landamörkum Vindheima og Stokkhólma er grófleg. Á það skal minnt að austan bæjarins liggur núverandi Rangárvallalína. Eigi sú lína að standa til framtíðar hafa verið lagðar hásspenntar línur austan, norðan og vestan bæjarins.
6. Ferðaþjónusta er mikil og vaxandi atvinnugrein í Skagafirði. Ekki þarf að fjölyrða um að með lagningu jarðstrengs yrði dregið verulega úr neikvæðum áhrifum loftlínu á atvinnugreinina og er óumdeilt . Fjölmenn landsmót hestamanna eru t.d. haldin á nokkurra ára fresti á Vindheimamelum og tjaldstæði eru þá á sléttlendinu norðan Vindheimabrekkna. Ekki er vafi á að ný raflína mun valda sjónmengun og jafnvel hefta nýtingu svæðisins því tjaldsvæðið liggur að landamerkjum Vallholts og Vindheima og þar með að stæði nýrrar línu. Taka verður tillit til þessa.
7. Landeigendur Steinstaðahólma austan Héraðsvatna, hafa bent á að Hólminn sé algerlega ósnorið land og dýrmætt fyrir varpfugl og mögulega fuglaskoðun. Það land sem ætlað er undir nýja línu, þ.e. norðan frá og fram að Laugardal, er meira og minna samfellt svæði fugla. Gæsavarp er mikið í Steinstaðahólma en svæðið allt er verðmætt fuglum einkum að vori og á haustin. Mikilvægi þessa eru vanmetið að mati undirritaðra og ber að koma í veg fyrir að tjón verði unnið hér á af mannavöldum.
8. Loks skal bent á að lega nýrrar línu fer um verðmæt kornræktarland. Kornrækt fer vaxandi og þar með skerðist það land sem talið er einna best fallið til kornræktar í Skagafirði. Taka verður tillit til þessa.


Undirritaðir telja að frekari vinna þurfi að eiga sér stað áður en ákvörðun er tekin um lagningu nýrrar háspennulínu um byggðir og lönd landeigenda. Þeir lýsa sig fúsa til þess að greiða fyrir athugunum og rannsóknum á aðstæðum fyrir sitt leyti.

Virðingarfyllst,

Undirritaðir landeigendur Reykja :

Elin A. Sigurjónsdóttir
Jón Magnússon

**Blöndulína 3 (220 kV)
Mat á umhverfisáhrifum.
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu**



Dagsetning: 30 apríl .2012.

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum. Undirritaður er einn af eigendum Kolgrafar.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaástöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðalínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á samfélag verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um efnistökuástandi og gerð verði grein fyrir því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuástandi og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um óveður á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing

muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem sjálfstætt rit.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu ósnortinna víðerna eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um umferð á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang starfsmannaáðstöðu en það er ekki gert.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir útfærslu slóða í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á möstrum í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðustöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efribyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efribyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða

ferðabjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasiðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribygðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að t.d. áform um Efribygðarleið ganga eftir.

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!**

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskytt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegiandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögð Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribýggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa vfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr álit hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina. matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribýggð hafa alfarið hafnað línulögð um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribýggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribýggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribýggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.” Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og möl keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðir slóðar eru ekki í

Girðingar

Slóðar fara á fiölmörzum stöðum í geen um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Skipulag

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í áliti hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og

hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlaða fyrir viðkomandi skioulagstillögu. Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla vískonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélaguuppdrætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjárræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í Jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til Iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möglegum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.” Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efribyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgæisvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1.2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

Sýnileiki og Mælifellshníúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshníúks í Skagafirði.

Efribyggðaleið

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í mundahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa bannig tækifæri til að draga úr þeim.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og áðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vällistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur talsvert neikvæð áhrif á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribygðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglendi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðariörðum.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gæmuburmasa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áðurnefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðabjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverflismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðabjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet¹. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðabjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðabjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „Nokkuð jákvæð áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribygðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði

¹ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akurevrar – Blöndulína 3 – á ferðabjónustu og útivist. Gunnbóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála. 2009.

vrðu á framkvæmda- of rekstartíma línunnar. Fullvörðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðabíönustu og útivist.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint vrei hvar möstur vrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnittsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.” Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheiði.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhauzahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að ábían getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akurevrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásvind, ferðabíönustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar þegi að liggja.

Virðingarfyllst: *Kjmundur Þorsteinsson* *Gudugötu 27* *Reflavík*
150560-59407



FW: Fyrirspurn og viðbætur vegna Blöndulínu 3

Jakob Gunnarsson

to:

axel@mannvit.is, arnije@landsnet.is, haukur@mannvit.is, unnur@landsnet.is

03.05.2012 15:56

Hide Details

From: Jakob Gunnarsson <jakob@skipulagsstofnun.is>

To: "axel@mannvit.is" <axel@mannvit.is>, "arnije@landsnet.is" <arnije@landsnet.is>, "haukur@mannvit.is" <haukur@mannvit.is>, "unnur@landsnet.is" <unnur@landsnet.is>,

Hér er athugasemd og ábending frá Fornleifastofnun.

Kveðja

Jakob Gunnarsson

Sérfræðingur, mat á umhverfisáhrifum - EIA specialist

Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Laugavegur 166, 150 Reykjavík, Ísland - Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165

jakob@skipulagsstofnun.is

www.skipulagsstofnun.is

From: Elin [<mailto:elin@instarch.is>]

Sent: 3. maí 2012 12:50

To: Jakob Gunnarsson

Subject: Fyrirspurn og viðbætur vegna Blöndulínu 3

Góðan dag,

Fornleifastofnun Íslands sendir eftirfaandi vegna Blöndulínu 3.

Fyrirspurn:

Fyrirspurn Fornleifastofnunar snýr að því hvort Fornleifavernd ríkisins hafi fengið til umsagnar þær breytingar á Blöndulínu sem urðu eftir að fornleifaúttekt á línustæðinu var gerð. Línustæðinu hefur verið hnikrað til á nokkrum stöðum, oftast aðeins innan úttektarsvæðis en á einhverjum stöðum virðist línun liggja í jaðri eða jafnvel utan þess svæðis sem tekið var út. Sé sú raunin mætti ætla að jafnvel væri nauðsynlegt væri að fara aftur slík svæði og taka þau út. Til þess að hægt sé að meta slíkt þyrfti Fornleifaverndar ríkisins að fá öll nauðsynleg gögn til að stofnunin geti úrskurðað um hvort slíkt þurfi. Færsla línu hefur án efa talsverð felur líklega í sér nokkrar breytingar miðað við þá umfjöllun sem er að finna í upphaflegri fornleifaskýrslu t.d. um fornleifar á Grjóthaugahálsi.

Viðbót um Skútnasel:

Skútnasel var við aðalskráningu í Glæsibæjarhreppi talið á sama stað og Beitarhús Skúta (270:006). Um 215 m norðvestar eru hins vegar þúfnaraðir sem verið gætu útflattar leifar selsins og Pétur Karlsson frá Grjótgarði fann við vettvangsgöngur sumarið 2011 og benti undirritaðri á. Samkvæmt lýsingu eru þessar leifar á mörkum þess að vera ógreinilegar en þær eru um 160 m sunnan við línuna eins og hún var fyrst ráðgerð og líklega í því meiri fjarlægð frá nýju línustæði (er norðan við nýja línu) og er því væntanlega utan áhrifsvæðis línu í báðum tilfellum miðað við um 150 m frá miðlínu.

Kveðjur,

Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands ses

Sæl

Þú getur einfaldlega sent Skipulagsstofnun þessar ábendingar og fyrirspurnir sem við síðan komum til framkvæmdaraðila og þeir þurfa klárlega að svara að allt rask sem fylgi línunni verði örugglega innan

athugunarsvæðis þar sem línan var færð. Það er ágætt að fá þessa fyrirspurn sem fyrst og síðan metum við, í ljósi svara, hvort að ástæða sé til þess að leita til Fornleifaverndarinnar en hún hefur nú þegar gefið umsögn sína, sjá meðfylgjandi skjal.

Kveðja
Jakob Gunnarsson

Sérfræðingur, mat á umhverfisáhrifum - EIA specialist
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Laugavegur 166, 150 Reykjavík, Ísland - Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
jakob@skipulagsstofnun.is
www.skipulagsstofnun.is

From: Elin [<mailto:elin@instarch.is>]
Sent: 1. maí 2012 09:53
To: Jakob Gunnarsson
Subject: FW: Um Blöndulínu 3 og fornleifar

Sæll og blessaður Jakob

Hann Axel hjá Mannviti benti mér á að hafa samband við þig (sjá bréfaskriftir okkar hér að neðan). Ég heiti Elín Ósk Hreiðarsdóttir og vinn hjá Fornleifastofnun Íslands. Við sáum um fornleifaúttekt vegna Blöndulínu. Ég var í sambandi við Axel út af nokkrum smáatriðum varðandi skráninguna en mest þó vegna breytinga á línustæðum sem ég veit ekki alveg hvernig fóru í gegnum kerfið. Mig langaði sem sagt að grenslast fyrir um það hvort Fornleifaverndin hefði metið breytingarnar og hvort þær væru allar innan áhrifasvæðis. Axel benti mér á að tala við þig. Þar sem við tókum þátt í rannsóknum fyrir línuna veit ég ekki hvernig eðlilegast er að bera sig að við viðbætur og fyrirspurnir. Gætir þú eitthvað aðstoðað mig við þetta?

Bestu kveðjur
Elín

From: Axel V Birgisson [<mailto:axel@mannvit.is>]
Sent: 27. apríl 2012 15:03
To: Elin
Subject: Re: Um Blöndulínu 3 og fornleifar

Sæl Elín og takk kærlega fyrir póstinn.

Ég held að þetta sé hið besta mál. Ég held að það sé líka best að þú sendir þetta á Jakob á Skipulagsstofnun sem ábendingu varðandi fornleifar, ég var búinn að heyra í honum um þetta. Það er gott að fá sem flestar upplýsingar um þessi mál og nauðsynlegt að þetta rati inn í matsferlið sem nú er í gangi.

Varðandi athugunarsvæðið þá minnir mig að það hafi rúmað allar breytingar sem gerðar voru á línunni en hvað varðar Hlífá og nágrenni þá stoppar línan við Kífsá en heldur ekki áfram eins og fyrra rannsóknarsvæði gerði ráð fyrir.

Bestu kveðjur,
Axel

Kveðja / Regards,
Axel Valur Birgisson
Fagstjóri umhverfismála
Discipline Manager of Environmental Services
Sími / Tel.: +354 4223051
GSM / Mobile: +354 8673067



www.mannvit.is / www.mannvit.com

From: "Elin" <elin@instarch.is>
To: <axel@mannvit.is>,
Date: 26.04.2012 09:52
Subject: Um Blöndulínu 3 og fornleifar

Sæll og blessaður

Frá því að ég skráði á Grjótgarði í Eyjafirði hef ég haldið sambandi við bændur þar, fyrst gamla bóndann og svo son hans, Pétur eftir að sá gamli lést. Sá yngri er mikill áhugamaður um fornleifar.

Hann hefur gengið mikið um svæðið og leitað að fornleifum og örnefnum. Hann hafði samband vegna Blöndulínu. Hefur kynnt sér línuna og fornleifar og er með einhverjar athugasemdir sem hann ætlar að senda inn til Skipulagsstofnunar.

Pétur fann á svæðinu þúfnaraðir sem líklega eru alveg útflött rúst. Þessu mætti gjarnan bæta við þó að það lendi ekki á línustæðinu. Eins hefði ég viljað bæta eins og einni línu við aðra fornleif á hálsinum. Aðalmálið er samt að línustæðið og þær breytingar sem hafa orðið á því. Mig langaði að forvitnast svolítið hjá þér.

Við ræddum þessar breytingar lítillega í árslok 2009 og þá var það trú okkar að þær væru oftast innan úttektarsvæðis en á einhverjum svæðum mögulega í jaðri eða jafnvel utan. Við lögðum til að breytingarnar væru bornar undir Fornleifavernd ríkisins sem tæki þá ákvörðun um hvort þyrfti að fara á vettvang á ný og töldum líklegast að það þyrfti í það minnsta á Hlífá. Ég var að spá í hvort þetta var gert. Eins er líka spurning hvort þess verði gætt að allt rask sem fylgir línunni verði þá örugglega innan athugunarsvæðis þar sem línun var færð upp að mörkum úttektarsvæðis?

Ef ég vill koma að lítilvægilegum viðbótum, er best að ég snúi mér beint til þín eða sendi þær til Skipulagsstofnunar?

Með fyrirfram þökk
Elín

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166,
150 Reykjavík

Akureyri, 3. maí 2012.

Málnefni:

Blöndulína 3 (560 MVA, 220 kV) - Athugasemdir við frummatsskýrslu Landsnets

1) Heildarsýn vantar.

Ekki er almennilega gert grein fyrir hvernig línan mun halda áfram frá Kífsá í gegnum eða framhjá Akureyri, útivistarsvæði Akureyringa í Hlíðarfjalli, Glerárdal, Súlumýrum, Kjarnaskógi og umhverfi þessara staða. Einnig þarf að komast með línuna framhjá Akureyrarflugvelli, sem bæði þarf ákveðið lágmarks öryggissvæði, bæði vegna loftlína og viðkvæmni mæli- og stjórnækja flugvallarins fyrir s.s. sterku segulsviði.

Það er frekar líklegt að framhald línunnar, sem loftlínu, muni mæta andstöðu margra Akureyringa, bæði vegna útivistarsvæðisins í Hlíðarfjalli, Glerárdal, Súlumýrum og Kjarnaskógi, þar sem hún yrði mjög áberandi á öllum þessum stöðum, bæði frá Akureyri séð og frá og á útivistarsvæðunum sjálfum.

Staðsetning tengivirkis á Kífsá.

Staðsetning tengivirkis á Kífsá er líka umhugsunarefni, ef fara á með öflugri línu norður Eyjafjörð vestanverðan í framtíðinni.

Verður þá Kræklingahlíðin þá öll undirlögð háspennulínunum, fram og til baka, í framtíðinni?

Kerfisáætlun Landsnets

Í kerfisáætlun Landsnets er gert ráð fyrir að tengja raforkukerfið (hringinn) frá Blöndu til Mývatns- / Þeystareykjasvæðisins eftir hálendinu (sunna dala og fjarða fyrir norðan) og tengja auk þess þvert yfir landið frá Norðurlandi til Suðurlands.

Þessu er ég hjartanlega sammála að það þurfi og eigi að gera til þess að tryggja rekstraröryggi dreifikerfisins.

Sú spurning vaknar; hvers vegna ekki að gera þetta bara strax?

Með þessu þyrfti sem minnst af viðbótar háspennulínunum að fara meðfram eða í gegnum byggð, eins og nú er fyrirhugað.

Staðreyndin er sú að ekki er þörf á að flytja allt þetta afl í gegnum þær sveitir sem ráðgert er að leggja línuna eftir, né á þessari háu spennu (220 kV).

Hinsvegar er þörf á að auka flutningsgetu á orku til Eyjafjarðar, en ég tel að það væri nóg að hafa þær línur 132 kV. Fyrsta viðbótarlínan gæti komið frá tengi-/Spennavirki við botn Eyjafjarðar, niður Eyjafjörð með 132kV jarðstreng, sem talinn er vera a.m.k. helmingi ódýrari (50%) en 220kV.

2) Útfærsla línu og áhrif hennar

Mjög óljóst er í frummatsskýrslunni hvernig línu fyrirhugað er að leggja. Margof kemur fram að um marka kosti sé að ræða varðandi; gerð mastra (turna), gerð víra og fjölda víra og mikill munur geti verið á kostnaði, gæðum og umhverfsisáhrifum.

Þrátt fyrir þetta er lagt mat á umhverfisáhrif og gerður samanburður á kostnaði við jarðstrengi. Hvernig er það hægt?

Möstur og fjöldi víra

Fram kemur í skýrslunni að ekki sé ákveðið hvort möstur (turnar) verði með jarðeyrum eða ekki. Er það s.s. ekki á hreinu hvort leggja eigi jarðstrengi með 3 fösum, eins og gert er annarstaðar í heiminum, þ.e. 5 vírar?

Spennujöfnun (og annar tilgangur jarðvíra)

Hvernig mun Landnet tryggja spennujöfnun mannvirkja (úr stáli eða öðrum málmi) og önnur hlutverk eða tilgang þessarra tveggja (2) viðbótavíra, sem sleppt var að leggja með eldri gerðum háspennustaura (út timbri)?

Er hugmyndin að setja jarðskaut við hvert mastur?

Hávaði

Það kemur skýrt fram í frummatsskýrslu að hávaði er mjög háður útfærslu línunnar, þátt fyrir það sýna útreikningar í skýrslunni að línan nái að valda 40 dB (?) hávaði í 50m frá línunni, í rigningu. Ekki er gert frekar grein fyrir forsendu útreikninga, þó fjöldi víra (leiðara) hafim.a. áhrif á hljóðstyrkinn, því er ekki ólíklegt að skýrslan miði við 3 leiðara en ekki 5 sem gæti allt eins verið niðurstaðan, og þá eru útreiknuð gildi röng, þ.e. allt of lág.

Háspennulínur sofa aldrei því skal miða við gildið 40 dB (skv. 724/208, viðmiðunargildi við húsvegg á milli kl. 23:00-07:00), en ekki 50 dB (?), eins og gert er í skýrslunni með tilvísun í sömu reglugerð, nr. 724/208.

Tekið skal fram að sama reglugerð gerir kröfu um að hávaði inni fari ekki yfir 25 dB(?) og auk þess að lækka megi þessi gildi um 5 dB (?), sé hljóðið ríkandi tónn eða högghljóð.

Sé þetta reyndin með háspennulínuna ætti að miða við 45 dB(?) við húsvegg og 20 dB(?).

Þetta þýðir að lína með þremur (3) leiðurum sé ekki nær íbúðarhúsum en 80-100 m (útreiknuð gildi utan grafs á mynd 8.7 í skýrslu).

Raf- og segulsvið

Áberandi er hver mikið er gert til þess að reyna að draga úr eða villa um hver áhrif raf- og segulsviðs frá háspennulínunni geta orðið.

Lína er sögð hönnuð til að geta flutt 560 MVA við 220 kV. Þrátt fyrir það eru gerðir útreikningar aðeins fyrir 200 MVA eða 35,7% af mögulegu afli.

Þar sem segulsviðið er í réttu hlutfalli við straum, þá er raunverulegt segulsvið 2,8 sinnum meira eða 280% af því sem gefið er upp.

Þar sem línan er sögð vera keyrð aðeins á 132 kV til að byrja með, og aftur er afl í réttu hlutfalli við straum, og miðað við að línur (strengir) geti flutt sama hámarksstraum og við 220 kV, þ.e. 2.454 A, þá verður flutningseta línunnar

336 MVA – mið við sama segulsvið, sem er áfram 2,8 sinnum hærra (280%) en útreikningar skýrslunnar gefa til kynna

Grunnviðmið skýrslunnar um segulsvið eru gildi skv. ICNIRP, en þau gildi eru ekki í nokkru samræmi við aðra viðmiðanir eða kröfur sem búið er að setja fram eða leggja drög að, sem m.a. er vitnað í, í skýrslunni.

Það er frekar algengt að núorðið sé miðað sé við að segulsvið frá háspennulínunum fari ekki yfir **0,4 til 3 μ T, í stað 100 μ T (allt að 250 falt lægra gildi).**

Í samræmi við þetta hafa þegar verið setta reglur á nokkrum stöðum í heiminum, stundum takmarkaðar við ákveðin sveitafélög eða borgir, sem krefjst byggingar- og viðvarandi viðverubanns á 200-400 metrum frá háspennulínunum eða allt að 400-800 breiðra belta þar sem línur fara um.

Af sömu ástæðu, til að taka ekki of mikið land, eru sumstaðar í heiminum gerðar kröfur um að háspennulínur sem eru ýmist allt að 110 kV eða 132 kV séu lagðar sem jarðstrengir.

Með kveðju,

Gauti Hallsson
Orkutæknifræðingur
Huldugili 62
603 Akureyri



Eiríksstöðum 25. apríl 2012

Til Skipulagsstofnunar.

Efni: Mótmæli vegna Blöndulínu 3.

Vegna kynningar á fyrirhugaðri Blöndulínu 3 vil ég sem landeigandi Eiríksstaða í Svartárdal taka fram að ég mun aldrei samþykkja að háspennulína sem fyrirhuguð er verði lögð í gegnum mitt land.

Guðmundur Valtýsson Eiríksstöðum
Guðmundur Valtýsson 541. Blönduós,
010851-2039.

Hörgársveit, 30. apríl 2012


Athugasemd við legu Blöndulína 3 við Garðshorn í Hörgársveit

Samkvæmt frumbóðnun á Blöndulínu 3 er fyrirhugað að hún liggji um land Garðshorns á Þelamörk í Hörgársveit. Í landi Garðshorns er afgirtur reitur sem nýttur hefur verið sem útvistarstæði af nokkrum fjölskyldum, bæði núverandi ábændum og afkomendum fyrirverandi ábónda. Reiturinn, sem fyrrum ábændur hafa á erfðaleigu, hefur verið friðaður fyrir beit í um 3 áratugi og er þar bæði skógrækt og gjófull þerjaland.


Fyrirhugað er að Blöndulína 3 liggji í jafri þessa reitis. Bæði línuvegur og mastur nr. 354 lenda að hluta innan girðingarinnar samkvæmt frumbóðnun línunnar. Mælst er til þess að svæðinu sem liggur innan girðingarinnar verði ekki raskað. Til þess þarf litlar breytingar á línuslóðum og um 20 m færslu á mastri 354 til suðausturs.

Á meðfylgjandi teikningu sést fyrirhugað lega línunnar og er girðingin sem umlykur reitinn merkt inn á teikninguna með rauðum lit. Einnig fylgir mynd af skjali sem var útbúið fyrir nokkrum árum vegna þinglýsingar.

Guðmundur Víkingsson, landeigandi í Garðshorni
Gunnar Frimannsson, fyrir hönd leigutaka



Frumhönnun Blöndulínu 3
Endanleg staðsetning mastra og slóða getur breyst.




- Ný 220 kV háspennulína
- Núverandi 132 kV háspennulína
- - - Nýjar slóðir
- Núverandi slóðir sem þarf að lagfæra

DATE/STAGES	April 2012
TYPE	DSH
PROJECT	
TERMINATION CODE	A3



BLÖNDULÍNA 3

YFIRLIT LÍNULEIÐAR


MANNVIT

NETLÍNUNUM	
VERNDAREIÐ	5.621.209
TEKINGIÐ	003
SKALA	

Skipulagssstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Árhvammi, 27. apríl 2012


Blöndulína 3

Ég undirritaður landeigandi Gils í Öxnadal geri hér með eftirfarandi athugasemd við frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar:

Á mynd 20 á bls. 23 í myndahefti frummatsskýrslunnar er mastur sýnt á vesturbakka Öxnadalsár í land Gils, þ.e. annað mastur frá vinstri á myndinni. Mastrið er á þeim stað sem ég vil að það sé alls ekki á, með tilliti til nýtingar á tünnum jarðarinnar.

Gerð er krafa um að mastrið færist suður fyrir girðingarhólfíð sem túnið er í, þannig að túnið rýrni ekki. Túnið í heild er lítið og því skiptir miklu máli að það sleppi alfarið við þá skerðingu sem hlytist af því risastórt raflínumastur komi á það.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Heiðmann Jósavínsson
Árhvammi, Öxnadal
601 Akureyri
Sími 462 6844

Skipulagsstofnun

Laugardalur 10. maí 2012

Laugavegi 166

105 Reykjavík

b/t Jakobs Gunnarssonar

Athygli skal vakin á eftirfarandi:

1. Fyrirhuguð er borun eftir heitu vatni og að mati Hauks Jóhannessonar jarðfræðings eru líkur til árangurs það miklar að farið yrði í vinnsluholu við brekkurætur suðaustur af bænum Laugardal. Í framhaldi af því hefur verið bent á að nýting þessa vatns myndi þjóna þar sumarhúsabyggð og lagningu hitaveitu á nærliggjandi bæi. Til þess að borun sé framkvæmanleg gengur alls ekki að hafa raflínu yfir eða í nálægð við borstað.
2. Nálægð raflínu eins og hún er á blað sett við bæinn Laugardal er gjörsamlega óásættanleg.
3. Athygli er vakin á að land suður með Héraðsvötnum er algjörlega ósnortið enda hefur til þessa verið bönnuð umferð um það.
4. Útsýni frá Laugardal norður yfir héraðið á sér vart hliðstæðu og það að ætla að spilla slíkri náttúrufegurð finnst landeiganda og öðrum íbúum svæðisins óásættanlegt.

Ég undirritaður tel ofangreindar ástæður nægan rökstuðning fyrir því að fallið verði frá þessum áformum. Sérstaklega vil ég ítreka þann rökstuðning sem getið er um í lið 1 um að hlunnindi jarðarinnar verði á engan hátt skert með einum eða öðrum hætti.

Ég undirritaður geri ekki athugasemd varðandi línulögn austur / vestur syðst í Laugardalslandi .

Í framhaldinu fer ég þess góðfúslega á leit við Skipulagsstofnun að hún sendi fulltrúa í Laugardal til að sjá þær aðstæður sem að ofan er getið um.

Beðist skal velvirðingar á því hversu seint þetta bréf berst en undirritaður fékk rangar upplýsingar um tímamörk.

Viðringarfyllst



Guðsteinn Guðjónsson

Skipulagsstofnun,
Laugavegi 166,
150 Reykjavík.

1. maí 2012

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu um lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar.

Góðan dag,

Ég undirrituð Gunnþóra Ólafsdóttir landfræðingur tók að mér að rannsaka möguleg áhrif lagningu háspennulínunnar Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar á ferðaþjónustu og útivist. Niðurstöðurnar birtast í skýrslu minni *Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðaþjónustu og útivist* sem framkvæmdaraðili á að byggja mat sitt á hvað þessa umhverfisþætti varðar. Við lestur frummatsskýrslu *Blöndulína 3 (220 kV) frá Blöndustöð til Akureyrar* kemur hins vegar í ljós að svo er ekki nema að óverulegu leyti. Mikilvægum upplýsingum og faglegum niðurstöðum á mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar er sleppt og allt bendir til að framkvæmdaraðili sé að gera tilraun til að gera mun minna úr neikvæðum áhrifum Blöndulínu 3 á umhverfisþættina ferðaþjónustu og útivist en vert er að gera grein fyrir í frummati. Ég mun gera grein fyrir þessu í eftirfarandi athugasemdum:

1.

Kafla 6.7.1. Grunnástand

- a) Í þessu kafla er miklum og mjög mikilvægum upplýsingum sleppt. Hér er tilgreint að auðlindin sem útivistin nýtir og ferðaþjónustan gerir út á er landslagið og náttúru- og/eða sögustemning (sem fer eftir því hvort um er að ræða náttúrutengda eða sögutengda ferðaþjónustu og útivist). Einnig kemur fram að ímyndin sem gert er út á áhrifasvæðinu er sama ímynd og fylgir ferðamannalandinu Íslandi – hin hreina fallega, ósnorna náttúra landsins. Skýrsluhöfundar sleppa hins vegar að greina frá þeirri mikilvægu staðreynd að ferða- og útivistarfólk upplifir landið í **gegnum** ímyndina. Hún er því mikilvægur hluti af eðli ferðamennskunnar og skapar aðráttarafl svæðisins fyrir ferðamennsku og útivist. Í gegnum þá hugmyndasíu leitar fólk á svæði sem fellur undir hennar hatt, skynjar svæðin sem farið er um, og notar hana til að skýra hvatann og væntingarnar til landslagsins og verunnar þar, sem og að lýsa upplifuninni og líðaninni í ferð og eftir ferð. Þannig sleppa skýrsluhöfundar að minnast á að sú staðreynd að landslagið sem á að bera Blöndulínu 3 beri ímynd um hina hreinu fallegu ósnortnu náttúru landsins skapar það svæðinu alveg ákveðið aðráttarafl. Ferðamenn og útivistarfólk ferðast um svæðið gagnert til að hverfa burt frá uppbyggingunni, umferðinni og amstri áreyti hversdaglífsins og komast út í náttúruna. Útivistin/ferðalag í sveitalandslaginu og í jarði þéttbýlis er sett í samhengi við gefandi samvist við náttúruna sem þar er að finna. Þar beinist athygli fólks að náttúrunni sem finnst á meðal uppbyggingarinnar s.s. landslaginu, snjónum, fjöllunum og þessu óhlutbundna s.s. fegurðinni og kyrrðinni og öðlast frið og ró. Örafín bera með sér hugmyndir um dvöl í mannvirkjalausri náttúru með tilheyrandi möguleika á einveru og kyrrð, frelsi frá áreyti og frelsi til að hreyfa sig að vild og reyna á sig og glíma við aðstæður. Þannig setur ímyndin upp baráttu á milli manns og náttúru sem gerir ferðina ævintýralega spennandi. Undirliggjandi er hvatinn að að öðlast endurnýjandáhrifin sem ferðalagi í náttúrunni fást. Skýrsluhöfundar nefna ekki að ímyndin sem gerir að verkum

að fólk hefur ákveðnar hugmyndir um hvernig náttúrulegt landslag lítur út og það er ímyndin sem skapar afstöðu til uppbyggingar á svæðum sem á að upplifa sem falleg og ósnortin. Þannig sleppa skýrsluhöfundar frummatsskýrslu að minnast á þá grundvallar niðurstöðu rannsóknarinnar að mikilvægast fyrir ferða- og útivistarfólkið á svæðinu (og það gildir um Ísland í heild sinni sem ber sömu ímynd) er að **komast út úr uppbyggingunni**; að komast út úr allri uppbyggingu sem minnir á iðnaðarumsvif mannsins **til að upplifa að það sé komið út í náttúruna**. Hér var mikilvægum upplýsingum um eðli ferðamenskunnar sleppt sem og hvað skapar svæðinu aðdráttarafl og sérstöðu í tengslum við hana.

- b) Í frummatsskýrslu er mikið gert úr því að Norðurlandi vestra gangi illa að halda í ferðamenn, að nýting gistirýmis svæðisins sé léleg, að áfangastaðir séu heimsóttir á leiðinni til Akureyrar, sem sé vinsælasti áfangastaður svæðisins. Slíkar upplýsingar gefa í skyn að Húnavatnshreppur, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur og Hörgárbyggð sé óspennandi ferðamannasvæði í sjálfu sér. Hér er því hnikkt á þeirri hugmynd sem hefur komið fram í óopinberum og opinberum gögnum að þetta svæði sé einfaldlega spennandi gegnum-keyrslu-svæði. Ekkert kemur hins vegar fram í frummatsskýrslu um að mjög mikil umferð ferðamanna fer um svæðið; að 100 þús gestir skrifuðu í gestabók þjónustumiðstöðvar ferðamanna í Varmahlíð sumarið 2009 og það er talið aðeins lítið brot af þeim fjölda fólks sem ferðast um svæðið. Ekkert er heldur fjallað um þá staðreynd sem kom fram í rannsókninni að rekstraraðilar í ferðaþjónustu í samvinnu við sveitarfélögin vinna að því hörðum höndum að sporna gegn þessari hugmynd með ýmsu móti t.d. með því að skapa svæðinu meiri sérstöðu og nýta sérkenni svæðisins og þannig fá ferðafólk til að stoppa lengur innan sveitarfélagana. Í þessu sambandi má nefna nýsköpunarverkefnið: *Söguslóð Vatnsdælasögu* sem er markviss aðgerð til að fá ferðafólk til að dvelja í Húnavatnshreppi með útgáfu sögukorts sem fylgir fólki á merкта staði í Vatnsdal og á Þingeyrum; *Sturlungaslóð* þar sem fólk er hvatt til að ganga um og nærast á umhverfinu og sögunni á sögufrægum stöðum Sturlungu í Blönduhlíðinni s.s. í Flataungu, Skeljungshöfða, Miklabæ, Örlygsstaði, Haugsnes, Róðugrund og Flugumýri. Þar næst má nefna stofnun 23 fyrirtækja samstarfshóp í hestaferðaþjónustu í Húnavatnshreppi og Skagafirði sem ætlar sér að nýta þann kost Húnavatnssýsla hve umhverfið er allt er opið fyrir hestaumferð og gefa ferðafólki tækifæri til að kynna lífinu í sveitinni, fara í smalamennsku á haustin, stóðréttir og fleira og þannig marka sér meiri sérstöðu í hestaferðaþjónustunni á erlendum markaði. Liður í þessu er á skipulagsdrögum í sveitarfél. Skagafirði er tillaga um að opna reiðleiðir frá Varmahlíð yfir Vatnsskarð um Víðimýrarland annars vegar og frá Sauðárkróki að Vindheimmelum með fram Hérðsvötnum hins vegar. Sú síðar nefnda mun tengjast núverandi reiðleið frá Vindheimmelum í farðarbotninn yfir Eggjar og þar með opna fjörðinn allan fyrir hestaumferð með tilheyrandi tækifærum. Síðan er verið að þróa fjallgönguferðamennsku í Íslensku Ölpunum (sem heimamenn kalla fjöllin á Tröllaskaga), en hugmyndin er að skipuleggja dagleiðir inn á skagann sem mun tengjast gististöðum í jaðri byggðar. Háskólinn á Hólum í samvinnu við sveitarfélögin vinnur að nauðsynlegri og kostnaðarsamri kortagerð. Tilraunir eru auk þess hafnar í skotveiðiferðamennsku fyrir kröfuharðan erlendan markhóp sem lengir ferðamannatímabilið í Skagafirði og í Hörgárbyggð um 2 mánuði. Það er að segja heimamenn eru með öll spjót á lofti til að vinna gegn 'gegnum-keyrslu-svæðis' hugmyndinni og búið er að hrinda í framkvæmd mörgum mótvægisáðgerðum gegn henni sem menn eru búinir að leggja mikla vinnu í og fjármagn. Hér hafa menn stóra drauma og eru fullir eldmóði. En ekkert af þessu kemur fram í frummatsskýrslu. Því má ætla að hér sé verið að notfæra sér hinar neikvæðu hugmyndir sem fara af svæðinu sem ferðamannasvæðis til að mála neikvæða mynd af aðdráttarafli svæðisins.

- c) Skýrsluhöfundar gera mjög illa grein fyrir þeirri ferðaþjónustu og útivist sem er fyrir hendi í sveitarfélögunum fimm og þar með gefa mjög rýra og ranga mynd af hvaða útivist og ferðaþjónusta fer fram í sveitarfélögunum og hver sérstaða hennar er í raun. Þar fyrir utan er mikið renneri á fólki á milli sveitarfélagana. **Hvað varðar Húnavatnshrepp** þá er ekki gerður greinarmunur á landnotkun útivistar og ferðafólks. Ekki er gerð grein fyrir því að reiðleiðir hestaferðaþjónustunnar liggja um og nýtir sér eftirtalda gististaði á öræfum: Áfanga, Galtárskála, Ströngukvíslarskála en á leiðinni sem liggur um þessa skála og mögulega í skálunum sjálfum sést til línunnar á hálsinum á milli Blöndudals og Svartárdals. Ekki var heldur gert grein fyrir að hestafólk dvelur á eftirtöldum stöðum í byggð: í Vatnsdal, Húnaveri (í munni Svartárdals), Dalmynni og á Þingeyrum. Ekkert er minnst á að hestaferðaþjónustan skipuleggur ferðir um svæðið í samvinnu við Íshesta eitt stærsta fyrirtæki landsins í hestaferðamennsku (ef ekki það stærsta) þar á meðal 3 daga hestaréttir í Víðidalstungurétt og Skrapatungurétt af því að svæðið er mjög opið fyrir hestaumferð og hestamenningin er landsþekkt á Norðurlandi vestra. Ekkert er talað um að útivistarfólk nýtir fjöllin í Skagafirði (Mælifell, Tindastól, Glóðafeyki) og Tröllaskagafjöllin til fjallgangna. Ekkert er minnst á sögutengda ferðamennsku þar á meðal Þingeyrar og nýsköpunarverkefnið Söguslóð Vatnsdælasögu sem heimamenn byggja miklar vonir við. Varðandi veiði þá kjósa skýrsluhöfundar að sleppa þeirri staðreynd að menn fara inn á vatnasvæðin á Eyvindastaðarheiði og Auðkúluheiði í til að veiða silung og skjóta gæs. Eins er silungur veiddur í Svartá frá bænum Hvammi og langt inn á Eyvindastaðaheiði. Allt þetta fólk dvelur í miklu návígi við Blöndulínu 3 og mögulega eygir línuna af öræfunum þar sem hún stendur uppi á hálsinum á milli Svartárdals og Blöndudals. Ekki er sagt frá því að heiðasvæðið í kringum Mælifellshnjúk eitt besta rjúpnaveiðisvæði á landinu og vannýtt auðlind, né er minnst á það að þekking og sambönd á erlendum veiðiferðamanna mörkuðum er til staðar. Skýrsluhöfundar segja heldur ekkert frá því að Blanda nýtur sérstöðu á erlendum mörkuðum vegna ósnortinnar náttúru sem laxinn er veiddur í og Norður-Atlantshafslaxinum sem er í útrýmingarhættu. Þessi lax finnst einkum á Norðvesturlandi Íslands og er aðráttarafl í sjálfu sér sem “the King of all fish.” eins og segir í kynningarbæklingi ferðaþjónustuaðlilans. Þeir sleppa líka að segja frá því að Svartá er markaðssett sem “the best kept secret in Iceland’s sport-fishery” vegna ósnortinnar náttúrunnar og kyrrðarinnar sem þar er. Og þeir minnst ekki orði á að samkvæmd sveitarstjóra Húnavatnshrepps að veiðin í ánum er afar mikilvæg tekjulind fyrir sveitarfélagið – veiðin skilar miklum tekjum sem dreifist á margar hendur. **Hvað varðar Skagafjörð** þá er fjallað um helstu reiðleiðir í byggð en skýrsluhöfundar sleppa að minnst á að hestafólk leitar burt úr umferð og uppbyggingu eins og fram kom í rannsókninni. Ekkert er minnst á skipulagðar ferðir Íshesta um Kjöl til Skagafjarðar, og mikinn uppgang í þeim efnunum. Alls 200 manns í 10 ferðum árið 2009 og 15-17 ferðir voru áætlaðar árið eftir. Allt þetta fólk ferðast um Eyvindastaðarheiði og um Kjöl þaðan sem línan mögulega sést. Staðbundið dvelja þeir í Galtárskála og Ströngukvíslarskála á öræfum en koma um Mælifellsdal og Gilhagadal í Skagafjörð og gista í Gilhaga eða Laufnúni við Varmahlíð. Minnst er á hvar flúðasiglingar fara fram en ekki er tekið fram að tekið er uppúr ánum við Villinganes gengt línustæðinu við Kjálka. Ekki er heldur minnst á að flúðasiglingar í Skagafirði eru eitt af trompum íslenskrar ferðaþjónustu. Áætlað er að 12 þús ferðamenn hafi farið í flúðasiglingar árið 2009 og búast má við að þessi tala hækki frekar en lækki ef tekið er mið af almennri aukningu í komum erlendra ferðamanna til landsins. Skýrsluhöfundar minnst heldur ekkert á að Akureyrarbær telur flúðasiglingar í Skagafirði til aðráttarafls bæjarins fyrir ferðamenn og að ferðamenn fara í skipulagðar dagsferðir frá Akureyri m.a. úr skemmtiferðaskipum. Ekkert er minnst á að markvisst er verið að fjárfesta í gönguferðaþjónustu eins og áður sagði (Íslensku Alþarnir, Sturlungaslóð), ekki er eitt orð um hvaða sögu- og menningartengd

ferðaþjónusta er stunduð á svæðinu og hvar hún fer fram, en safnið Glaumbær sem er staðsett mjög stutt frá fyrirhuguðu línustæði er einn fjölsóttasti ferðamannastaðurinn í Skagafirði með 25-30 þús gestum á ári. Ekki er minnst á að heimamenn í Skagafirði nýta svæðið frá Valadal að Haukagilsheiði, Mælifellsdal, Blönduhlíðarfjöllin, Kjálka, Eggjar og Skaga til rjúpnaveiða; túnin næst Héraðsvötnunum til gæsaveiða. Skíðamennsku og þar með gönguskíðamennsku er sleppt. Og einnig þeirri staðreynd að gert er út á jöklana á Tröllaskaga í skipulagðri þýrluskíðamennsku. Skýrsluhöfundar geta þess ekki að sveitarfélagið Skagafjörður hefur markað sér eigin stefnu m.a. um ferðaþjónustu í Skagafirði undir kjörorðunum “Gæði og Gleði” sem hefur að markmiðið að stuðla að klasamyndun í ferðaþjónustu, auka upplýsingagjöf um framboð vöru og þjónustu, hafa gæðamál í góðu lagi, auka menntun starfsfólks og síðan en ekki síst nýta og vernda það sem skagafirskt er (sjá heimasíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar). **Hvað varðar Hörgársveit og Akureyri** þá er ekkert verið að minnst á að á Akureyri er varafflugvöllur Íslands í millilandaflugi og 2. stærsti áfangastaður skemmtiferðaskipa á Íslandi sem áréttar mikilvægi svæðisins sem ferðamannastaður í Íslandi og þaðan fer fólk í dagsferðir í Skagafjörðinn (flúðasiglingar o.fl.). Lítillega er minnst á göngufólk og hvert það fer en mikilvægum upplýsingum er sleppt s.s. að skipulagðar eru um 60 styttri og lengri göngu(skíða)ferðir á ári innan sveitarfélagana. Leiðirnar liggja t.d. um fjöruferð um Gásir og gróðurskoðunarferð meðfram Glerá að árósum; inn að Trippaskál um Grjótárgil; á Staðarhnjúk eða inn í Barkárdal frá Möðruvöllum; frá Þelamörk uppá Krossastaðafjall; frá Þelamörk að Skíðastöðum um Krossastaðagil, Stórahjúk og Mannshrygg; frá Sesseljubúð á Öxnadalshéiði upp með Grjótá að Gilsárskarði, uppá Varmavatnshólaafjall, niður Vatnsdal og meðfram Hraunsvatni; frá Skatastöðum að Villingadal um Tinnárdal, Nýjabæjarfjall og Svardal. Auk þess eru skipulagðar s.k. giljagöngur um gil og fjöll Öxnadals, Hörgárdals og Skagafjarðar: Krossárstaðagil og Fossárgil; Bægisárgil; Glóppugil og Gilsgil; Stóra-Gil; Syðra-Tungugil og Ytra-Tungugil; Merkgil og Bólugil; og Grjótárgil og Myrkárgil. Skipulagðar fjallgöngur eru á: Súlur (og önnur fjöll Glerárdalshringsins), Krossastaðafjall, Staðarhnjúk, Tungnahryggsjökul, Hraundranga, Þverárhjúk, Þverbrekkuhjúk, Hólafjöll, Mælifellshjúk og Grasárdalshjúk í Skagafirði, auk hinnar árlegu 24x24 göngu, þegar 24 toppar Glerárdalshringsins eru gengnir á 24 klukkustundum. Ekki minnst skýrsluhöfundar á að heimamenn horfa hýru auga til Tröllaskagans en sérstaða hans á utanlandsmarkaði liggur í því að geta boðið uppá sömu aðstæður og menn fá í 4000 m hæð í Ölpunum. Allri umfjöllun um vélsleðaferðamennsku er sleppt en yfir 300 manns eru skráðir í Vélsleðaklúbb Eyjafjarðar. Sérstaða svæðisins fyrir þessa útivist byggist á auðveldu aðgengi að óbyggðum og opnu rými. Vélsleðafólk fer ýmist beint úr Glerárdal upp á fjöll eða keyrir Öxnadalinn og Öxnadalshéiði til að komast inn í Kaldbaksdal – aðalútivistarsvæði þeirra, þar sem allt er opið inn á hálendi. Jeppaferðamennsku er sleppt en jeppaferðamenn fara inn á hálendið t.d. um Kaldbaksdal eða Mælifellsdal í Skagafirði og eru því í miklu návígi við Blöndulínu 3. Ekkert er heldur minnst á að hafin er uppbygging á tilgátu-Gásum, lifandi þorpi rétt norðan við Akureyri þar sem fólki gefst tækifæri til að detta 400 ár aftur í tímann og komast í snertingu við lífið á þeim tíma. Markmiðið er að Gásir verði einn að megin ferðamannasegull Eyjafjarðasvæðisins. Eins kjósa skýrsluhöfundar að sleppa því að minnst á að sveitarfélögin Hörgárbyggð og Akureyri í samvinnu við önnur sveitarfélög Eyjafjarðar hafa unnið markvisst að uppbyggingu ferðaþjónustuklasa á Eyjafjarðasvæðinu sem stefnir á, með heilstæðu markaðsátaki að gera Akureyri að fjölskylduvænum ferðamannastað og tengja Norðurland alþjóðlegum samgöngum með bienu flugi frá Evrópu til Akureyrar. Allar þessar upplýsingar eru undanskildar í frummatsskýrslu Blöndulínu 3, sem er alvarlegt mál því það kemur í veg fyrir að fólk fái góða mynd af umferð ferða- og útivistarfólks. Þar fyrir utan og öllu alvarlegra er að þessar upplýsingar eru í flestum tilfellum undanskildar þegar kemur að matinu á

umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Má álykta að með því sé verið að slá ryki í augu fólks og gefa í skyn að landslagið sé ekki mikið nýtt af útivistar- eða ferðafólki.

2.

Kafla 6.7.2 Umhverfisáhrif

Framkvæmdaraðli nýtir þá aðferð að magnbinda áhrif Blöndulínu 3 á ferðaþjónustu og útivist og skipta áhrifunum upp í “nokkuð jákvæð áhrif”, “óveruleg áhrif”, “nokkuð neikvæð áhrif”, “talsvert neikvæð áhrif” og “verulega neikvæð áhrif” eftir því hve lengi ferða- og útivistarfólk dvelur við línustæðið, staðsetninu línunnar landslaginu og hversu langt og vel ferðamenn og útivistarmenn sjá. Áhrif loftlína telja þeir vera “*fyrst og fremst vegna sjónrænna áhrifa því þær breyta upplifun og útsýni þaðan sem þær sjást. Þannig dregur sýnileiki háspennulína úr aðdráttaraflí staða og tilfinningu fyrir óspilltri náttúru.*” (sjá frummatsskýrslu bls.47) Ekki er hins vegar tíundað nánar hvað í þessu felst. Við það geri ég alvarlegar athugasemdir. Með þessu er verið að gera of lítið úr áhrifum framkvæmdarinnar á ferðaþjónustu og útivist.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að Blöndulína 3 ber ímynd iðnvæðingar, minnir á heilsuspillandi áhrif og telst til uppbyggingar sem stríðir á móti því að umhverfið sem hún liggur um sé skynjað náttúrulegt. Það viðhorf er ráðandi hjá 97% viðmælenda að finnast Blöndulína 3 ljótt og eyðileggjandi fyrirbrigði í ferðaþjónustu- og útivistarlandslaginu og það kallar fram almennar neikvæðar kenndir gagnvart henni. Fólk talar fyrst og fremst um sjónræn áhrif línunnar, eins minnst fólk á rafsegulmengun og háværan og leiðigjarnan hvin sem fylgir háspennulínum og minnir stöðugt á rafmagnsflutninginn. Það grípur til orða eins og *sjónmengun, skrímsli, alien og skelfilegt* eða *hræðilegt* lýti til að lýsa áhrifum Blöndulínu 3 á það landslag sem þeir dvelja í sem útivistarfólk eða gera út á sem ferðaþjónustuaðilar. Framkvæmdin var því dæmd *skemmandi, eyðileggjandi og absurd* fyrir þá náttúrustemningu og upplifun sem dvölinni á annars að fylgja þegar menn virða fyrir sér, njóta, dást og drekka í landslagið/náttúruna/áfangastaðina með öllum skynfærunum í gegnum ólíka ferðamáta/útivist.

Það að er því ekkert um að ræða að hægt sé að tala um “nokkuð jákvæð áhrif”, “óveruleg áhrif”, “nokkuð neikvæð áhrif”, “talsvert neikvæð áhrif” og “verulega neikvæð áhrif” eftir því hve lengi ferða- og útivistarfólk dvelur við línustæðið eða staðsetninu línunnar landslaginu og hversu langt og vel ferðamenn og útivistarmenn sjá, þó það skipti vissulega einnig máli. Það er einfaldlega nóg að sjá línuna og vita af henni til að fá þessi neikvæðu áhrif. Þess vegna er einaldlega rangt að gera lítið úr áhrifunum með því að tíunda að það sé landslag fyrir aftan línuna sem dregur úr sjónrænum áhrifum, eða að línan standi við hlið annarrar línu eða að hún opni reiðleið. Neikvæðu áhrifin á stemninguna og upplifunina sem menn eru að sækjast eftir eru í meginatriðum þau sömu. Hún brýtur hana niður.

Framkvæmdin mun einfaldlega hafa í för með sér eyðileggingu á landslaginu sem hún liggur um – eyðileggingu á auðlind sem gert er út á í ferðaþjónustu og heimamenn nýta til útivistar – svo ekki sé minnst á möguleika komandi kynslóða til að nýta landið fyrir náttúrutengda og sögutengda ferðamennsku. Með línulögninni er verið að breyta gildi útivistar- og ferðaþjónustulandslagsins í sveitarfélögunum fimm með því að færa það úr hinu náttúrulega sveita- og óbyggðalandslagi yfir í uppbyggt iðnaðarlandslag. Eyðileggingin liggur í því að ferða- og útivistarfólk upplifir og setjur Blöndulínu 3 í samhengi við iðnað og stóriðju. Þar með brýtur hún niður náttúrustemninguna og gerir svæðið “ónáttúrulegt”. Þar fyrir utan, eins og fram kemur í rannsóknaskýrslu minni, menn hrökkva mjög auðveldlega úr þeim gír að hvílast og njóta náttúrunnar er ekki það ekki nýtt við matið á áhifum framkvæmdarinnar þær upplýsingar sem koma fram í rannsóknaskýrslu minni að það tekur dágóðan tíma fyrir fólk að kúpla sig út og losna við hugsanir sem fylgja daglegu lífi og fara í þann gír að njóta náttúrunnar og menn hrökkva mjög auðveldlega úr þeim gír ef eitthvað í umhverfinu minnir á manninn og umsvif hans í hinu daglega

lífi í þéttbýlinu sem menn eru að reyna að hverfa frá með útivistinni/ferðamenskunni. Því má ætla að fólk sem ferðast um sveitarfélögin 5 eftir framkvæmdina muni eiga mjög erfitt með að komast í þann gir að upplifa sig í náttúrunni og tengjast náttúrufrýrbærum þar á meðal.

Það er ámælisvert að línulögnin er ekki metin út frá neinni annari uppbyggingu en öðrum raflínum. Línulögnin stingur hins vegar í stúf við alla aðra uppbyggingu á svæðinu. Einnig er ámælisvert að ekkert er minnst á landslagsheildir og hvernig línan sker þvert yfir dali, firði og byggð ból.

Varðandi matið á áhrifunum á einstökum stöðum hef ég þessar athugasemdir:

a) Blöndustöð-Svartárdalur-Vatnsskarð að útsýnisskífu

Tekið er fram að fólk á leið inn og út af hálendinu verði fyrir talsvert neikvæðum áhrifum á upplifun sína ef það fer undir línuna. Ekkert er minnst á þá sem dvelja á hálendinu og sjá línuna þaðan bera við himinn úppi á hálsinum á milli Blöndudals og Svartárdals á 1 km leið og mögulega aftur á leið úr Svartárdal og uppá Vatnsskarð. Eins eru áhrifin ekki metin á þá sem koma norður Kjöl. Ég vil benda starfsmönnum Skipulagsstofnunar að kynna sér vel umferðina á bls. 44-50 í viðauka 5. Eins er ekkert minnst á að Kjálvegur er ansi fjölfarinn en 99 bílar fóru framhjá Blönduvirkjun á dag sumarið 2008 og 16 yfir vetrarmánuðina (Vegagerðin 2009. Tolumar sem her er vitnað í er meðaltal á ákveðnum vegkafla í báðar áttir í júní, júlí, ágúst og september (sumar) og desember, janúar, febrúar og mars (vetur)). Gera má ráð fyrir að mismunur talnanna séu ferðamenn. Fólk sem ferðast um óbyggðirnar gerir ráð fyrir að dvelja í mannvirkjalausri náttúru – að ekkert minni á manninn og umsvif hans. Eins þarf að minna á að kikir og myndavélar með aðráttarlínsnum er einn af algengum fylgihlutum ferðamanna og því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að fólk taki upp kíkinn á hálendinu einkum úppi á fjöllum og öðrum útsýnisstöðum, þar sem menn setja sig í stellingar að njóta útsýnisins og dást að því. Það gerir að verkum að línan mun sjást mun lengra að. Staðsetning Blönduvínu 3 á hálsinum á milli Blöndudals og Svartárdals mun færa iðnaðarlandslagið nær öræfunum á þessum slóðum það þarf að skoða og meta sérstaklega með tilliti til umferðar ferðafólks sem kemur fetar sig smám saman í áttina að Blöndudal, Svartárdal eða Mælifellsdal

Ekkert er minnst á áhrif framkvæmdarinnar á upplifun ferðafólks í Svartárdal utan veiði fólks sem þar dvelur staðbundið (sjá umferð í Svartárdal á bls. 51-53 í viðauka 5). Þannig er skautað fram hjá fleiri hópum sem dvelja í dalnum eða fara um hann inn eða út af öræfunum. Ekkert er minnst á bílaumferðina, en um veg 734 fóru að meðaltali 72 bílar á dag að Bergstöðum sumarið 2008, 33 fóru þaðan að Hvammi og 6 fóru þaðan inn á hálendið. Til samanburðar var vetrartraffíkin 25, 14 og 0. Skautað er algjörlega framhjá þeirri staðreynd að Svartá er markaðssett sem “the best known secret in Icelandic sports-fishery” og það sama má segja um sérstöðu Blöndu vegna Atlantshafs-laxins og ósnortinar náttúru. Ekkert er minnst á útsýnis- útskot á þjóðvegi 1 á leiðinni upp á Vatnsskarð og það sama má segja um útsýnisstaðinn á háheiðinni. Ekkert er minnst á bílatraffíkina en 1196 bílar fóru að meðaltali á dag frá Varmahlíð að veðurstöðinni á háheiðinni sumarið 2008 en 565 að vetri til. Mjög lítið er gert úr áhrifum Blöndulínu 3 á upplifun ferðafólks á ferðafólk í Svartárdal. Ekkert er tekið tillit til landslagsheildarinnar í leiðavali né er tekið tillit til sérstöðu svæðisins og aðráttaraflsins sem dalurinn hefur fyrir veiðiferðamenskun. Eða uppbyggingu sem fyrir er. Hér þverar línan ínan þverar hér dal þar sem önnur hver jörð er komin í eyði og alls ekkert í umhverfinu sem minnir á iðnað eða stóriðju.

b) Útsýnisskífa-Skagafjörður-Viðimýrarkirkja

Hér er of lítið gert úr áhrifum á upplifun ferðamanna frá minnisvarðanum og útsýnisskífunni með því að tefla því fram að línan muni vera við hæðir og fjöll. Það er nóg að menn sjái hana. Og hér sjá menn línuna vel. Aftur má minna á myndavélar og kíkja enda sérlegur útsýnisstaður og til þess ætlaður að menn drekki í sig og dáist að landslaginu. Ekkert er minnst á hver áhrifin verða á upplifun ferðamanna á og við Víðimýrarkirkju.

c) Efribýggðarleið

Ekkert er minnst á áhrif framkvæmdarinnar á þá sem klífa Mælifellshnjúk, né er gert grein fyrir áhrifunum sem hlýst af því að ramma fjallið inn á tvo vegu. Ekki er gert grein fyrir áhrifum á það sem dvelja staðbundið á tjaldstæðum á Bakkaflöt, en um 2000 gestir gistu þar í töldum sumarið 2008 sem er aðeins brot af þeim fjölda sem gisti á svæðinu. Lítið er gert úr áhrifum línunnar á flúðasiglinga sem hefur línuna eilíflega inni í landslaginu á meðan það dvelur hjá flúðasiglingafyrirtækjunum. Fyrir utan þá staðreynd að aðkoma í Skagafjörð er vinsælust um þjóðveg 1 þar sem Blöndulína 3 fylgir í Vatnsskarði, Norðurárdal og austur úr til Akureyrar. Þetta fólk er í raun ekki laust við línuna meðan það dvelur á vegum flúðasiglingafyrirtækjanna í Skagafirði nema rétt á meðan það siglir ána. Þetta á við allt ferðafólk sem kemur sömu leið og dvelur í miðhéraði Skagafjarðar.

Ekkert er gert grein fyrir áhrifum á útsýnisstað á Eggjum sem er notaður daglega af hestaferðaþjónustuaðilum, en línan þverar útsýnið þaðan. Ekkert er tekið tillit til þess hve Blöndulína 3 stingur í stúf við hina mjög svo takmörkuðu uppbyggingu sem er að finna á Eggjum.

Ekkert er tekið tillit til umferðar ferðamanna á bílum. Um Mælifellsdal óku 9 bílar á dag sumarið 2008, enginn að vetri. Um veg 752 óku 525 bílar á meðaltali á dag yfir sumartímann að veg 754 (vegur að Bakkaflöt og Steinsstöðum, og útivistarsvæðinu Miðaldaskógar og Stapi), þaðan 260 að Svartárdalsvegi og 121 þaðan í Austurdal. Til samanburðar var vetrartraffíkin en 265, 101 og 47 bíla á dag.

d) Héraðsvatnaleið

Hér er ekkert minnst á áhrif Blöndulínu 3 á ferðafólk sem gengur um söguslóð Sturlungu og á að lifa sig inn í fornöld, eða þá sem dvelja að Vindheimamelum hjarta hestaferðamennskunnar í Skagafirði en Héraðsvatnaleið rammar það svæði inn á 2 vegu. Ekkert er minnst á að hér fer línan samhliða nýju reiðleiðinni sem er á nýju aðalskipulagsdrögum. Ekkert er minnst á útsýnisskífu á Héraðsvatnabré. Og ekkert er minnst á alla bílatraffíkina eftir þessum vegi en 1707 bílar fóru að meðaltali á dag yfir Héraðsvatnabré sumarið 2008, en 756 á dag yfir vetrartímann. Of lítið er gert úr sjónrænum áhrifum Blöndulínu 3 með því að segja að hún beri við land mest alla leiðina – hún er þarna eilíflega inni í ferðaþjónustulandslaginu og sést. Það er nóg! Ekkert er minnst á veiðifólk sem fer til rjúpná í Blönduhlið og veiðir gæs á túnunum meðfram Héraðsvötnunum.

e) Norðurárdalur-Öxnadalsheiði

Hér er lítið gert úr áhrifum Blöndulínu 3 á þeim forsendum að hún liggja samsíða annarri línu og hún beri við land. Blöndulína 3 mun ekki gera neitt annað en að ýta enn meira undir iðnaðaruppbygginguna sem er hafin í Norðurárdal og gera stöðuna verri en hún er í dag. Núverandi lína er enn frek á athygli heimamanna eins og fram kom í rannsókn minni. Ef af framkvæmd Blöndulínu 3 verður mun sú uppbygging gera að verkum að iðnaðarmannvirki hreinlega taka yfir annarri hlið dalsins og vera hluti af nærlandslagi allrar ferða- og

útivistarmanna sem hér leggja sína leið. Um er að ræða fjölbreyttan hóp af fólki eins og fram kemur í viðauka 5 sem ekki er gerð grein fyrir í frummatsskýrslu, en þarf að gera það í smáatriðum. Ekkert er minnst á útskýnisstað í Norðurárdal gengt Krókárgerði né áninga- og útsýnisstaðnum Krókárdalsgil ofar í Norðurárdalnum þar sem er lítill foss og aðstaða til að borða nesti. Á þeim stað er línun í mjög miklu návígi við útivistar- og ferðafólk. Heldur ekkert er gert grein fyrir áhrifum Blöndulínu 3 á útivistar og ferðafólk sem hópast saman á hæsta punkti Öxnadalshéðar áður en lagt er af stað suður Kaldbaksdal eitt af meginútivistarsvæðum vélsleða og jeppafólks. Gönguskiðafólk fer einnig um þetta svæði, sem og göngufólk hefur ferð sína þarna um Grjótagjá og yfir í Hraun í Öxnadal.

f) Öxnadalshéði- Öxnadalur

Hér er enn talið draga úr áhrifum línunnar á þessu svæði fyrir það að hún beri við land. Þetta er einfaldlega rangt. Meðan línun sést hefur hún eyðileggjandi áhrif á upplifun ferðamanna og útivistarfólks með því að koma í veg fyrir að fólk komist út úr uppbyggingunni og minna stöðugt á sig með tilvist sinni. Ekki er gert grein fyrir umhverfisáhrifum Blöndulínu 3 á ferðafólk sem heimsækir og gengur um fólkvanginn Hraun í Öxnadal (göngufólk og gönguskiðafólk) sem einnig er talið til aðráttarafls Akureyrar og er mikið sótt þaðan, en áætluð lega Blöndulínu 3 er í beinni sjónlínun frá þessu náttúruverndarsvæði, í þröngum dal. Hér dvelja menn á náttúruverndarsvæði en hafa línuna stöðugt inni í fjarlandslaginu með tilheyrandi eyðileggjandi áhrifum á upplifunina. Ekki er tekið tillit til þess að fyrir framan Hraun er útsýnis-útskot á þjóðvegi 1 til að virða fyrir sér og dást að landslagi svæðisins.

Eins og kemur fram í viðauka 5 bls. 79 þá ferðast um þetta svæði fjölbreyttur hópur fólks. Sumir koma á vélsleðum, gangandi eða skíðandi austan að frá Hlíðarfjalli eða Glerárdlanum yfir í Öxnadal um Þverárdal. Þetta fólk mun hafa línuna í augnsýn á niðurléið þar sem hún þverar Þverárdalinn. Veidimenn í Auðnuhyl, einum af tveimur vinsælustu veiðisvæðum á svæðinu munu hafa línuna staðbundið í landslaginu sem þeir dvelja í og koma til hvort sem þeir koma frá Akureyri eða Reykjavík um þjóðveg 1. Í Bægisárdal þverar línun leið þeirra sem ganga Bægisárgil í svonefndum Giljagöngum, koma á gönguskiðum eða á vélsleðum ofan úr Glerárdal og blasir við þeim sem veiða í Hörgánni. Um Öxnadal var sumartraffíkin 2008 1565 bílar að meðaltali á dag og vetratraffíkin 650. Ekki er gerð grein fyrir áhrifum Blöndulínu 3 á þetta ferða- og útivistarfólk.

g) Þelamörk-Moldhaugaháls-Akureyri

Hér er gert lítið úr áhrifum á upplifun veiðimann í Hörgá sem komast ekkert frá línunni. Hún sést þaðan og það er nóg.

Að auki er ekkert er minnst á þá breytingu sem Blöndulína 3 boðar fyrir þjóðveg 1 – hringveginn í kringum landið, en nauðsynlegt er að taka hana með í reikninginn. Ef Héraðsvatnaleið yrði framkvæmd er ljóst að línun mun fylgja akandi ferðamönnum frá Vatnsskarði til Akureyrar og öfugt. Ef Efríbyggðaleið yrði valin kemur hlé í þá upplifun þangað til línun blasa við frá þjóðvegi 1 þar sem línun fer yfir Eggjar í mynni Norðurárdals. Endurnýjun byggðalínuhingsins á þessu svæði, Norðvesturland, boðar nýjan og neikvæðan tón og umhverfisbreytingu fyrir Ísland sem áfangastað ferðamanna. Hvað þá ef framkvæmdin verður fordæmisgefandi fyrir þær framkvæmdir sem á eftir koma í endurnýjun á byggðalínuhringum. Að færa byggðalínu úr tréstauroformi í stálmastraform er stórkostlega neikvæð aðgerð fyrir ferðafólk þar sem þeir, eins og kom fram í rannsókninni að gamla tréstaurlínun er nægilega þreytt og lágstemmd til að teljast til uppbygginu sem þeir leyfa í sveitalandslaginu. Annað mál er með Blöndulínu 3. Form hennar skítur langt yfir markið til að eiga heima í sveitalandslagi, hvað þá óbyggðalandslagi. Þannig mun

línan ganga á sérstöðu Íslands sem áfangastaður erlendra ferðamanna á erlendum mörkuðum með því að iðnvæða landslag hringvegarsins – lífæð íslenskrar ferðaþjónustu og útivistar.

Varðandi viðhorf hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og útivist

Hér geri ég athugasemd við að of mikið er gert úr meintum jákvæðum áhrifum Blöndulínu 3. Það er bent á að hestaáhugamenn á Akureyri ætla að falast eftir að nota línuveginn yfir Moldhaugaháls en skýrsluhöfundar sleppa að minnast að viðkomandi einstaklingur sagði í sömu andrá:

En náttúrulega yrði þetta pottpétt ekkert augnauyndi af þessu í landslaginu. Það náttúrulega...ég trúi því ekki að það finnist nokkrum manni. Ekki einu sinni held ég hjá Landsvirkjun. Mér finnst það ótrúlegt. (Útivistarunnandi á Akureyri – viðauki 5 bls. 86)

Hér er lýst hvernig stemningu línan skapar á leiðinni – en þeir komast jú yfir í Hörgárdal (á leið út úr uppbyggingunni).

Talað er um þær niðurstöður að margir viðmælenda líta á Blöndulínu 3 sem nauðsynlega fórn á krepputímum og það skapi jákvæða afstöðu til línunnar. En hafa ber í huga, sem frummatsskýrsluhöfundar gera ekki grein fyrir, að rannsóknin var framkvæmd um mitt ár 2009, rétt eftir hrun, og í þessum tilfellum eru viðmælendur ekki að dæma framkvæmdina út frá hagsmunum ferðaþjónustu og útivist, heldur undir þeim pólitísku formerkjum að þeir telja að Ísland hafi ekki efni á að setja línuna í jörðu á háalvarlegum krepputíma.

Skýrsluhöfundar frummatsskýrslu gera ekki grein fyrir því að það liggur í eðli ferðamenskunnar og útivistarinnar að útivistarfólk og ferðaþjónustuaðilar standa best vörð um hagsmuni sína með því að verja umhverfið gegn allri uppbyggingu eða athöfnum sem rýra möguleika útivistarmanna/ferðamanna á að skynja að þeir dvelja í “náttúrunni” eða “náttúrulegu umhverfi”.

Rangt er farið með þar sem talað er um að það sem skapar Blöndulínu 3 neikvæð viðhorf sé það helst að háspennulínur af þessari gerð séu mikil mannvirki. Það vissulega hjálpar ekki og það kemur fram í rannsókninni að þær draga til sín athygli í krafti stærðarinnar, en það sem skapar Blöndulínu 3 neikvætt viðhorf er að útivistar- og ferðafólk upplifir hana sem iðnaðarmannvirki – mannvirki sem kemur í veg fyrir að fólk skynji að þeir dvelja í “náttúrunni” eða í “náttúrulegu umhverfi”. Blöndulína 3 beinir huganum frá náttúrunni og þeim gir að vera að ferðast um náttúruna og að öðru – manninum og umsvifum hans sbr. þessi viðhorf viðmælenda til Blöndulínu 3.

Á bara manninn. Bara í sambandi við það þróunin um hvernig þetta er að verða. Að við erum alltaf að fara lengra og lengra með þessa hluti sem maðurinn þarf á að halda. En það er það sem mér finnst við hálendið að maður kemst í burtu frá þessum nútímaþægindum sem maður er alltaf með. Maður er bara með primusinn sinn og það bara dugar. Kannski er það bara svona Back to Basics. Svona aðeins aftur til fortíðar. (Útivistarunnandi í Skagafirði)

Þetta minnir bara á iðnaðarhverfi sko iðnaðarumhverfi það gerir það, sem er algjör andstaða við það sem verið er að selja. (Ferðaþjónustuaðili í Skagafirði)

Í frummati er því haldið fram að línan muni ekki hindra főr útivistarfólks eða breyta landnotkun heldur beina upplifunni í aðra átt. Einnig er haldið á lofti að hagsmunaaðilar telja ólíklegt að framkvæmdin muni valda skaða á starfsemi ferðaþjónustuaðila þó svo að upplifunin verði önnur. Ástæðan væri að fólk hefði mikla aðlögunarhæfni og reynir að gera gott úr aukinni uppbyggingu.

Þetta voru vissulega viðbrögð sem komu fram í rannsókninni minni en hér er ekki er öll sagan sögð. Öll þessi viðhorf koma frá fólki sem hefur **ekki** reynslu af viðbrögðum ferðafólks við háspennulínum á náttúrulegu svæði. Þeir sem hafa reynslu af þeim höfðu allt aðra sögu að segja og í fullkomnu samræmi við eðli náttúrutengdrar ferðamennsku:

Það bara truflar, það skemmir listaverkið Ísland. Við getum horft á náttúruna sem listaverk og svo kemurðu með svona strik yfir listaverkið og eyðileggur það. Svona í einfaldri mynd þá lit ég á þetta þannig. ...Lína er, við getum séð hvernig þetta er þegar við erum að koma yfirKjöl og riðum inn í línurnar fyrir ofan Gullfoss. Þetta er áfall fyrir fólkið. ...Þetta er eins og slá fólkið í andlitið. Hestafólk og göngufólk og allt þetta fólk sem er uppi á hálendi, allt í einu er það tekið úr þessari paradís sem fjöllin eru og minnt svona rækilega á að það er komið að ferðalokum. (Ferðapjónustuaðili í Skagafirði, viðauki 5, bls. 89)

Ástæðan er sú að uppbyggingin brýtur niður baráttuna á milli manns og náttúru sem ímyndin stillir upp – menn eru komnir til að ‘kljást við aðstæður’ og reyna á sig sbr. þessi umæli útivistarunnanda sem einnig vísað er í frummatsskýrslunni:

Ég held að menn láti þetta ekki hafa áhrif á sig. Það er eins og með þetta virkjanabrölt á hálendinu að þó svo að menn séu ekki hrifnir af þessu en þá þá hérna þá notum við stundum brýnnar og svona í staðinn fyrir að fara yfir árnar. Það léttir stundum hjá okkur. En við erum ekkert í jeppamennsku til að hafa þetta eitthvað auðvelt sko. Annars getum við bara keyrt innanbæjar ef við ætluðum að hafa þetta eitthvað auðvelt. Líka það er þetta, eins og þeir sem ganga á Everest. Þeir eru ekki að ganga á Everest af því að það er auðvelt sko. Bara að komast þessar leiðir sem eru ófærar. Það er það sem við viljum. Við viljum ekkert keyra bara eftir vegum við viljum keyra á snjó og keyra þar sem við viljum bara einhvers staðar. (Útivistarunnandi á Akureyri, viðauki 5 bls. 87)

Ímyndin af ósnortinni og villtri náttúru eins og á öræfunum skapar baráttu á milli manns og náttúru. Dvölin ínáttúrunni er sett í samhengi við tækifæri til að kljást við aðstæður/náttúruna og reyna á sig. Markmiðið í þessu sambandi er að “sigrast” á aðstæðum – landa laxinum, ná upp á tindinn, komast yfir ána. Þannig að þótt menn ‘segja’ að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif þá liggur í hlutarins eðli að hún geri það með því að koma í veg fyrir baráttuna með því að gera hlutina of auðveldar og gera landslagið ónáttúrulegt með tilveru sinni.

Fram kemur í frummatsskýrslu að “ferðapjónustuaðilar með áralanga reynslu að viðbrögðum erlendra ferðamanna við raflínum úti í mörkinni telja að hvert nýtt mannvirki sem tilheyrir raforkuframleiðslu eða flutningi á rafmagnnikomi til með að ganga á hina villtu og ósnortnu náttúru Íslands. Ferðapjónustuaðliar telja þó að ferðamenn muni áfram koma en að upplifunin verði önnur og verri. Til að bregðast við þessu þurfi að breyta áætlunum og áherslu í ímyndasköpun” (bls. 96). Hér eru tengd saman viðhorf þeirra sem hafa áralanga reynslu af viðbrögðum erlendra ferðamanna við raflínum og þeirra sem ekki hafa reynslu af því. Ef menn ætla að bregðast við aukinni uppbyggingu með breyttri ímyndasköpun sem mætir iðnaðaruppbyggingunni þá ráðast menn ekki á garðinn sem hann er lægstur. Um er að ræða 300 ára gamlar viðteknar hugmyndir sem sköpuðu náttúrunni aðdráttarafl í sjálfu sér fyrst fyrir landkönnun og síðan yndisferðamennsku. Þetta eru sömu hugmyndir sem sköpuðu Íslandi aðdráttarafl á 18. öld. Þær hafa ekki haggast á þessum árum – og ef mönnum skildi takast að heilaþvo 300 þús. Íslendinga þá heilaþvo menn ekki svo glatt erlenda markaðinn á fáeinum árum! Mitt faglega mat er að með sama áframhaldi á iðnaðaruppbyggingu á náttúrulegu landslagi mun Ísland missa aðdráttarafl sitt sem áfangastaður náttúruferðamennsku – það er óumflýjanleg afleiðing.

3.

Það skal vera ljóst að undirrituð hefur aldrei samþykkt texta frummatsskýslunnar sem snýr að ferðaþjónustu og útivist eða annan texta sem í henni stendur. Skýrsluhöfundar frummatsskýslu (Axel V. Birgisson (AVB) o.fl. fyrir hönd Mannvit Verkfræðistofu) hafa engar forsendur til að segja að ég hafi lesið hann eins og fram kemur á bls. 59: *Tekið skal fram að höfundar sérfræðiskýrslna hafa lesið yfir viðkomandi grunnástandskafila.* Skýrsluhöfundar báðu mig ekki um að lesa textann yfir heldur var hann sendur til Edwards Hujbens (EH) framkvæmdastjóra Rannsóknamiðstöðvar Ferðamála (RMF) og hann beðinn um yfirlestur. EH hafði ekkert með rannsóknina að gera, hann hafði hlutverk yfirlesara rannsóknarskýrslunnar á lokastigum samstarfsins. Þennan miskilning þarf að leiðrétta í frummatsskýrslu þar sem RMF er eignuð rannsóknin. Þessa rannsókn vann ég sem sjálfstæður verktaki fyrir RMF. RMF er útgefandi skýrslunnar en ég er höfundur rannsóknarinnar. Hér með bið ég um að gerð sé grein fyrir þeim texta í frummatsskýrslunni sem var tekinn beint uppúr rannsóknarskýrslu minni með copy/paste aðferðinni. Annað hvort þarf að auðkenna hann með gæsalöppum og geta heimildar á skýran máta eða að skýrsluhöfundar verða að hafa fyrir því sjálfir að smíða texta frummatsskýrslu. Annað er ritstuldur.

4.

Samkvæmt Rut Kristinsdóttur sviðsstjóra hjá Skipulagsstofnun lítur stofnunin á frummatsskýrsluna sem höfundaverk framkvæmdaraðila en gerir ráð fyrir að hún geri grein fyrir niðurstöðum sérfræðinganna sem leitað var til. Einnig er gert ráð fyrir ef framkvæmdaraðilar eru ekki sammála niðurstöðunum þá skuli þeir gera grein fyrir því og rökstyðja það álit. Að ofansögðu er ljóst að frummatsskýrslan endurspeglar **ekki** niðurstöður mínar á mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á ferðaþjónustu og útivist og ekki er gert grein fyrir hvaða ástæða liggur þar að baki.


Að lokum vil ég minna á að framleiðsla og flutningsnet rafmagns á Íslandi hefur að markmiði samkvæmt 1. gr. Raforkulaga nr. 65 frá 2003 “að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti.” Þetta þýðir að framleiðsla og flutningsnet rafmagns á Íslandi á samkvæmt lögum ekki að rýra möguleika annarra atvinnugreina eins og ferðaþjónustu til að dafna samhliða. Fjölbreytt atvinnustarfsemi og lífvænlegt samfélag byggir á samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs í heild sinni. Ísland á hagsmuna að gæta í hinu alþjóðlega efnahagsumhverfi sem áfangastaður erlendra ferðamanna. Íslensk ferðaþjónusta byggir aðdráttarafl sitt fyrst og fremst á kjarnaímyndinni um ósnortna náttúru landsins. Íslensk ferðaþjónusta fagnar meiri eftirspurn með efnahagslegan ávinning að leiðarljósi og kappkostar að bjóða kjöraðstæður fyrir þá sem sækjast eftir að upplifa hið „náttúrulega“, „ósnortna“ og „hreina“ sem kjarnavöru. Nú sem aldrei fyrr flykkjast ferðamenn til landsins og stefnir í enn eitt metár í íslenskri ferðaþjónustu. 80% ferðamanna koma til landsins til að upplifa „náttúru“ landsins og um 70% ferðamanna hengja hugmyndir um ævintýri í ósnortinni náttúru á áfangastaðinn Ísland.

Í ferðaþjónustunni er söluvaran afhent á staðnum. Landslagið sem nýtt er í ferðamennsku og til útivistar (og landið allt) verður að standa undir ímyndinni sem gert er út á. Í krafti fræðanna og rannsóknaniðurstaðna minna sem segja að útivistarfolk og ferðaþjónustuaðilar standa best vörð um hagsmunir sína með því að verja umhverfið gegn allri uppbyggingu eða athöfnum sem rýra möguleika útivistarmanna/ferðamanna á að skynja að þeir dvelja í „náttúrunni“ eða „náttúrulegu umhverfi“ og niðurstöður rannsóknarinnar um að Blöndulína 3 falli engan veginn undir það, skiptir litlu máli hvar hún er staðsett í ferðamannalandslaginu því hún hefur alltaf skemmandi áhrif á landið sem áfangastaður fyrir náttúru (og sögu)tengdrar ferðamennsku. Hér skemmir framkvæmdin stóra landslagsheildir – lögð þvert yfir dali og byggð ból.

Ég legg ég til að loftlinunni Blöndulínu 3 verði hafnað og núllkostur samþykktur. Framkvæmdin er álika alvarleg og ef vatnið sem nú er nýtt til raforkuframleiðslu á Íslandi yrði notað í allt aðra starfsemi sem kæmi í veg fyrir framleiðslu rafmagns. Hér þarf einfaldlega að hugsa fyrir heildina – ekki eingöngu um efnahagslega hagsmuni framkvæmdaraðila. Þetta er einfaldlega of frek og dýrkeypt framkvæmd á kostnað íslenskrar ferðaþjónustu. Hún mun gengisfella landslag svæðisins sem hún liggur um, eyðileggja upplifun ferðafólks sem þeir eru komnir til að njóta og ganga þar með á auðlindina sem útivistarunnendur og ferðaþjónustuaðilar nýta og hafa fjárfest í með því að búa á staðnum/reka ferðaþjónustu og þeir síðast nefndu treysta afkomu sína á. Hér eru miklar fjárfestingar í húfi og stórir draumar eru í farvatninu. Framkvæmdin hefur alla burði til að ýta frekar undir að treysta stöðu svæðisins í sessi sem óspennandi gegnumkeyrslusvæði. Hún hefur alla burði til að fæla fólk frá svæðinu og leita annað – í náttúruna...

Það er mitt faglega mat, sem sérfræðingur í upplifun ferðamanna á náttúrulegum svæðum, að háspennulinur á Íslandi, landi sem byggir afkomu sína að stórum hluta á aðdráttarafli sínu fyrir náttúrutengda ferðamennsku og ber ímynd um hreina ósnortna náttúru, eiga heima í jörð meðfram þjóðvegum landsins þar sem uppbyggingin er fyrir. Þetta á sannarlega við um Blöndulínu 3. Slíkar aðgerðir tryggja að ferðaþjónustan geti dafnað samhliða rafmagnsflutningi til atvinnulífsins og þannig mun rafmagnsflutningurinn standa undir þeim ásetningi og markmiðum að sinna hinu mikilvæga aukahlutverki (!) að *skyðja við* ferðaþjónustuna sem og allar aðrar atvinnugreinar og heimilin í landinu með umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Stöðþjónustan á ekki að trufla upplifun ferðafólks né ganga á auðlind ferðaþjónustunnar né aðra auðlind íslenskrar atvinnustarfsemi. Ef línur fara í jörð verður tryggt að unnið sé eftir öllum meginmarkmiðum sem ríkið setur fram í Ferðamálaáætlun Íslands: að náttúra Íslands, menning og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun greinarinnar; tryggð verði samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu sem stuði að hámarksaffrasktri í greininni; að álag vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess; og að ímynd Íslands sem ferðamannastadar verði byggð upp og varin. Hér eru stórkostlegir efnahagslegir hagsmunir í húfi. Íslensk ferðaþjónusta aflar tæplega fjórðungs allra gjaldeyrstekna þjóðarþúsins.

Með vinsemi,




Gunnþóra Ólafsdóttir, landfræðingur Ph.D.
ReykjavíkAkademíunni,
Hringbraut 121, 101 Reykjavík.

Ásláksstaðir 6.4.2012

Til

Skipulagsstofnunar
Laugavegi 166
150 Reykja vik



: Athugasemdir við Blöndulinu 3
í landi Ásláksstaða.

Áð:

fyrirhugað Linustaði verður fært
upp 300 mtr. yfir sjó.


Rángarvallalína verður tekin niður
strax og Blöndulinu 3 er komin í gang

Eigandur Ásláksstaða 6.4.2012

Gyfi Sigurdsson

Meðan Árnadóttir

Blöndulína 3 (220 kV)
Mat á umhverfisáhrifum.
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 30 apríl .2012.

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fvrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum. Undirritaður er einn af eigendum Kolgrafar.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðalínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á samfélag verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um efnistökuastaði og gerð verði grein fyrir því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um óveður á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í óaðgengilega skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing

muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd en það er ekki gert.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfiöllun er í frummatsskýrslu um.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaáðstöðu** en það er ekki gert.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd miðg ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbýggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.) en ekki sagt hvaða möstur verða hvar.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „ megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu **efnisflutningaleiðum** í frummatsskýrslu né heldur **umfangi aukinnar umferðar**.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir **efnistökustöðum** og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og líúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efribýggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efribýggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur mjúlu frekar sérþarfir þess atvinnureksturs. Eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða

illu og þar þurfi menn að setta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðabíónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar burfa byggðalínurnar að vera ?

Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til siónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfiöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega. hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efrivbyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði bann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en börf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og bannig verði núverandi mannvirkiabelti banið út ef að t.d. áform um Efrivbyggðarleið ganga eftir.

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.**“ Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulega jákvæð** vfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveitum um uppbyggingu og fiölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskylt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru levti er ekki fiallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akurevrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu bvggðalínuhringans um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að bvggia nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt beirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi begiandi að sambvkkia risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að bvggia upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögð Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð beirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribygð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá beim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kvnnu að búa vfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu burfi að fialla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki bá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr álitni hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu beirra aðila sem hafa tíð sig um framkvæmdina. matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnlustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribvögð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fiölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og bvggingarnefnd og sagt að í framhaldinu vrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribvögðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því vrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkiur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribvögðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 bverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvornig Landsnet hvggst „taka tillit til beirra sionarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í bvggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribvögð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áfermaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjallendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsgöð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og löggö áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.” Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og möl keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

EKKI er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Slóðar með línu

EKKI er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggja fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggja ekki fyrir. EKKI liggja fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur. Slíkir vegir eru skipulagsskyldir en fyrirhugaðair slóðar eru ekki í

Girðingar

Slóðar fara á fiölmörgum stöðum í gærn um eignarlönd bænda. EKKI er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttáð t.d. á girðingum.

Skipulag

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í áliti hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og

hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu. Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.” Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribýggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efribýggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgeirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljómyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði.

Efribyggðaleið

Í umsögn um Efribyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribyggðaleið muni línan ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línan frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línan muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra. Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umráedd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og áðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Gróðurfur

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vátistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð "staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri". Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif á gróður**.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribygðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnum á landbúnaðarjörðum.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðabjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðabjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet¹. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðabjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðabjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „Nokkuð jákvæð áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribygðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði

¹ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðabjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

yrðu á framkvæmda- of rekstrartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðabiðnustu og útivist.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu. Plön og slóðir en bær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.” Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhauzahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að ábián getur orðið af beim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskildar.


Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akurevvar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásvind, ferðabiðnustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr beim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllt

Halla G. Þorsteinsdóttir Rafteknif 7
201065-8019
Sundavörðuhé

Blöndulína 3 (220 kV)
Mat á umhverfisáhrifum.
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

1. Ósamræmi við matsáætlun

Hér á eftir eru tilgreind fjölmörg atriði þar sem misræmi er milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínun verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðalínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets, nú er ekki lengur um að ræða endurnýjun byggðalínunnar heldur nýlagning í gegn um Skagafjörð til að flytja rafmagn milli framleiðenda og notenda fjarri Skagafirði.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu. Þrátt fyrir ofangreind svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar er **sá valkostur að leggja jarðstreng ekki borinn saman við þann valkost að leggja línuna sem loftlínu.**

Framkvæmdaaðili ber fyrir sig að um misskilning sé að ræða. Hér er bent á að ég og fleiri sem gerðum athugasemdir við tillögu að matslýsingu skildum svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar sem svo að jarðstrengir yrðu teknir til mats sem valkostir. Í svari framkvæmdaaðila er enda talað um að nauðsynlegt sé að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs og þar sem um er að ræða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda þá þótti ljóst að jarðstrengur yrði tekin til mats sem valkostur.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistöku og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Skýrsla Veðurstofunnar er ekki aðgengileg með kynningargögnum frummatsskýrslunnar og því ekki hægt að segja að nánar sé fjallað um óveður á línuleiðinni í frummatsskýrslu. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þetta er ekki gert heldur sagt að greining á ósnortnum víðernum hafi leitt í ljós að **skerðing ósnortinna víðerna** verði lítil sem engin af völdum fyrirhugaðra framkvæmda (bls. 60). Því séu ósnortin víðerni ekki tekin inn í gildismat fyrir landslagsheildir. Hér er bent á ósamræmi milli matslýsingar sem segir að kort verði gerð sem sýni ósnortin víðerni og þeirrar umfjöllunar sem er í frummatsskýrslu. Lesandi getur ekki út frá þessu gert sér grein fyrir hvort skerðing ósnortinna víðernar verði lítil sem engin, né heldur hvar þessi skerðing verði.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um umferð og er hér bent á þetta ósamræmi við matslýsingu.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaaðstöðu**. Í matsskýrslu er hins vegar sagt að mögulegar staðsetningar vinnubúða verði ákveðnar síðar. Þarna er misræmi á milli fyrirheita í matsáætlun og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert umfram þá umfjöllun að slóðar verði 4,5 m og 150km að lengd. Óskað er skýringa á því hvers vegna ekki er gerð nánari grein fyrir slóðagerð en sem nemur almennri umfjöllun á sem nemur einni A4 bls. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum

tegundum mastra (mynd 2.2.). Þar eru einnig sýnd hugsanleg snjóflóðamöstur og ekki gerð frekari grein fyrir þeim, hæð þeirra eða virkni. Þar er því ekki verið að gera grein fyrir niðurstöðum um val á möstrum og er óskað eftir skýringum á því ósamræmi við matslýsingu.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um á „hvaða hátt fyrirhugaðar framkvæmdir geta haft áhrif á landslag og sjónræna þætti og hugsanlegar mótvægisáðgerðir“. Hér er bent á að ekki er fjallað um neinar mótvægisáðgerðir fyrir sjónræn áhrif af línulögninni þrátt fyrir að greind séu nokkuð neikvæð til talsvert neikvæð umhverfisáhrif á ásynd (bls 129).

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3. Dæmi eru um að svæði innan Norðurlandsskóga séu innan áhrifasvæðis línunnar t.d. í innan 1km fjarlægðar frá línunni þar sem sjónræn áhrif eru umtalsverð t.d. í landi Mælifellsár.

Á nokkrum stöðum eru ekki sýndir slóðar með fram línunni og er ekki gerð grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst komast að línunni á þeim svæðum.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðustöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi verið ef svo er, hvers vegna enn er óvissa um slóðagerð, staðsetningu mastra og nothæfa efnistöðustaði ef svo sé, eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Þá er hér einnig spurt hvort að verkhönnun hafi verið unnin fyrir báða kostina, Héraðsvatnaleið og Efribygðarleið. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

2. Athugasemd um lagningu línu um einkalönd.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efribygðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efribygðarleið benda á að svo er ekki.

Ég mun berjast fyrir rétti mínum sem landeigandi til hins ítrasta, og hvergi gefa eftir mínum lagalega rétti hvorki sem landeigandi, íbúi í þessu landi, ferðamaður né lifandi vera, auk þess að verja rétt komandi kynslóða.

Línunni er skv. lýsingu ætlað að liggja í gegn um Skagafjörð án allra tenginga við dreifikerfið sem þjónar almenningi. Eða eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Þrátt fyrir tilkomu Blöndulínu 3 verði Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 nauðsynlegir hlekkir í raforkukerfinu“. Tilgangur og markmið lagningar línunnar er að styrkja meginflutningskerfi raforku og gera kerfinu kleift að mæta umtalsverðri aukningu orkunotkunar (bls 1). Slík umtalsverð aukning getur bara orðið vegna stóriðjuframkvæmda eins og dæmi er tekið um í matslýsingu um stækkun Becromal á Akureyri. Því er nýlagning Blöndulínu 3 eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðapjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera? Horfumst í augu við það að Byggðalína 3 er ekki “byggðalína”. Og um hana gilda því allt önnur lög og reglur.

3. Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Í frummatsskýrslu er sagt að jarðrask tengt jarðstrengjalögn dragi úr umhverfislegum ávinningi. Hér er bent á að það ver að sjálfsögðu eftir aðstæðum. T.d. getur lítið borið á raski vegna lagningar jarðstrengs ef hann er lagður í vegköntum og vel getur gengið að græða upp land ef strengur er lagður í grónu landi. Hér er bent á að sá valkostur að leggja jarðstreng hefur ekki verið metinn og því ekki hægt að fullyrða neitt um aðstæður fyrir lagningu hans í tilfelli Blöndulínu 3. T.d. hefur ekki verið sýnt fram að slóðagerð vegna jarðstrengs þurfi endilega að vera lengri því þrátt fyrir að leggja eigi 107 km loftlínu þá stendur til að leggja 155 km af slóðum hennar vegna, þar af 105 km af nýjum slóðum. Þá er hér bent á að sjónræn áhrif af loftlínu vara allan líftíma línunnar á meðan sjónræn áhrif jarðstrengs geta verið lítil ef vel tekst upp við frágang og uppgræðslu þar sem það á við.

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á

Efribyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Vakin er athygli á því að í umfjöllun um kosti bls. 36 er greint frá því að endurnýja þurfi núverandi 132 kV tengingu Blöndulínu 2 „með einhverjum hætti innan fárra áratuga en óljóst er með hvaða hætti það verður gert“. Er þetta nefnt í því sambandi að þetta séu gild rök fyrir því að Blöndulína 3 fylgi ekki núverandi línuleið. Hér er hins vegar spurt hvort að ætlunin sé að endurnýja Blöndulínu 2 innan fárra áratuga og auka þar með umfang hennar og eftir það liggja t.d. um Skagafjörð tvær línuleiðir með tilheyrandi áhrifum á sýnileika? Hér er einnig spurt hvort að ekki sé mögulegt að endurnýja Blöndulínu 2 nú og auka flutningsgetu hennar í núverandi línustæði og seinka á móti nýlagningu Blöndulínu 3 um nokkra áratugi? Eða er þetta yfir lýsing stjórnvalda um að ger a Island að stóryðjunýlendu stórveldanna?

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að áform um Efribyggðarleið ganga eftir.

Almennt

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!** Umfjöllunin er úr inngangskaflanum 1.5.3 *Hugsanleg áhrif* en umhverfismatið og þeir þættir sem þar eru skoðaðir eru til umfjöllunar í kafla 6. um að hugsanlega og mögulega og kannski verði allir hlutir jákvæðir ef þetta eða hitt gerist! Gerð er alvarleg athugasemd við alla umfjöllun í kafla 1.5.3 *Hugsanleg áhrif*. Öll umfjöllun þar er sett fram án þess að hægt sé að vísa í heimildir og sem dæmi má efa það stórlega að fjölgun starfa geti talist umhverfisáhrif í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda.

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskilyrt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Á móti má líka velta fyrir sér hver áhrif línunnar verði á atvinnurekstur á línuleiðinni, t.d. á uppbyggingu ferðaþjónustu, eflingu landbúnaðar, og lífræns búskapar.

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennuöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispenntu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra

sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhningsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr álitni hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkni, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar Skagafjarðar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línun verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

132 kV spenna/ 220 kV spenna

Umfang Blöndulínu, mastrastærð og rök framkvæmdaraðila fyrir því að ekki sé hægt að leggja línuna sem jarðstreng byggja á því að línuna þurfi að byggja fyrir 220 kV spennu. Engu að síður kemur skýrt fram í gögnum framkvæmdaraðila að línun eigi að vera á 132 kV spennu þar til spennan verður

hækkuð „síðar meir“. Gerð er athugasemd við að áformuð sé umfangsmeiri framkvæmd heldur en þörf er á með vísun í óljósar fyrirætlanir um að síðar meir þurfi að hækka spennu vegna einhvers sem mögulega gerist einhverntíman einhversstaðar. Óskað er eftir því að þetta verði skýrt og vísað í þarfagreiningu sem skýrir umfang framkvæmdar auk þess að tengja umfjöllunina við rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma og áform um uppbyggingu stóriðju.

Með því að leggja Blöndulínu 3 með lægri spennu væri ódýrara að leggja línuna sem jarðstreng og þar með draga úr neikvæðum áhrifum, t.a.m. á ásýnd. Línulögn með fram þjóðvegi myndi einnig draga úr raski. Auk þess sem á að viðhalda Blöndulínu 2 einhverja áratugi enn, verður þá hvort eð er nokkurntíman þörf fyrir 220 Kv streng.?

Í þessu samhengi er bent á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun stendur: „Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að fram komi upplýsingar m.a. um hversu lengi áætlað sé að línan verði rekin á 132 kV spennu.“ Gerð er athugasemd við að ekki sé orðið við óskum Skipulagsstofnunar um að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að ekki koma fram upplýsingar um hversu lengi línan verður rekin á 132 kV spennu.

Línuleið

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribygðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribygð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagningar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Erfitt er að sjá hvar áformað er að gera slóða þar sem það er sýnt á myndum 2-6 í myndahefti. Þessi myndkort eru sett fram í mælikvarða þar sem nær ómögulegt er að sjá hvar leggja á slóða og hvar ekki. Til að mynda mætti lesa út úr þessum myndum að engar slóðir eigi að leggja þar sem línan fer um land Mælifellsár á Efribygð en þeirri spurningu er þá um leið ósvarað hvernig komast eigi að línunni! Eins er oft erfitt að sjá hvar slóðir eigi að vera og hvar ekki með fram allri línuleiðinni.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt á að sjálfsögð ekki við þegar leggja á yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til að sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það veganet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.”

Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Lýsing valkosta

Á bls. 39 er Héraðsvatnaleið og Efribýggðarleið lýst og talað um að þær greinist frá Kolgröf en annars staðar er miðað við Kirkjuhól og er talað um að þar muni mögulegt tengivirki rísa. Hver er skýringin á þessu ósamræmi.

Myndasería bls. 32 – 35

Gerð er athugasemd við tilgang þess að sýna myndir af dæmum um „almennar aðstæður þar sem fyrirhugað er að leggja slóðir á línuleiðinni“. Verulega óljóst er hvaða tilgangi þessi myndasería þjónar enda er ekki sýnt á myndunum hvar slóðir eigi að liggja þar sem myndirnar eru teknar, tilhögun þeirra eða annað sem skiptir í raun máli.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð. Hins vegar er mikið gert úr því að það sé ókostur við jarðstrengjalögn að þá þurfi að gera slóða með fram allri strenglöggninni. Ekki er hægt að sjá í frummatsskýrslunni í hverju þessi munur liggur.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.


Slóðar og umhverfi

Stofnun Sæmunda fróða um sjálfbæra þróun vann fyrir Landsnet rannsókn þar sem sannprófað var mat á umhverfisáhrifum fyrir Sultartangalínu 3¹. Í kynningarglærum á vef Skipulagsstofnunar úr erindi sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson hélt má sjá myndir af Sultartangalínu og slóðum sem henni fylgja og á vef Landsnets má sjá ýmsar myndir af slóðgerð tengdri línulögnum. Af myndunum af dæma er umfang slóðagerðar oft talsvert en í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang

¹ Sjá

[http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur/\\$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur.pdf](http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur/$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur.pdf)

þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur.



Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Núllkostur

Í umfjöllun um núllkost er sagt að ef fallið sé frá lagningu Blöndulínu 3 verði erfitt að þjóna aukinni orkuþörf byggðar og atvinnulífs... í nánustu framtíð í þessum landshluta þar sem núverandi flutningskerfi er fulllestað. Gerð er athugasemd við að Blöndulína 3 sem eini möguleikinn til að auka flutningsgetu um héraðið. Þá er gerð athugasemd við að gerð Blöndulínu 3 sé sögð brýn fyrir þennan landshluta enda engin áform uppi þar sem knýja á um gerð Blöndulínu 3.

Skipulag

Í kafla um skipulag er sagt að Blöndulína 3 sé í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaganna á svæðinu sem mörkuð sé í gildandi aðalskipulagi eða skipulagstillögum. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur ekki verið staðfest og í þeirri tillögu sem til umfjöllunar er hefur skipulagi verið frestað á þeirri leið sem tveir valkostir eru settir fram. Þar er því engin háspennulína inni á skipulagi og þarf að auglýsa breytingu á skipulagi til að setja hana inn. Æskilegt er að þetta komi fram. Fyrirliggjandi tillaga að Aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð hefur ekki verið staðfest af ráðherra.

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í áliti hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Minnt er á að í matsáætlun stendur: „Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri línuleiðinni eða að hluta til), kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu.“ Er hér óskað eftir því að þessi samanburður verði gerður fyrir alla línuna eða hluta hennar, í stað þess að einungis sé fjallað almennt um jarðstrengi og loftlínu eins og gert er í kafla 3.3 í frummatsskýrslu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012 og skal ráðherra flytja á Alþingi skýrslu um starf nefndarinnar fyrir 1. Október 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er

fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en /verði frestað þar til stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Athugasemd um heimildir

Í kafla 3.3.2, mynd 3.4 í frummatsskýrslu er sýnd almenn skýringarmynd um framkvæmdakostnað vegna lagningu jarðstrengja og loftlína miðað við flutningsgetu og spennu. Bent er á að ekki er vísað til heimildar um hvaðan þessar tölur koma. Lesanda er því ekki gert ljóst við reynslu hvaða landa er miðað í þessum samanburði. Ekki er vísað til heimilda fyrir mynd 3.4 og þá mynd er ekki að finna í þeim heimildum sem getið er í heimildaskrá frummatsskýrslunnar. Er þetta byggt á innlendri reynslu eða reynslu erlendis frá og að hve miklu leyti er hægt að yfirfæra þá reynslu yfir lagningu Blöndulínu 3?

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.” Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Óljós tilgangur umfjöllunar um 400 kV strengi

Í kaflanum um jarðstrengi er fjallað um 400 kV strengi en ekki er hægt að átta sig á hvers vegna það er gert í tengslum við framkvæmd þar sem nota á 220 kV strengi. Óljóst er hvers vegna valið er að fjalla um jarðstrengi eins og um sé að ræða fræðslufyrirlestur án tenginga við framkvæmdina sem um ræðir.

Viðgerðartími jarðstrengja

Mikið er gert úr því í umfjöllun um jarðstrengi að viðgerðartími jarðstrengja sé langur og vísað í erlenda reynslu frá Nýja Sjálandi þessu til stuðnings. Áhugavert væri að vita hver viðgerðartíminn á loftlínunum er á Nýja Sjálandi því vera kann að viðgerðartími á loftlínunum sé yfirhöfuð lengri á Nýja Sjálandi en á Íslandi af einhverjum ástæðum. Þá væri einnig áhugavert ef vísað væri í tölur um innlenda reynslu af jarðstrengjum. Engin önnur dæmi eru tekin um viðgerðartíma jarðstrengja en frá Nýja Sjálandi.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Helgunarsvæði

Bent er á að helgunarsvæði háspennulínu sem loftlínu er 40-75m á meðan helgunarsvæði jarðstrengs yrði 10-12 m skv. uppl. úr frummatsskýrslu.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna aflu.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribbyggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert neikvæðum áhrifum einstaka bæi á Efribbyggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgeirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljósmyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti. Slóðagerð mun hafa töluverð áhrif á sýnileika framkvæmdarinnar sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þá er gerð athugasemd við hversu mikill munur er á þeim landssvæðum og þeim skala sem þau eru sýnd á framáangreindum myndkortum. Til að mynda má glögg sjá á mynd 21 úr Öxnadal hversu áberandi línán mun verða í nærumhverfi sínu á meðan stærð landsvæðis og áhrif frá þeirri loftthæð sem ljósmyndin er tekin fyrir myndir 15 og 16 gerir það að verkum að línán sýnist lítilfjörleg.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði sem er eitt af helstu kennileitum svæðisins og vinsæll staður til fjallgöngu.

Efribbyggðaleið

Í umsögn um Efribbyggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribbyggðaleið muni línán ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línán frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Áhrif mastra á sýnileika

Þann 29. mars 2012 hélt Landsnet opinn kynningarfund um rekstrarumhverfi fyrirtækisins og framtíðarþróun raforkuflutningskerfisins². Þar hélt Íris Baldursdóttir deildarstjóri kerfisstjórnar Landsnets erindi þar sem fjallað er um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd. Á einni kynningarglærunni er fjallað um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd:

Sérstök áhersla er lögð á að framkvæmdir við uppbyggingu og viðhald flutningsvirkja falli sem best að náttúrunni og valdi sem minnstum sjáanlegum og varanlegum áhrifum á náttúruna og umhverfið.

Athugun á nýjum mastragerðum

- Áhersla á minni sýnileika mastra sé þess kostur
- Samstarf við Statnett í Noregi um þróun nýrra mastragerða




Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línán muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribbyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í


² Sjá <http://www.landsnet.is/landsnet/upplýsingatorg/fundur/opinnkynningarfundur/>

sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna. Fyrirhugað er að nota masturgerð sem eru að meðaltali 23m há stálgrindarmöstur með mun meiri sýnileika heldur en t.d. möstur sem eru sýnd á myndinni hér fyrir ofan sem Íris sýnir í kynningu sinni, og einnig með mun meiri sýnileika en t.d. möstur sem fyrirhugað er að nota fyrir Sv-línur eins og sagt er frá í matsskýrslu fyrir þá framkvæmd.³ Hér að neðan má sjá mynd 2.32 úr umhverfismati fyrir SV línur. Þar er sett inn möguleg hæð mastra.

Þar fyrir neðan er mynd úr frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3,



Mynd 2.32 Möstur fyrir 220 kV háspennulínur. Vinstra megin er fristandandi röramastur, í miðjunni er stagað M-mastur úr stálgrind og til hægri er stagað M-mastur úr stálrörum.



Mynd 2.2 Stagað M-mastur án jarðvirseyrna (efst til vinstri) og með jarðvirseyrum (efst til hægri), fristandandi mastur, fjórfótungur (miðmynd til vinstri) og fjórfótungur með jarðvirseyrum (miðmynd til hægri), stagað süluhorn (neðst). Meðalhæð mastra er um 23 m.

³ Matsskýrsla fyrir Suðvestur línur.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra.

Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Nýverið var haldin hugmyndasamkeppni á vegum Landsnets í samstarfi ið Statnet í Noregi. Hér er lögð fram sú spurning hvort að þær útfærslur sem þar komu fram geti hentað til að draga úr sýnileiki háspennulínunnar á þeim stöðum sem ekki er hægt að leggja hana sem jarðstreng.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efribygðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við áformaðar mótvægisáðgerðir vegna Vatnafars. Mótvægisáðgerðirnar eru allt of almennt fram settar, erfitt verður að sannreyna að þær hafi verið gerðar: „lágmarka á risk á votlendi eins og kostur er“ og „Halda á öllu jarðraski í lágmarki“. Erfitt er að sjá að hægt sé að sannreyna þessar áðgerðir.

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð „staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri“. Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlög á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif á gróður**.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribygð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem

dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribygðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðarjörðum.

Mótvægisáðgerðir

Í kafla um gróðurfar segir: „Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða þar sem endurheimt verður jafn stórt votlendi og tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir þá eru heildaráhrif á votlendi talin óveruleg.“ Hvergi í skýrslunni er gerð grein fyrir meintri endurheimt votlendis og því alveg óljóst hvort, eða hvar og hvernig, það yrði framkvæmt. Þá má benda á að erfitt er að meta árangur mótvægisáðgerða og hvort af af þeim hefur orðið þegar þær eru settar fram á svo óskýran hátt að óvissa er um umfang þeirra, staðsetningu og tímasetningu og óljós.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áðurnefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðþjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet⁴. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efribygðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séru í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar**. Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

⁴ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðþjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Fornleifar

Fornleifarannsóknir

Í frummatsskýrslu stendur: „Við hönnun fyrirhugaðrar Blöndulínu 3, er tekið tillit til staðsetningar allra fortleifa og hættumats. Þannig er við ákvörðun á staðsetningu línumastra og vegslóða reynt eins og mögulegt er að sneiða fram hjá fortleifum en þessi niðurstaða fæst með því að samkeyra fortleifagögn samhliða hönnunargögnum. Niðurstaðan er sú að miðað við núverandi staursetningu þá er minnsta fjarlægð masturs að þekktri fortleif um 30 m. Með hnitsettar staðsetningar á hverri þekktri fortleif er síðan hægt að sneiða framhjá skráðum fortleifum við slóðagerð. Áhrif á fortleifar eru því talin óveruleg.“ Eins og fram kemur í skýrslu um fortleifarannsókn, er henni ekki lokið og því ekki hægt að fullyrða um áhrif línulagnarinnar á allar fortleifar á leiðinni. Gera verður þá lágmarkskröfu að tilskyldum rannsóknum sé lokið áður en matsskýrslur eru samþykktar.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- og rekstrartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðaþjónustu og útivist.

Grunnástand

Bent er á að aðalskipulag fyrir Skagafjörð hefur ekki verið staðfest og því er ekki hægt að segja að þetta og hitt sé í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því

spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu. Hefur Landsnet /ríkisvaldið skoðað þá staðreynd að þurfa að bæta fólki skaða og eyðileggingu jarða sinna, framfærslu og lífsviðurværi, áhrif á heilsu manna og bústofns og skerta möguleika til útivistar. Fyrir utan áhrifin á heildarsamfélagið, -búseturöskun ofl.

Útreikningar, raf og segulsvið

Í frummatsskýrslu eru sýndir „útreikningar á rafsviði og segulsviði umhverfis fyrirhugaða háspennulínu. Útreikningarnir eru miðaðir við eðlilegt rekstrarástand línunnar fyrir 220 MVA flutning frá Blöndustöð að Kífsá norðan við Akureyri“. Línan er hins vegar hönnuð fyrir um 560 MVA flutningsgetu þó línan verði rekin á 132 kV spennu til að byrja með. Farið er fram á að útreikningar á rafsviði, segulsviði og hljóðvist miði við 560 MVA.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að í kaflanum um heildaráhrif og niðurstöðu sé sagt í kafla um samfélag að „Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og talsvert jákvæð en óbein á rekstrartíma og geta orðið frá nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.“ Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við umfjöllun í kafla 6 um umhverfisáhrif en þar er enga umfjöllun að finna um atvinnuástand og vinnumarkað á svæðinu enda ekki einn af þeim umhverfisþáttum sem teknir voru til skoðunar. Má enda benda á að hugsanleg jákvæð áhrif á vinnumarkað vegna hvers kyns framkvæmda geti ekki talist til umhverfisáhrifa þeirra. Umfjöllun í frummatsskýrslu um samfélag einskorðast við umfjöllun um ferðaþjónustu.

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásýnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Ég undirrituð, fer fram á að brugðist sé við þessum athugasemdum í samræmi við tilefni hvert og eitt og úr þeim unnið á viðeigandi hátt. Ég vænt þess að fá svör við spurningum sem fram koma og sé gert grein fyrir niðurstöðum og úrvinnslu athugasemda.

Ég skora á Sveitarfélagið Skagafjörð að sýna það þor og framsýni að neita alfarið lagningu háspennulína um héraðið, öðruvísi en í jarðstrengjum.

Það myndi spara tíma og peninga fyrir alla og draga úr líkum á búseturöskun og brottflutningi.

Ég skora á yfirvöld að sýna þá framsýni að gera afgerandi stefnumörkun, í lagningu háspennulína og koma öllum háspennulínum í jarðstrengi. Okkur öllum til heilla í framtíðinn, og komandi kyslóðum til ánægju og yndisauka. Frekari aðgerðir í lagningu háspennulína eiga því að bíða þar til slík stefnumörkun liggur fyrir.

Við viljum hvorki vera háspennunýlenda , né ruslakista stórveldanna.

Virðingarfyllst,



Landeingandi, frístundabóndi og útivistar iðkandi,

Syðri-Mælifellsá, Efribyggð, Skagafirði.

Athugasemdir vegna frummatsskýrslu Blöndulínu 3

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar vegna fyrirhugaðrar lagningar Blöndulínu 3 um jarðir okkar, Ytri-Bægisá I og Ytri-Bægisá II.

Lagning línunnar með þeim hætti og á þeim stað sem gert er ráð fyrir í frummatsskýrslu er algerlega óásættanleg. Varðandi fyrirhugað línustæði þá er ljóst að lagning línu þar og viðhald hennar mun valda miklu raski. Leggja þarf slóða og brúa Húsána til þess að geta komist að hinni nýju línu. Núverandi línustæði er mun neðar í landi og mun minna mál að komast að því til viðgerða og viðhalds.


Varðandi fyrirhuguð línumöstur er algerlega óásættanlegt að slík möstur verði reist á ósnortnu landi svona nálægt bæjarhúsum og yfirleitt í þetta þéttri landbúnaðarbyggð. Sjálfsagt ætti að vera að leggja streng í jörð á slíkum stöðum. Sé það ekki möguleiki er þó skárri kostur að línan sé endurnýjuð þar sem hún er og með timburstaurum eins og nú er. Það veldur minna raski þar sem ekki þarf að koma öflugum vinnutækjum að hinu ósnortna landi til steypuvinnu o.fl.

Hún breytta ásýnd er veruleg verði af framkvæmdum í þeirri mynd sem lýst er í frummatsskýrslu. Slíkt er óásættanlegt, m.a. þar sem verið er að byggja upp ferðamennsku auk fleiri þátta.

Hörgárbyggð, 2. maí 2012

Haukur Sigfússon, Þorvar Þorsteinsson og Jóhanna Gunnlaugsdóttir vegna Ytri-Bægisár

Stefán Karlsson og Elisabeth Jóhanna Zitterbart vegna Ytri-Bægisár II



Skagafirði 26.04.2012.

Til Skipulagsstofnunar

Efni: Athugasemdir vegna frummatsskýrslu vegna Blöndulínu 3 (220kV).

Undirrituð er lífrænn sauðfjárbóndi og skógarbóndi á Mælifellsá í Skagafirði.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efribyggðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efribyggðarleið benda á að svo er ekki. Þörf stóriðju fyrir raforku geti ekki talist til almannaþarfar heldur miklu frekar sérþarfir þess atvinnurekstrar. Nýlagning Blöndulínu 3 er eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3.

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að

auka flutningsgetu byggðalínuhningsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efrabyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að “...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.” Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr álit hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efrabyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkid, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efrabyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efrabyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efrabyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möglegum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgroft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.“ Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð “staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri”. Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlagn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum

auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður. Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efribýggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina lítið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efribýggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnum á landbúnaðarjörðum

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólki er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Fjölmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllst

Helga Þóroddóttir 070450-4459




Iceland on horseback

Simply more fun...

PO Box 75, 560 Varmahlíð, Iceland. Phone: (+354) 453 8383 Fax: (+354) 453 8384E-mail:

info@activitytours.is

Homepage: www.activitytours.is



Skipulagsstofnun,
b.t. Rutar Kristinsdóttur
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Varmahlíð 01.05.2012

Efni: Mat á umhverfisáhrifum við fyrirhugaða lagningu Blöndulínu 3.
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu.

Ágætu starfsmenn Skipulagsstofnunar,

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Undirritaður fyrir hönd Hestasports-Ævintýraferða mótmæli harðlega því skipulags „öfbeldi“ sem felst í fyrirhugaðri byggingu Blöndulínu 3 og hafnar alfarið hugmyndum um loftlínu í Skagafirði.

Í fjölmörgum atriðum er ósamræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu, gefur það ærna ástæðu til að biða stefnumótunar stjórnvalda hvað varðar samanburð jarðstrengja og loftlína. Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrir en stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Í þessu sambandi er einnig vert að rifja upp lög sem framkvæmdaaðila ber að starfa eftir.

Í raforkulögum frá 2003 segir meðal annars:

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal:

Skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.

2.

Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku.

3.

Tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda.

4.

Stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti.

Og í 9. Grein segir:

9. gr.

Skyldur flutningsfyrirtækisins.

Flutningsfyrirtækið skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki.

Leyfi ráðherra þarf ef reisa á línur sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri. Ráðherra getur bundið leyfið skilyrðum er lúta að þeim atriðum sem greinir í 1. mgr. auk skilyrða er lúta að umhverfisvernd og landnýtingu.

Með vísna í löginn frá 2003 ber framkvæmdaaðilum við uppbyggingu línumannvirkja á 21. öldinni að taka tillit til umhverfissjónamiða og að lítt snortin og óspillt náttúra sé metin að verðleikum þegar kemur að hagkvæmniáætlunum orkufreks iðnaðar.

Til að að ná megin markmiðum laganna um hagkvæmni í flutningi og dreifingu, að tryggja öyggi raforkukerfisins og að taka tillit til náttúruverndar er uppbygging orkufreks iðnaðar augljóslega best komin sem næst orkuvinnslunni.

Engar upplýsingar liggja fyrir um að framkvæmdaaðili hafi varað við stórkostlegum kostnaði við byggingu allt of stórrar línu frá Blöndustöð til Akureyrar. Engar aðvaranir hafa borist um náttúrspjöll, sjónmengun og orkutöp sem Blöndulína 3 mun vald verði hún byggð.

Gerð er athugasemd við núvarandi stöðu áætlunarinnar og bent á að ef til vill séu framkvæmdaaðilar og skýrsluhöfundur vanhæfir að meta veigamikla þætti svo stórrar og umhverfisspillandi framkvæmda og fari á vissan hátt á svig við orkulögin frá 2003.

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet¹. Í frummatsskýrslu í samantektarkafla á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðapjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðapjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

¹

Reiðleiðir og hestatengd ferðajónusta.

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Þessi ályktun /staðhæfing er fráleit og undirstrikar vanþekkingu og um leið vanhæfni skýrsluhöfundu til að meta áhrif mannvirkjagerðar á ferðajónustuna á Íslandi.

Upphaf starfsemi Hestasports – Ævintýraferða má rekja aftur til ársins 1974, er félagið því eitt „elsta“ starfandi hestaferðafyrirtæki landsins.

Í félaginu hefur byggst upp mikil reynsla og þekking á hestatengdri ferðajónustu, þörfum og óskum erlendra hestaferðagesta hér á landi.

Aðal starfsvettvangur félagsins hefur allatíð verið Skagafjörður þráttfyrir að leiðirnar hafi legið víða um hálendið.

Hestar, hestaferðir og hestamennskan á Íslandi er eitt af sterku aðdráttaröflum ferðajónustunnar og fáir eða engir þættir í ferðajónustunnar státa af jafn hárrí endurkomutíðni gesta.

Nærtækustu sóknarfæri hestatengdrar ferðajónustu er nú, að efla og auka gæði hestaferða í byggð þar sem fara saman vel útfærðar hestaferðir í ósnortinni náttúru nálægt góðum gististöðum.

Í rannsóknnum hefur ítrekað komið fram að ósnortin og sérstæð náttúra Íslands er langöflugasta aðdráttaraflíð í ferðajónustunni.

Í ljósi glæsilegrar þróunar ferðajónustunnar á Íslandi síðustu áratugi er óskað eftir að hlutlaus rannsókn og úttekt verði gerð á þróun ferðajónustu á áhrifasvæði Blöndulínu 3 með sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði:

- Þróun og uppbyggingu gististaða síðustu 10 ár.
- Þróun og uppbyggingu afþreyingar síðustu 10 ár.
- Tíðni gistinátta á svæðinu síðustu 10 ár.
- Þróun veltu og starfsmannafjöldi síðustu 10 ár.
- Lagt verði mat á helstu sóknarfæri greinarinnar næstu 10 árin.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Vakin er athygli á að uppbygging línumannvirkja í árfarvegum Héraðsvatna og á Efríbyggðarleið eyðileggja upplifun ferðamanna á reiðleiðum um Steinsstaðahólm, upp á Mælifellsdal og Kiðaskarð og um Eggjar.

Bent er á algerlega óviðunandi aðstöðu landeigenda og ýmissa hagsmunaaðila sem oft virðast þurfa að „kyngja“ hverju sem er í skipulagsmálum þegar orku og orkudreifingarfyrtækja eiga í hlut.

Hugleiðum að Blöndulína 3 er eingöngu stóriðjulína sem hefur ekkert með almanna hagsmuni að gera. Hér er eingöngu um viðskipti stóriðjufyrirtækja og orkuframleiðslufyrirtækja að ræða. Krafa almennings á 21. öldinni er að inn í arðsemisútreininga sé tekinn raundreifir kostnaður


orkunnar þannig að lífsstarf okkar og afkoma sem byggist á aðdráttarafli óspilltrar náttúru og umhverfis sé ekki stór skemmt eða eyðilag.

Að lokum er rétt að vekja athygli Skipulagsstofnunar á tímasetningu á útgáfu / kynningu á frummatsskýrslu skýrsluhöfunda og andmælafrest landeigenda og hagsmunaaðila.

Er það tilviljun ein sem ræður eða er tímasetningin beinlínis valin til þess að bændur í sveitum og hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu hafi sem allra minnstan tíma til að koma fram með athugasemdir, kalla saman fundi eða ráða ráðum sínum á annan hátt.

Það vill nefnilega svo einkennilega til að háannatími í sveitum er apríl og maí.

Með vinsemd og virðingu,

A handwritten signature in black ink, reading "Magnús Sigmundsson", written over a horizontal line.

F.h. Hestasports-Ævintýraferða

Magnús Sigmundsson

Til Skipulagsstofnunar.

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu Blöndulínu 3.

Í matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir lagningu slóða. Það er ekki gert með nægilega skýrum hætti. Þó kemur fram að nýlagning vega verði 105 km ! auk 50 km endurbyggingar á eldri vegum. Algjörlega óboðlegt er að afgreiða yfir 150 km veglagningu á einni blaðsíðu. Gerð er krafa um að allar vegaf framkvæmdir verði skýrðar nákvæmlega eins og skylt er um vegaf framkvæmdir yfirleitt. Þar er átt við hnitasetningu, ræsagerð, sneiðinga í brattlendi, fyllingar, skurðgröft til uppburkkunar og svo framvegis. Einnig að línuvegir verði settir inn á aðalskipulag sveitarfélaganna á línuleiðinni sem skylt er með alla vegi, líka reiðvegi.

Í matslýsingu kemur fram að Norðurlandsskógar verði umsagnaraðilar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt.

„Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og talsvert jákvæð en óbein á rekstartíma og geti orðið frá nokkuð jákvæðum til verulegra jákvæðra“ segir í inngangi samantektar. Þarna verður ritstjóra skýrslunnar illilega á í messunni og vekur upp spurningar hvort hann valdi starfinu. Skýrslan átti að fjalla um mat á umhverfisáhrifum en ekki persónulegar skoðanir ritstjóra á atvinnuástandinu á svæðinu. En fyrst komið er inn á þetta skal á það bent að á þeim liðlega 60 jörðum sem áætlað er að línán fari yfir og risti margar hverjar á hol, er einnig verið að stunda atvinnustarfsemi, æði fjölbreytta, sem lagning téðrar línu myndi seint hafa „nokkuð jákvæð“ hvað þá „verulega jákvæð“ áhrif á.

Frummatsskýrsla segir : „ Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhringsins um landið“. Í fyrsta lagi: Blöndulína 3 á hvergi að tengjast samveitu og er því ekki byggðalína heldur sértæk stóriðjulína. Fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu „stóriðjulínuhringsins“ um landið. Hverjir eru hinir áfangarnir? Blanda – Brennimelur? Krafla – Akureyri? Krafla – Fljótsdalur? Hálendisstóriðjulína til að gera þvertengingu? Farið er fram á svör við þessum spurningum og að í framhaldinu er farið fram á að unnið verði heildstætt umhverfismat fyrir þennan hring. Fordæmin eru fyrir hendi samanber heildstætt umhverfismat fyrir álver á Bakka og fyrirhugaðar línur því tengt.

Í matslýsingu kemur fram að í frummatsskýrslu verði sá valkostur að leggja Blöndulínu 3 sem jarðstreng metin í umhverfismati. Þetta er ekki gert. Framkvæmdaraðili ber fyrir sig misskilningi! Miklu nær væri að bera fyrir sig heimsku. Framkvæmdaaðili svarar athugasemdum við tillögu að matsáætlun svo: „Nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningar jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Skýrara verður það varla. Skipulagsstofnun tók undir þetta í ákvörðun að tillögu að matsáætlun. Hér er þess því krafist að staðið verði við þessi orð en ekki flúið að hólmi á vængjum aulaafrakana. Stór hluti Skagafjarðar er jú kjörland fyrir jarðstreng, það er að segja flatlent, djúpur jarðvegur og grunnvatnsstaða há. Lönd með svipaðar aðstæður hafa markað sér þá stefnu að allar línulagnir fari í jörðu t.d. Danmörk.

Kiðaskarð er „vinsæl ferðaleið“ segir í frummatsskýrslu. Þarna tókst ritstjóra skýrslunnar að gera sig að algjöru athlæggi. Mælifellsdalur þar sem fyrirhuguð lína á að koma er vissulega vinsæl ferðaleið og hefur verið svo nánast frá Landnámi en það virðist ekki hafa nein áhrif á áform Landsnets um lagningu loftlínu þar. Um Kiðaskarð fer hins vegar nánast aldrei maður, oftast sauðfé og hross.

Við lagningu vega um mýrlendi þarf að grafa framræsluskurð til að þurrka upp landið fyrir vegstæðið, einnig kemur fram að lagður verði dúkur undir. Hvaða dúkur er þetta? Úr hvaða efnum er hann gerður, hversu lengi endist hann, og þegar að því kemur að hann leysist upp, koma þá efni í honum til með að menga vatnsból fyrir neðan, samanber Efribyggðarleið?


Öll umfjöllun og myndbirtingar um jarðstrengi hafa áróðurskenndan blæ. Myndir af jarðstrengslögnum eru teknar í opnum skurðurm en myndir af loftlínu í mikilli fjarlægð í grónu landi. Hvernig væri að taka mynd af jarðstreng eftir að mokað hefur verið yfir úr sömu fjarlægð og frá sama sjónarhorni. Þá sæjust lítil ummerki ef nokkur en það hentar ekki í áróðurskennda umfjöllun Landsnets. Jarðstrengi er auk þess upplagt að leggja með þeim vegum sem fyrir eru og halda þannig „öllu jarðraski í lágmarki“ eins og segir í skýrslunni.

Bls. 60 „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um, einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla“. Fékk skýrsluhöfundur þungt höfuðhögg? Gera verður lágmarks kröfur til ritstjóra um þekkingu í landafræði og íslensku. Útræna = hafgola.

Útsýni af Mælifellshnjúk er einstakt. Þaðan sést í 10 sýslur landsins, göngur á Mælifellshnjúk eru kynntar í fjölda rita og bæklinga, t.d. á vegum Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Þar er ótvírætt um „vinsæla ferðaleið“ að ræða og langvinsælustu fjallgönguleið Skagafjarðar. 220 kV háspennulína með 26m háum stálgrindarmöstrum og þaðan af hærri við rætur hans er glórulaus hugmynd með tilliti til ásýndar landsins, ímyndar Skagafjarðar og ferðabjónustu.



Blöndulína 3 (220 kV)
Mat á umhverfisáhrifum.
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu



Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

1. Ósamræmi við matsáætlun

Hér á eftir eru tilgreind fjölmörg atriði þar sem misræmi er milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökusvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag, kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaaðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðalínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets, nú er ekki lengur um að ræða endurnýjun byggðalínunnar heldur nýlagning í gegn um Skagafjörð til að flytja rafmagn milli framleiðenda og notenda fjarri Skagafirði.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu **jarðstrengs** til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfi mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínur í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu. Þrátt fyrir ofangreind svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar er **sá valkostur að leggja jarðstreng ekki borinn saman við þann valkost að leggja línuna sem loftlínu.** Framkvæmdaaðili ber fyrir sig að um misskilning sé að ræða. Hér er bent á að ég og fleiri sem gerðum athugasemdir við tillögu að matslýsingu skildum svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar sem svo að jarðstrengir yrðu teknir til mats sem valkostir. Í svari framkvæmdaaðila er enda talað um að nauðsynlegt sé að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs og þar sem um er að ræða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda þá þótti ljóst að jarðstrengur yrði tekin til mats sem valkostur.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að hugsanlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökuastaði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í skýrslu Veðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Skýrsla Veðurstofunnar er ekki aðgengileg með kynningargögnum frummatsskýrslunnar og því ekki hægt að segja að nánar sé fjallað um óveður á línuleiðinni í frummatsskýrslu. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrsla samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið sem **sjálfstætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þetta er ekki gert heldur sagt að greining á ósnortnum víðernum hafi leitt í ljós að skerðing ósnortinna víðerna verði lítil sem engin af völdum fyrirhugaðra framkvæmda (bls. 60). Því séu ósnortin víðerni ekki tekin inn í gildismat fyrir landslagsheildir. Hér er bent á ósamræmi milli matslýsingar sem segir að kort verði gerð sem sýni ósnortin víðerni og þeirrar umfjöllunar sem er í frummatsskýrslu. Lesandi getur ekki út frá þessu gert sér grein fyrir hvort skerðing ósnortinna víðernar verði lítil sem engin, né heldur hvar þessi skerðing verði.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **umferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um umferð og er hér bent á þetta ósamræmi við matslýsingu.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaaðstöðu**. Í matsskýrslu er hins vegar sagt að mögulegar staðsetningar vinnubúða verði ákveðnar síðar. Þarna er misræmi á milli fyrirheita í matsáætlun og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert umfram þá umfjöllun að slóðar verði 4,5 m og 150km að lengd. Óskað er skýringa á því hvers vegna ekki er gerð nánari grein fyrir slóðagerð en sem nemur almennri umfjöllun á sem nemur einni A4 bls. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val á **möstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum

tegundum mastra (mynd 2.2.). Þar eru einnig sýnd hugsanleg snjóflóðamöstur og ekki gerð frekari grein fyrir þeim, hæð þeirra eða virkni. Þar er því ekki verið að gera grein fyrir niðurstöðum um val á möstrum og er óskað eftir skýringum á því ósamræmi við matslýsingu.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um á „hvaða hátt fyrirhugaðar framkvæmdir geta haft áhrif á landslag og sjónræna þætti og hugsanlegar mótvægisáðgerðir“. Hér er bent á að ekki er fjallað um neinar mótvægisáðgerðir fyrir sjónræn áhrif af línulögninni þrátt fyrir að greind séu nokkuð neikvæð til talsvert neikvæð umhverfisáhrif á ásynnd (bls 129).

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógar á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógum sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3. Dæmi eru um að svæði innan Norðurlandsskóga séu innan áhrifsvæðis línunnar t.d. í innan 1km fjarlægðar frá línunni þar sem sjónræn áhrif eru umtalsverð t.d. í landi Mælifellsár.

Á nokkrum stöðum eru ekki sýndir slóðar með fram línunni og er ekki gerð grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst komast að línunni á þeim svæðum.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðustöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafi verið ef svo er, hvers vegna enn er óvissa um slóðagerð, staðsetningu mastra og nothæfa efnistöðustaði ef svo sé, eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Þá er hér einnig spurt hvort að verkhönnun hafi verið unnin fyrir báða kostina, Héraðsvatnaleið og Efribygðarleið. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

2. Athugasemd um lagningu línu um einkalönd.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efribygðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línan verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efribygðarleið benda á að svo er ekki.

Línunni er skv. lýsingu ætlað að liggja í gegn um Skagafjörð án allra tenginga við dreifikerfið sem þjónar almennungi. Eða eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líkt og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Þrátt fyrir tilkomu

Blöndulínu 3 verði Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 nauðsynlegir hlekkir í raforkuferfinu“. Tilgangur og markmið lagningar línunnar er að styrkja meginflutningskerfi raforku og gera kerfinu kleift að mæta umtalsverðri aukningu orkunotkunar (bls 1). Slík umtalsverð aukning getur bara orðið vegna stóriðjuframkvæmda eins og dæmi er tekið um í matslýsingunni um stækkun Becromal á Akureyri. Því er nýlagning Blöndulínu 3 eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línunum.

Ástæða er til að velta upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfi menn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

3. Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Í frummatsskýrslu er sagt að jarðrask tengt jarðstrengjalögn dragi úr umhverfislegum ávinningi. Hér er bent á að það ver að sjálfsögðu eftir aðstæðum. T.d. getur lítið borið á raski vegna lagningar jarðstrengs ef hann er lagður í vegköntum og vel getur gengið að græða upp land ef strengur er lagður í grónu landi. Hér er bent á að sá valkostur að leggja jarðstreng hefur ekki verið metinn og því ekki hægt að fullyrða neitt um aðstæður fyrir lagningu hans í tilfelli Blöndulínu 3. T.d. hefur ekki verið sýnt fram að slóðagerð vegna jarðstrengs þurfi endilega að vera lengri því þrátt fyrir að leggja eigi 107 km loftlínu þá stendur til að leggja 155 km af slóðum hennar vegna, þar af 105 km af nýjum slóðum. Þá er hér bent á að sjónræn áhrif af loftlínu vara allan líftíma línunnar á meðan sjónræn áhrif jarðstrengs geta verið lítil ef vel tekst upp við frágang og uppgræðslu þar sem það á við.

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að landeigendur á Efribyggðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhvern tíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærrí

framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Vakin er athygli á því að í umfjöllun um kosti bls. 36 er greint frá því að endurnýja þurfi núverandi 132 kV tengingu Blöndulínu 2 „með einhverjum hætti innan fárra áratuga en óljóst er með hvaða hætti það verður gert“. Er þetta nefnt í því sambandi að þetta séu gild rök fyrir því að Blöndulína 3 fylgi ekki núverandi línuleið. Hér er hins vegar spurt hvort að ætlunin sé að endurnýja Blöndulínu 2 innan fárra áratuga og auka þar með umfang hennar og eftir það liggi t.d. um Skagafjörð tvær línuleiðir með tilheyrandi áhrifum á sýnileika? Hér er einnig spurt hvort að ekki sé mögulegt að endurnýja Blöndulínu 2 nú og auka flutningsgetu hennar í núverandi línustæði og seinka á móti nýlagningu Blöndulínu 3 um nokkra áratugi?

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að áform um Efribyggðarleið ganga eftir.

Almennt

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og **talsvert jákvæð** en óbein á rekstartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra**.” Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **talsvert jákvæði, nokkuð jákvæð og verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats!** Umfjöllunin er úr inngangskaflanum 1.5.3 *Hugsanleg áhrif* en umhverfismatið og þeir þættir sem þar eru skoðaðir eru til umfjöllunar í kafla 6. um að hugsanlega og mögulega og kannski verði allir hlutir jákvæðir ef þetta eða hitt gerist! Gerð er alvarleg athugasemd við alla umfjöllun í kafla 1.5.3 *Hugsanleg áhrif*. Öll umfjöllun þar er sett fram án þess að hægt sé að vísa í heimildir og sem dæmi má efa það stórlega að fjölgun starfa geti talist umhverfisáhrif í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda.

Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskyt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Á móti má líka velta fyrir sér hver áhrif línunnar verði á atvinnurekstur á línuleiðinni, t.d. á uppbyggingu ferðaþjónustu, eflingu landbúnaðar og lífræns búskapar.

Raffræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Þar sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að oflesta kerfið með stóriðju einhversstaðar einhvern tíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásýnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafirði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribbyggð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfis til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfir.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að „...í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.“ Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr álit hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribbyggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirkni, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar Skagafjarðar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribbyggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

132 kV spenna/ 220 kV spenna

Umfang Blöndulínu, mastrastærð og rök framkvæmdaraðila fyrir því að ekki sé hægt að leggja línuna sem jarðstreng byggja á því að línuna þurfi að byggja fyrir 220 kV spennu. Engu að síður kemur skýrt fram í gögnum framkvæmdaraðila að línan eigi að vera á 132 kV spennu þar til spennan verður hækkuð „síðar meir“. Gerð er athugasemd við að áformuð sé umfangsmeiri framkvæmd heldur en þörf er á með vísun í óljósar fyrirætlanir um að síðar meir þurfi að hækka spennu vegna einhvers sem mögulega gerist einhvern tíman einhversstaðar. Óskað er eftir því að þetta verði skýrt og vísað í þarfagreiningu sem skýrir umfang framkvæmdar auk þess að tengja umfjöllunina við rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma og áform um uppbyggingu stóriðju.

Með því að leggja Blöndulínu 3 með lægri spennu væri ódýrara að leggja línuna sem jarðstreng og þar með draga úr neikvæðum áhrifum, t.a.m. á ásýnd. Línulögn með fram þjóðvegi myndi einnig draga úr raski.

Í þessu samhengi er bent á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun stendur: „Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að fram komi upplýsingar m.a. um hversu lengi áætlað sé að línan verði rekin á 132 kV spennu.“ Gerð er athugasemd við að ekki sé orðið við óskum Skipulagsstofnunar um að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að ekki koma fram upplýsingar um hversu lengi línan verður rekin á 132 kV spennu.

Línuleið

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að flokka það sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribyggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribyggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulínu 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagningar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er óásættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Erfitt er að sjá hvar áformað er að gera slóða þar sem það er sýnt á myndum 2-6 í myndahefti. Þessi myndkort eru sett fram í mælikvarða þar sem nær ómögulegt er að sjá hvar leggja á slóða og hvar ekki. Til að mynda mætti lesa út úr þessum myndum að engar slóðir eigi að leggja þar sem línan fer um land Mælifellsár á Efribyggð en þeirri spurningu er þá um leið ósvarað hvernig komast eigi að línunni! Eins er oft erfitt að sjá hvar slóðir eigi að vera og hvar ekki með fram allri línuleiðinni.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafi þótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjalllendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögð ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir læki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það vegnet sem keyra má eftir. Slóða skal flokka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að **slóðagerð þarf að vera skv. aðalskipulagi** viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.” Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og möl keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp keflum og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Lýsing valkosta

Á bls. 39 er Héraðsvatnaleið og Efribyggðarleið lýst og talað um að þær greinist frá Kolgröf en annars staðar er miðað við Kirkjuhól og er talað um að þar muni mögulegt tengivirki rísa. Hver er skýringin á þessu ósamræmi.

Myndasería bls. 32 – 35

Gerð er athugasemd við tilgang þess að sýna myndir af dæmum um „almennar aðstæður þar sem fyrirhugað er að leggja slóðir á línuleiðinni“. Verulega óljóst er hvaða tilgangi þessi myndasería þjónar enda er ekki sýnt á myndunum hvar slóðir eigi að liggja þar sem myndirnar eru teknar, tilhögun þeirra eða annað sem skiptir í raun máli.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð. Hins vegar er mikið gert úr því að það sé ókostur við jarðstrengjalögn að þá þurfi að gera slóða með fram allri strenglögnum. Ekki er hægt að sjá í frummatsskýrslunni í hverju þessi munur liggur.

Námur


Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Stofnun Sæmunda fróða um sjálfbæra þróun vann fyrir Landsnet rannsókn þar sem sannprófað var mat á umhverfisáhrifum fyrir Sultartangalínu 3¹. Í kynningarglærum á vef Skipulagsstofnunar úr erindi sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson hélt má sjá myndir af Sultartangalínu og slóðum sem henni fylgja og á vef Landsnets má sjá ýmsar myndir af slóðgerð tengdri línulögnum. Af myndunum af dæma er umfang slóðagerðar oft talsvert en í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggður vegur.

¹ Sjá

[http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur/\\$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur.pdf](http://www.skipulagsstofnun.is/focal/webguard.nsf/Attachment/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur/$file/Gu%C3%B0mundur%20Ingi%20Gu%C3%B0brandsson%20skyggur.pdf)



Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttað t.d. á girðingum.

Núllkostur

Í umfjöllun um núllkost er sagt að ef fallið sé frá lagningu Blöndulínu 3 verði erfitt að þjóna aukinni orkuþörf byggðar og atvinnulífs... í nánustu framtíð í þessum landshluta þar sem núverandi flutningskerfi er fullestað. Gerð er athugasemd við að Blöndulína 3 sem eini möguleikinn til að auka flutningsgetu um héraðið. Þá er gerð athugasemd við að gerð Blöndulínu 3 sé sögð brýn fyrir þennan landshluta enda engin áform uppi þar sem knýja á um gerð Blöndulínu 3.

Skipulag

Í kafla um skipulag er sagt að Blöndulína 3 sé í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaganna á svæðinu sem mörkuð sé í gildandi aðalskipulagi eða skipulagstillögum. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur ekki verið staðfest og í þeirri tillögu sem til umfjöllunar er hefur skipulagi verið frestað á þeirri leið sem tveir valkostir eru settir fram. Þar er því engin háspennulína inni á skipulagi og þarf að auglýsa breytingu á skipulagi til að setja hana inn. Æskilegt er að þetta komi fram. Fyrirliggjandi tillaga að Aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð hefur ekki verið staðfest af ráðherra.

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í áliti hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Minnt er á að í matsáætlun stendur: „Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri línuleiðinni eða að hluta til), kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu.“ Er hér óskað eftir því að þessi samanburður verði gerður fyrir alla línuna eða hluta hennar, í stað þess að einungis sé fjallað almennt um jarðstrengi og loftlínu eins og gert er í kafla 3.3 í frummatsskýrslu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012 og skal ráðherra flytja á Alþingi skýrslu um starf nefndarinnar fyrir 1. Október 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en /verði frestað þar til stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Athugasemd um heimildir

Í kafla 3.3.2, mynd 3.4 í frummatsskýrslu er sýnd almenn skýringarmynd um framkvæmdakostnað vegna lagningu jarðstrengja og loftlína miðað við flutningsgetu og spennu. Bent er á að ekki er vísað til heimildar um hvaðan þessar tölur koma. Lesanda er því ekki gert ljóst við reynslu hvaða landa er miðað í þessum samanburði. Ekki er vísað til heimilda fyrir mynd 3.4 og þá mynd er ekki að finna í þeim heimildum sem getið er í heimildaskrá frummatsskýrslunnar. Er þetta byggt á innlendri reynslu eða reynslu erlendis frá og að hve miklu leyti er hægt að yfirfæra þá reynslu yfir lagningu Blöndulínu 3?

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 155 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.” Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Óljós tilgangur umfjöllunar um 400 kV strengi

Í kaflanum um jarðstrengi er fjallað um 400 kV strengi en ekki er hægt að átta sig á hvers vegna það er gert í tengslum við framkvæmd þar sem nota á 220 kV strengi. Óljóst er hvers vegna valið er að fjalla um jarðstrengi eins og um sé að ræða fræðslufyrirlestur án tenginga við framkvæmdina sem um ræðir.

Viðgerðartími jarðstrengja

Mikið er gert úr því í umfjöllun um jarðstrengi að viðgerðartími jarðstrengja sé langur og vísað í erlenda reynslu frá Nýja Sjálandi þessu til stuðnings. Áhugavert væri að vita hver viðgerðartíminn á loftlínunum er á Nýja Sjálandi því vera kann að viðgerðartími á loftlínunum sé yfirhöfuð lengri á Nýja Sjálandi en á Íslandi af einhverjum ástæðum. Þá væri einnig áhugavert ef vísað væri í tölur um innlenda reynslu af jarðstrengjum. Engin önnur dæmi eru tekin um viðgerðartíma jarðstrengja en frá Nýja Sjálandi.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Helgunarsvæði

Bent er á að helgunarsvæði háspennulínu sem loftlínu er 40-75m á meðan helgunarsvæði jarðstrengs yrði 10-12 m skv. uppl. úr frummatsskýrslu.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribýggðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert neikvæðum áhrifum einstaka bæi á Efribýggðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að eftirtaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell, Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgaersvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljósmyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti. Slóðagerð mun hafa töluverð áhrif á sýnileika framkvæmdarinnar sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þá er gerð athugasemd við hversu mikill munur er á þeim landssvæðum og þeim skala sem þau eru sýnd á framangreindum myndkortum. Til að mynda má glögg sjá á mynd 21 úr Öxnadal hversu áberandi línán mun verða í nærumhverfi sínu á meðan stærð landsvæðis og áhrif frá þeirri loftþæð sem ljósmyndin er tekin fyrir myndir 15 og 16 gerir það að verkum að línán sýnist lítilfjörleg.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafirði sem er eitt af helstu kennileitum svæðisins og vinsæll staður til fjallgöngu.

Efribýggðaleið

Í umsögn um Efribýggðaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribýggðaleið muni línán ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línán frá öllum bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Áhrif mastra á sýnileika

Þann 29. mars 2012 hélt Landsnet opinn kynningarfund um rekstrarumhverfi fyrirtækisins og framtíðarþróun raforkuflutningskerfisins². Þar hélt Íris Baldursdóttir deildarstjóri kerfisstjórnar Landsnets erindi þar sem fjallað er um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd. Á einni kynningarglærurni er fjallað um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd:

Sérstök áhersla er lögð á að framkvæmdir við uppbyggingu og viðhald flutningsvirkja falli sem best að náttúrunni og valdi sem minnstum sjáanlegum og varanlegum áhrifum á náttúruna og umhverfið.

Athugun á nýjum mastragerðum

- Áhersla á minni sýnileika mastra sé þess kostur
- Samstarf við Statnett í Noregi um þróun nýrra mastragerða




Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línán muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efribýggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í


² Sjá <http://www.landsnet.is/landsnet/upplýsingatorg/fundur/opinnkynningarfundur/>

sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna. Fyrirhugað er að nota masturgerð sem eru að meðaltali 23m há stálgrindarmöstur með mun meiri sýnileika heldur en t.d. möstur sem eru sýnd á myndinni hér fyrir ofan sem Íris sýnir í kynningu sinni, og einnig með mun meiri sýnileika en t.d. möstur sem fyrirhugað er að nota fyrir Sv-línur eins og sagt er frá í matsskýrslu fyrir þá framkvæmd.³ Hér að neðan má sjá mynd 2.32 úr umhverfismati fyrir SV línur. Þar er sett inn möguleg hæð mastra.

Þar fyrir neðan er mynd úr frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3,



Mynd 2.32 Möstur fyrir 220 kV háspennulínur. Vinstra megin er frístandandi röramastur, í miðjunni er stagað M-mastur úr stálgrind og til hægri er stagað M-mastur úr stálörum.



Mynd 2.2 Stagað M-mastur án jarðvirseyrna (efst til vinstri) og með jarðvirseyrum (efst til hægri), frístandandi mastur, fjórfótungur (miðmynd til vinstri) og fjórfótungur með jarðvirseyrum (miðmynd til hægri), stagað sálhorn (neðst). Meðalhæð mastra er um 23 m.

³ Matsskýrsla fyrir Suðvestur línur.

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í kortum í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra.

Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Nýverið var haldin hugmyndasamkeppni á vegum Landsnets í samstarfi ið Statnet í Noregi. Hér er lögð fram sú spurning hvort að þær útfærslur sem þar komu fram geti hentað til að draga úr sýnileiki háspennulínunnar á þeim stöðum sem ekki er hægt að leggja hana sem jarðstreng.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efrabyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við áformaðar mótvægisáðgerðir vegna Vatnafars. Mótvægisáðgerðirnar eru allt of almennt fram settar, erfitt verður að sannreyna að þær hafi verið gerðar: „lágmarka á risk á votlendi eins og kostur er“ og „Halda á öllu jarðraski í lágmarki“. Erfitt er að sjá að hægt sé að sannreyna þessar áðgerðir.

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á válistategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð „staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri“. Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögn á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efrabyggð liggur um vel gróið land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina litið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efrabyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“.

Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnnum á landbúnaðarjörðum.

Mótvægisáðgerðir

Í kafla um gróðurfar segir: „Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða þar sem endurheimt verður jafn stórt votlendi og tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir þá eru heildaráhrif á votlendi talin óveruleg.“ Hvergi í skýrslunni er gerð grein fyrir meintri endurheimt votlendis og því alveg óljóst hvort, eða hvar og hvernig, það yrði framkvæmt. Þá má benda á að erfitt er að meta árangur mótvægisáðgerða og hvort af þeim hefur orðið þegar þær eru settar fram á svo óskýran hátt að óvissa er um umfang þeirra, staðsetningu og tímasetningu er óljós.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburmosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áðurnefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðapjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet⁴. Í frummatsskýrslu í samantektarkafli á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðapjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðapjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bölvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efrbyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séu í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar**. Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

⁴ Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar – Blöndulínu 3 – á ferðapjónustu og útivist. Gunnþóra Ólafsdóttir. Unnið fyrir Landsnet hr. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009.

Fornleifar

Fornleifarannsóknir

Í frummatsskýrslu stendur: „Við hönnun fyrirhugaðrar Blöndulínu 3, er tekið tillit til staðsetningar allra fornleifa og hættumats. Þannig er við ákvörðun á staðsetningu línumastra og vegslóða reynt eins og mögulegt er að sneiða fram hjá fornleifum en þessi niðurstaða fæst með því að samkeyra fornleifagögn samhliða hönnunargögnum. Niðurstaðan er sú að miðað við núverandi staursetningu þá er minnsta fjarlægð masturs að þekktri fornleif um 30 m. Með hnitsettar staðsetningar á hverri þekktri fornleif er síðan hægt að sneiða framhá skráðum fornleifum við slóðagerð. Áhrif á fornleifar eru því talin óveruleg.“ Eins og fram kemur í skýrslu um fornleifarannsókn, er henni ekki lokið og því ekki hægt að fullrða um áhrif línulagnarinnar á allar fornleifar á leiðinni. Gera verður þá lágmarkskröfu að tilskyldum rannsóknum sé lokið áður en matsskýrslur eru samþykktar.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- og rekstartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðapjónustu og útivist.

Grunnástand

Bent er á að aðalskipulag fyrir Skagafjörð hefur ekki verið staðfest og því er ekki hægt að segja að þetta og hitt sé í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi. Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línustæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólki er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því

spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Útreikningar, raf og segulsvið

Í frummatsskýrslu eru sýndir „útreikningar á rafsviði og segulsviði umhverfis fyrirhugaða háspennulínu. Útreikningarnir eru miðaðir við eðlilegt rekstrarástand línunnar fyrir 220 MVA flutning frá Blöndustöð að Kífsá norðan við Akureyri“. Línan er hins vegar hönnuð fyrir um 560 MVA flutningsgetu þó línan verði rekin á 132 kV spennu til að byrja með. Farið er fram á að útreikningar á rafsviði, segulsviði og hljóðvist miði við 560 MVA.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að í kaflanum um heildaráhrif og niðurstöðu sé sagt í kafla um samfélag að „Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og talsvert jákvæð en óbein á rekstartíma og geta orðið frá nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.“ Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við umfjöllun í kafla 6 um umhverfisáhrif en þar er enga umfjöllun að finna um atvinnuástand og vinnumarkað á svæðinu enda ekki einn af þeim umhverfisþáttum sem teknir voru til skoðunar. Má enda benda á að hugsanleg jákvæð áhrif á vinnumarkað vegna hvers kyns framkvæmda geti ekki talist til umhverfisáhrifa þeirra. Umfjöllun í frummatsskýrslu um samfélag einkorðast við umfjöllun um ferðaþjónustu.

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuheidi.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gefið mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásýnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllst

✍

Hrafnhildur Brynjólfsson
050670-3849



HRAUN Í ÖXNADAL EHF

POBOX 270 • IS 602 AKUREYRI • jonas.hallgrimsson@simnet.is • KT 440703 3560 • BANKI 1145 26 3560

Landsnet hf


Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Hraun í Öxnadal ehf er menningarfélag, stofnað árið 2003. Hlutverk þess að reka fræðasetur að Hrauni og halda á loft minningu um skáldið og náttúrufræðinginn Jónas Hallgrímsson. Árið 2007 var opnaður fólkvangur sem nær yfir meginhluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal. Gefið var út gönguleiðakort af svæðinu. Sama ár opnaði forseti Íslands minningarstofu um Jónas Hallgrímsson í íbúðarhúsinu að Hrauni.


Vegna fyrirhugaðrar lagningar Blöndulínu 3 niður Öxnadal vill stjórn Hrauns í Öxnadal ehf koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

1. Það er skoðun stjórnar Hrauns í Öxnadal ehf að fólkvangurinn hefði ekki átt að takmarkast einungis við jörðina Hraun heldur ná til jarðanna Hóla, Háls og Þverbrekku. Þær eru allar hluti af landslagsheild Öxnadals sem er merkileg í jarðsögulegu tilliti.
2. Ljóst er af myndum í frummatsskýrslu, að fyrirhuguð loftlína verður mjög áberandi í landslagi dalsins og hefur mikil sjónræn áhrif. Enda þótt línan liggji ekki um land Hrauns verður hún mjög sýnileg þaðan, einkum sá hluti hennar sem liggur um land Hóla. Hún mun þverskera, óþrýða og skemma lítt snortið svæði og verða áberandi göngumönnum sem ferðast um fólkvanginn.
3. Í texta við mynd 25 í myndahefti með frummatsskýrslu er gildi Hrauns í Öxnadal sem landslags heildar metið hátt – og er það að réttu. Hins vegar stangast þetta við texta við mynd 26 en þar eru áhrif línulagnarinnar talin óveruleg. Að mati stjórnar Hrauns í Öxnadal ehf eru áhrifin veruleg á þessa landslagsheild, einkum þar sem talið er að loftlinur sjáist í allt að 5 km fjarlægð.
4. Slóðagerð um land Hóla mun hafa veruleg áhrif á hólsvæðið, sem er viðkvæmt fyrir raski. Það er hins vegar jákvætt að ekki er gert ráð fyrir námum til efnistöku í hólunum, sem væri mikill skaði.
5. Ljóst er af frummatsskýrslu, að jarðstrengur er dýrari en loftlína og lagning hans veldur einnig talsverðu raski, en er ekki eins sýnilegur. Þótt jarðstrengur ylli tímabundnu raski og slóðir yrðu sýnilegar, telur stjórn Hrauns í Öxnadal ehf að sú leið væri mun vænlegri.
6. Það er því tillaga stjórnarinnar að loftlína verði ekki lögð þvert yfir hólsvæðið í landi jarðarinnar Hóla, heldur verði línan lögð í jörð meðfram þjóðveginum. Þannig hverfa sjónrænar skemmdir í Hólum að mestu leyti og þjóðvegurinn mundi gagnast sem línuvegur.

Kópavogi, 1. maí 2012


Tryggvi Gíslason
formaður stjórnar Hrauns í Öxnadal ehf

Lögfræðipjónusta
Sigurðar Sigurjónssonar hrl. ehf. kt. 570800-2560
Kringlunni 4-12, Box 8552 128 Reykjavík – Ísland
Sími: 578-7805 – 8921303 – Netfang: sigurdursig@gmail.com
Sigurður Sigurjónsson hrl.



Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík 25.4.2012.

Efni: Blöndulína 3 háspennulína. Mat á umhverfisáhrifum.

Mér hefur falið Hæðargarður ehf. eigandi jarðarinnar Krossastaðir í Hörgársveit að koma á framfæri við Skipulagsstofnun andmælum gegn fyrirhugaðri lagningu Blöndulínu 3 um land jarðarinnar Krossastaða.

Undirritaður hefur kynnt sér nokkuð mat á umhverfisáhrifum samkvæmt skýrslu sem dreift hefur verið í rafrænu formi og má sjá af umræddri skýrslu, að fyrirhuguð lagning línunnar felur í sér hvoru tveggja eignaspjöll og stórkostlega röskun á lífríki á því svæði, sem línunni er ætlað að fara yfir. Umbjóðandi minn hefur falið mér að koma á framfæri athugasemdum og þykir rétt að koma eftirfarandi á framfæri:

- 1) Samkvæmt umræddri skýrslu er háspennuvirkjum ætlað að liggja í byggð úr Öxladal og í Hörgárdal yfir hjá Moldhaugum og til Akureyrar.
Umbjóðanda mínum þykir ljóst að ekki hafi verið hugað nægilega að mögulegri línusetningu en aðrir kostir blasa þó við.
Þannig hefði mátt fara Hörgárdal norðan megin dalsins og setja jarðlínu hjá Möðruvöllum, Moldhaugum og yfir á Akureyri.
Einnig blasir við að unnt hefði verið að velja aðra kosti og taka línu úr Skagafirði yfir hálendið og síðan í fjalllendi niður til Akureyrar og er þá átt við sunnan Öxnadals og Hörgárdals.
Þá er ljóst, að ef nauðsyn hefði borið til að fara Norðurárdal og upp yfir Öxnadalshéiði að möguleiki hafi blasað við að fara annað tveggja svokallaðan Almenning og suður yfir heiði og til Akureyrar.
Þá má fara inn Vaskárdalinn og sömu leið til suðurs.
- 2) Við lagninu háspennuvirkis í byggð eins og fyrirhugað er, er ljóst að um dýrara mannvirki er að tefla en felst í jarðlögn. Verður að telja þegar til lengri tíma er litið að hagsmunir landeigenda til nýtingar í framtíð á lendum sínum séu þannig betur varðveittir.
Það er til vansa að kostnaðarmat það, sem lagt er upp með í frummatskýrslunni er gallað að þessu leyti að einungis er horft til krónulegs tilkostnaðar en ekki aðstæðna og þess tjóns sem skapast af því að velja annan kostinn umfram hinn.
- 3) Við lestur skýrslunnar er það niðurstaða fagaðila, að lagning háspennulínu og mastra muni leiða til stórkostlegrar röskunar á öllu lífríki með því að votlendi er spillt og

gróðri. Þá blasir við að línustæðið, eins og fyrirhugað er, er í byggð eða á nýtanlegu landi og er fráleitt að velja línustæðið svo nærri vegi og byggð í stað þess að leita eftir línustæði ofar, enda er það augljóslega hagkvæmara með því að vegalengd styttest stórlega til Akureyrar.

- 4) Verði talið óhjákvæmilegt að fara út í lagningu háspennulínu er því mótmælt að það verði með öðrum hætti en með jarðstreng. Þá verður ekki unað við mismunun í því tilliti hvað varðar svæði. Ef farið er um byggð verður að líta til þess að um heilsuspillandi framkvæmdir er að tefla, sem leiðir ekki aðeins til landspjalla og fjárhagslegs tjóns fyrir jarðeigendur.

Af hálfu umbjóðanda míns er mótmælt lagningu slíkra háspennulínu um land Krossastaða eins og framan greinir og jafnframt er áskilinn allur réttur til þess að hafa uppi við andmæli á öllum stigum við slíkum áformum og áskilinn allur réttur til þess að hafa uppi skaðabótakröfur verði reynt að fara yfir land umbjóðanda míns með einum eða öðrum hætti. Hvort heldur er um jarðstreng eða háspennuvirki að tefla.

Þar sem veittur var frestur til 3. maí nk. til að hafa uppi athugasemdir er þessu stuttu andmælum komið á framfæri að svo stöddu, en jafnframt er áskilinn réttur til, þegar færi hefur gefist meðal annars vegna veðurs, landskoðunar og athugunar, sem leiða af matskýrslunni til þess að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst


Sigurður Sigurjónsson hfl.

Blöndulína 3 (220 kV)
Mat á umhverfisáhrifum.
Athugasemdir vegna frummatsskýrslu

Dagsetning: 1.maí 2012

Hér á eftir eru athugasemdir við frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3.
Fyrst skal það tekið fram að lagningu Blöndulínu 3 sem loftlínu er alfarið hafnað af undirrituðum.

- Ósamræmi við matsáætlun

Hér á eftir eru tilgreind fjölmörg atriði þar sem misræmi er milli matslýsingar og frummatsskýrslu þar á meðal lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, umfjöllun um efnistökvæði, óveður, mat á þeim valkosti að leggja jarðstreng, áhrif á samfélag kortlagningu ósnortinna víðerna, umferð, starfsmannaáðstöðu, útfærslu slóða og val á möstrum. Umfang þessa ósamræmis milli frummatsskýrslu og matslýsingar er umtalsvert þegar allt er tekið til. Hér er farið fram á að við þessu ósamræmi verði brugðist með öðrum af eftirtöldum kostum:

- Umfjöllun í frummatsskýrslu verði unnin í samræmi við matslýsingu.
- Ef ekki er talin ástæða til að vinna frummatsskýrslu í samræmi við matslýsingu þá er óskað eftir því að matslýsing verði uppfærð miðað við þær fyrirætlanir og tillaga að matslýsingu auglýst á ný.

Í matsáætlun er talað um að endurnýja þurfi byggðarlínuna vegna aldurs og að hún mæti ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til Landsnets um rafmagnsgæði. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að gamla byggðalínan verði notuð áfram og ekki gert ráð fyrir að tengja Blöndulínu 3 við notendur í Skagafirði. Hins vegar þurfi að endurnýja byggðalínuna síðar. Óskað er skýringa á þessum mun á fyrirætlunum Landsnets, nú er ekki lengur um að ræða endurnýjun byggðalínunnar heldur nýlagning í gegn um Skagafjörð til að fletja rafmagn milli framleiðenda og notenda fjarri Skagafirði.

Í matslýsingu er sagt að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri leiðinni eða að hluta til) kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu. Í svörum framkvæmdaaðila við athugasemdum vegna tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram „nauðsynlegt er að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu“. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun er sagt að leggja þurfnat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti og bera þann valkost saman við lagningu loftlínu. Þrátt fyrir ofangreind svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar er **sá valkostur að leggja jarðstreng ekki borinn saman við þann valkost að leggja línuna sem loftlínu**. Framkvæmdaaðili ber fyrir sig að um misskilning sé að ræða. Hér er bent á að ég og fleiri sem gerðum athugasemdir við tillögu að matslýsingu skildum svör framkvæmdaaðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar sem svo að jarðstrengir yrðu teknir til mats sem valkostir. Í svári framkvæmdaaðila er enda talað um að nauðsynlegt sé að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs og þar sem um er að ræða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda þá þótti ljóst að jarðstrengur yrði tekin til mats sem valkostur.

Hér er því gerð athugasemd við að jarðstrengur sé ekki settur fram sem valkostur og óskað eftir því að frummatsskýrsla verði unnin í samræmi við það. Ef það er ekki ætlun framkvæmdaaðila er óskað eftir því að matslýsing verði unnin á ný þar sem fyrirætlun framkvæmdaaðila er skýrð.

Í matslýsingu er sagt að huganlegum áhrifum á **samfélag** verði lýst ásamt áhrifum á útivist og ferðamennsku. Í frummatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif á útivist og ferðamennsku í kafla 6 um grunnástand og umhverfisþætti en **umfjöllun um samfélag sleppt að öðru leyti**. Hér er bent á þetta misræmi milli matslýsingar og frummatsskýrslu. Í matsáætlun er sagt að ítarlega verði fjallað um **efnistökustaði** og gerð verði grein fyrir því **magni** sem ráðgert er að taka á hverjum stað. Þetta hefur ekki verið gert því í frummatsskýrslunni er gengið skemur með því að fjalla eingöngu um mögulega efnistökvæði og mögulegu efni sem er hægt að vinna á hverjum stað. Gerð er athugasemd við að ekki sé gerð grein fyrir „því magni sem ráðgert er að taka á hverjum stað“ eins og segir í matsáætlun og bent á misræmi milli matsáætlunar og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um **óveður** á fyrirhugaðri línuleið í frummatsskýrslu. Það er ekki gert heldur er eingöngu vísað í skýrslu Væðurstofu Íslands og sagt að vindálag og ísing muni ekki ógna afhendingaröryggi frá Blöndustöð að Akureyri. Skýrsla Væðurstofunnar er ekki aðgengileg með kynningargögnum frummatsskýrslunnar og því ekki hægt að segja að nánar sé fjallað um óveður á línuleiðinni í frummatsskýrslu. Hér er því bent á misræmi við matslýsingu enda á frummatsskýrslu samkvæmt leiðbeiningum skipulagsstofnunar að geta staðið **serjálftætt rit**.

Í matslýsingu er sagt að gerð verði kort sem sýni útbreiðslu **ósnortinna víðerna** eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þetta er ekki gert heldur sagt að greining á ósnortnum víðernum haffeitt í ljós að skerðing ósnortinna víðerna verði lítil sem engin af völdum fyrirhugaðra framkvæmda (bls. 60). Því séu ósnortin víðerni ekki tekin inn í gildismat fyrir landslagsheildir. Hér er bent á ósamræmi milli matslýsingar sem segir að kort verði gerð sem sýni ósnortin víðerni og þeirrar umfjöllunar sem er í frummatsskýrslu. Lesandi getur ekki út frá þessu gert sér grein fyrir hvort skerðing ósnortinna víðerna verði lítil sem engin, né heldur hvar þessi skerðing verði.

Í matslýsingu er greint frá því að í frummatsskýrslu verði fjallað um **unnumferð** á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Engin sérstök umfjöllun er í frummatsskýrslu um umferð og er hér bent á þetta ósamræmi við matslýsingu.

Í matsáætlun er sagt að í frummatsskýrslu verði fjallað um staðsetningu og umfang **starfsmannaáðstöðu**. Í matsskýrslu er hins vegar sagt að mögulegar staðsetningar vinnubúða verði ákveðnar síðar. Þarna er misræmi á milli fyrirheita í matsáætlun og umfjöllunar í frummatsskýrslu.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði grein fyrir **útfærslu slóða** í frummatsskýrslu en það er ekki gert umfram þá umfjöllun að slóðar verði 4,5 m og 150km að lengd. Óskað er skýringa á því hvers vegna ekki er gerð nánari grein fyrir slóðagerð en

uu

sem nemur almennri umfjöllun á sem nemur einni A4 bls. Ekki eru gefnar upplýsingar um þversnið, skeringar og fyllingar, áætlaða ræsagerð og lega slóða er sýnd mjög ónákvæmt. Um er að ræða 105km nýframkvæmd og 50km endurbyggingu eldri slóða.

Í matsáætlun er sagt að unnið sé að endanlegri tillögugerð um val **ánöstrum** í Blöndulínu 3 og að gerð verði grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir nokkrum tegundum mastra (mynd 2.2.). Þar eru einnig sýnd hugsanleg snjóflóðamöstur og ekki gerð frekari grein fyrir þeim, hæð þeirra eða virkni. Þar er því ekki verið að gera grein fyrir niðurstöðum um val á möstrum og er óskað eftir skýringum á því ósamræmi við matslýsingu.

Í matslýsingu er sagt að í „ljósi reynslunnar af lagningu háspennulína hér á landi „megi leiða „líkum að því að á framkvæmdatíma muni helstu umhverfisáhrif tengjast slóðagerð, efnisflutningum og aukinni umferð“. Hér er bent á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili þekki þessi helstu umhverfisáhrif á framkvæmdatíma þá gerir hann ekki grein fyrir helstu efnisflutningaleiðum í frummatsskýrslu né heldur umfangi aukinnar umferðar.

Í matslýsingu er sagt að fjallað verði um á „hvada hátt fyrirhugaðar framkvæmdir geta haft áhrif á landslag og sjónræna þætti og hugsanlegar mótvægisáðgerðir“. Hér er bent á að ekki er fjallað um neinar mótvægisáðgerðir fyrir sjónræn áhrif af línulögninni þrátt fyrir að greind séu nokkuð neikvæð til talsvert neikvæð umhverfisáhrif á ásýnd (bls 129).

Í matslýsingu eru Norðurlandsskógur á lista yfir helstu umsagnar- og samráðsaðila vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar en í frummatsskýrslu er Norðurlandsskógur sleppt á lista um umsagnaraðila á bls. 3. Dæmi eru um að svæði innan Norðurlandsskóga séu innan áhrifsvæðis línunnar t.d. í innan 1km fjarlægðar frá línunni þar sem sjónræn áhrif eru umtalsverð t.d. í landi Mælifellsár.

Á nokkrum stöðum eru ekki sýndir slóðar með fram línunni og er ekki gerð grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst komast að línunni á þeim svæðum.

Í matsáætlun er sagt að gerð verði ítarleg grein fyrir efnistöðustöðum og niðurstaðan sé háð verkhönnun en vinna við hana standi yfir og ljúki veturinn 2008-2009. Hér er því spurt hvort að verkhönnun sé lokið eins og áætlað hafiverið ef svo er, hvers vegna enn er óvissa um slóðagerð, staðsetningu mastra og nothæfa efnistökuastaði ef svo sé, eins og fram kemur í frummatsskýrslu. Þá er hér einnig spurt hvort að verkhönnun hafi verið unnin fyrir báða kostina, Héraðsvatnaleið og Efribygðarleið. Bent er á að vanin er í umhverfismati framkvæmda fyrir t.d. stórverkefni í vegagerð að fyrir liggja frumhönnun framkvæmdarinnar (sjá t.d. umhverfismat fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur) en frumhönnun Blöndulínu 3 er ekki á meðal kynningargagna fyrir framkvæmdina og ekki er vísað í neitt slíkt í heimildaskrá.

- Athugasemd um lagningu línu um einkalönd.

Fyrir liggja frá árinu 2008 athugasemdir landeigenda á svokallaðri Efribygðarleið sem settur er fram sem valkostur í umhverfismatinu. Hafna landeigendur því alfarið að línun verði lögð á einkalöndum þeirra. Það liggur því fyrir að um þessi einkalönd verður ekki farið nema að undangengnu eignarnámi en til þess að hægt sé að taka lönd eignarnámi þurfa skilyrði stjórnarskrár um almenningsþörf að vera uppfyllt. Landeigendur á Efribygðarleið benda á að svo er ekki.

Línunni er skv. lýsing áætlað að liggja í gegn um Skagafjörð án allra tenginga við dreikarfið sem þjónar almenningi. Eða eins og segir í frummatsskýrslu „Fyrirhuguð lína mun að minnsta kosti ekki í fyrstu, tengjast Varmahlíð líft og Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 gera í dag“ (bls. 21). Í frummatsskýrslu segir einnig að „ekki sé vitað að svo komnu máli hvenær Rangárvallalína 1 verður tekin niður né hvers kyns tenging leysi hana af hólmi þegar þar að kemur. Þrátt fyrir tilkomu Blöndulínu 3 verði Rangárvallalína 1 og Blöndulína 2 nauðsynlegir hlekkir í raforkukerfi“. Tilgangur og markmið lagningar línunnar er að styrkja meginflutningskerfi raforku og gera kerfinu kleift að mæta umtalsverðri aukningu orkunotkunar (bls 1). Slík umtalsverð aukning getur bara orðið vegna stóriðjuframkvæmda eins og dæmi er tekið um í matslýsingunni um stækkun Becromal á Akureyri. Því er nýlagning Blöndulínu 3 eingöngu gerð til að mæta orkuþörf stóriðju en ekki til að mæta almenningsþörf fyrir raforku. Henni mætti mæta með Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu og eðlilegu viðhaldi/endurnýjun á þeim línun.

Ástæða er til að velja upp þeirri spurningu hvort að landeigendum á línuleið Blöndulínu 3 verði gert að niðurgreiða flutningskerfi raforku til stóriðju með því að farið verði um lönd þeirra með góðu eða illu og þar þurfinn að sætta sig við lagningu háspennulínu um landbúnaðar og ferðaþjónustuhéruð án þess að geta rönd við reist. Hersu margar þurfa byggðalínurnar að vera ?

- Athugasemdir við frummatsskýrslu.

Umfang framkvæmdar og lagning loftlínu

Gerð er athugasemd við að áformað sé að leggja Blöndulínu 3 sem loftlínu. Í frummatsskýrslu eru ekki sett fram sannfærandi rök fyrir nauðsyn þess að Blöndulína 3 sé byggð fyrir svo háa spennu og flutningsgetu.

Tekið er undir frummatsskýrslu þar sem segir um samanburð loftlínu og jarðstrengs: „Sé litið til framangreinds er heildarniðurstaðan sú að ef eingöngu er litið til sjónrænna áhrifa Blöndulínu 3 væri álitlegt að leggja línuna sem jarðstreng á hluta línuleiðarinnar.“

Í frummatsskýrslu er sagt að jarðrask tengt jarðstrengjalögn dragi úr umhverflegum ávinningi. Hér er bent á að það ver að sjálfsgöngu eftir aðstæðum. T.d. getur lítið borið á raski vegna lagningar jarðstrengs ef hann er lagður í vegköntum og vel getur gengið að græða upp land ef strengur er lagður í grónu landi. Hér er bent á að sá valkostur að leggja jarðstreng hefur ekki verið metinn og því ekki hægt að fullyrða neitt um aðstæður fyrir lagningu hans í tilfalli Blöndulínu 3. T.d. hefur ekki verið sýnt fram að slóðagerð vegna jarðstrengs þurfiendilega að vera lengri því þrátt fyrir að leggja eigi 107 km loftlínu þá stendur til að leggja 155 km af slóðum hennar vegna, þar af 105 km af nýjum slóðum. Þá er hér bent á að sjónræn áhrif af loftlínu vara allan líftíma línunnar á meðan sjónræn áhrif jarðstrengs geta verið lítil ef vel tekst upp við frágang og uppgræðslu þar sem það á við.

Loks er sagt í frummatsskýrslu að út frá fjárhags- og rekstrarsjónarmiðum sé „ekki talið raunhæft að leggja Blöndulínu í jörð“ og vísað til almennra gagna um samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum á heimasíðu Landsnet. Gerð er athugasemd við að á bak við þessa staðhæfingu standa einungis almenn gögn en ekki sérhæfð umfjöllun um Blöndulínu 3 sérstaklega, hönnunarforsendur, valkostir um línuleiðir fyrir jarðstrengi, þarfagreining og kostnaðar og ábatamat. Bent er á að

landeigendur á Efribygðarleið hafna alfarið lagningu 220kV háspennulínu, svonefndar Blöndulínu 3 sem loftlínu um jarðir þeirra og var undirskriftalisti með nöfnum þeirra sendur Landsneti, sveitarfélaginu Skagafirði og fleiri aðilum sumarið 2011. Bréfið var m.a. lagt fram á fundi Byggðaráðs í Skagafirði þann 11.8.2011.

Þá er því hér mótmælt að Landsnet áformi að byggja línu sem er hönnuð miðað við að geta tekið við öllum mögulegum nýjum orkuframleiðendum sem geta komið einhverntíman í framtíðinni einhversstaðar á Íslandi eins og gert er skóna að í kafla 2.1.1. Slíkt leiðir til þess að mun stærri framkvæmd er áætluð en þörf er fyrir og dregur úr líkum þess að hægt sé að leggja línuna sem jarðstreng, þrátt fyrir að jarðstrengur geti verið með næga flutningsgetu til að anna þörfinni næstu tugi ára.

Vakin er athygli á því að í umfjöllun um kosti bls. 36 er greint frá því að endurnýja þurfi núverandi 132 kV tengingu Blöndulínu 2 „með einhverjum hætti innan fárra áratuga en óljóst er með hvaða hætti það verður gert“. Er þetta nefnt í því sambandi að þetta séu gild rök fyrir því að Blöndulína 3 fylgi ekki núverandi línuleið. Hér er hins vegar spurt hvort að ætlunin sé að endurnýja Blöndulínu 2 innan fárra áratuga og auka þar með umfang hennar og eftir það liggja t.d. um Skagafjörð tvær línuleiðir með tilheyrandi áhrifum á sýnileika? Hér er einnig spurt hvort að ekki sé mögulegt að endurnýja Blöndulínu 2 nú og auka flutningsgetu hennar í núverandi línustæði og seinka á móti nýlagningu Blöndulínu 3 um nokkra áratugi?

Þá er gerð athugasemd við að áformað sé að brjóta land undir mannvirki sem áður hefur verið án allra mannvirkja og þannig verði núverandi mannvirkjabelti þanið út ef að áform um Efribygðarleið ganga eftir.

Almennt

Inngangur, samantekt.

Í inngangi Samantektar segir : “Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma **ogtalsvert jákvæð** en óbein á rekstrartíma og geti orðið frá **nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra**.“ Bent er á að engar rannsóknir liggja til grundvallar þessum fullyrðingum og það er beinlínis villandi að nota orðalag eins og **ogtalsvert jákvæði, nokkuð jákvæð** og **verulaga jákvæð yfir áhrif sem ekki eru hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar og hafa ekki verið tekin til mats** Umfjöllunin er úr inngangskafnanum *1.5.3 Hugsanleg áhrif* en umhverfismatið og þeir þættir sem þar eru skoðaðir eru til umfjöllunar í kafla 6.

um að hugsanlega og mögulega og kannski verði allir hlutir jákvæðir ef þetta eða hitt gerist! Gerð er alvarleg athugasemd við alla umfjöllun í kafla 1.5.3 Hugsanleg áhrif. Öll umfjöllun þar er sett fram án þess að hægt sé að vísa í heimildir og sem dæmi má efa það stórlega að fjölgun starfa geti talist umhverfisáhrif í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda. Engar rannsóknir liggja til grundvallar vangaveltum um uppbyggingu og fjölgun starfa í héraði. Verkið er útboðsskilyrt á EES svæðinu og því mögulegt að áhrif á vinnumarkað, á byggingartímanum, verði hverfandi því eins og fram kemur síðar í frummatsskýrslunni er ekki meiningin að tengja línuna neins staðar á legusvæðinu, fyrr en einhverntímann síðar og þangað til getur ekki verið um nein jákvæð áhrif að ræða.

Á móti má líka velta fyrir sér hver áhrif línunnar verði á atvinnurekstur á línuleiðinni, t.d. á uppbyggingu ferðaþjónustu, eflingu landbúnaðar og lífræns búskapar.

Rafræðilegar hönnunarforsendur.

Í kafla 2.1.3 er sagt: „Par sem líkur eru á mikilli umferð almennings verður sett sérstakt spennujöfnunarskaut (stýrisskaut) til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu“. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessa mögulegu hættu. Upplýsingar vantar t.d. fyrir bændur, búfénað og aðra sem eiga leið um möguleg línusvæði sem útskýra betur við hvað er átt með þessu, hvert umfang þessara spennujöfnunarskauta er, hver virkni þeirra er, hvar þau verða staðsett og um hvaða hættu er verið að ræða.

Tilgangur

Í frummatsskýrslu stendur: „Tilgangur með lagningu Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi. Verkefnið er jafnframt fyrsti áfanginn í að auka flutningsgetu byggðalínuhringsins um landið.“

Augljós aðaltilgangur Blöndulínu 3 er að styrkja flutningskerfið vegna stóriðju og frekari virkjana. Engin ástæða væri fyrir því að byggja nýja Blöndulínu 3 vegna orkunotkunar á Norðurlandi Vestra ef ekki væri fyrirhugað að **oesta** kerfið með stóriðju einhversstaðar einhverntíman. Hér er því spurt þeirrar grundvallarspurningar hvort að íbúar í stóriðjulausum héruðum eigi þegjandi að samþykkja risastaurastæður, línur og tilheyrandi slóðagerð sem hefur mikil áhrif á þeirra svæði, ásjúnd og ímynd? Það má líka spyrja hvað það þarf að byggja upp mikið flutningakerfi til að afstýra því að spennufall verði sem gæti haft afdrifarík áhrif á rekstur álveranna sem eins og þekkt er, þola ekki straumleysi nema í stuttan tíma.

Þá er bent á að hugmyndir um orkufrekan iðnað í Skagafirði hafa verið tengdar virkjun innanhéraðs og ráðast því ekki af því hvort Blöndulína 3 er reist.

Bent er á að engin áform eru uppi um „umtalsverða aukningu orkunotkunar“ í Eyjafði, Skagafirði eða Húnavatnssýslu sem getur réttlætt nýlögn Blöndulínu 3 og því marklaust að vísa í einhverja hluti sem mögulega, hugsanlega eða kannski geta orðið í fjarrænni framtíð, eins og gert er í kafla 1.1 um tilgang og markmið framkvæmdarinnar.

Rannsóknir

Gerð er athugasemd við vinnubrögð þeirra sem rannsökuðu gróðurfar og fuglalíf. Þeir sem framkvæmdu þessa athugun fóru t.d. um landsvæði á Efribygð eins og þjófar að nóttu og höfðu ekkert samband við ábúendur á svæðinu né óskuðu upplýsinga frá þeim. Um leið er fornleifarannsakendum hrósað en þeir óskuðu leyfi til yfirferðar á landinu og leituðu eftir upplýsingum sem heimamenn kynnu að búa yfr.

Valkostir

Hér er tekið undir álit Skipulagsstofnunar um að “...í frummatsskýrslu þurfað fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því.” Í frummatsskýrslu er þessi ábending Skipulagsstofnunar ekki tekin til umfjöllunar.

Kynning og samráð

Ekki hefur verið orðið við umsögn Skipulagsstofnunar úr áliti hennar um matsáætlun um að fram komi í frummatsskýrslu „upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi“. T.d. kemur það hvergi fram að allir ábúendur á Efribýggð hafa alfarið hafnað línulögn um sín lönd sem loftlínu og hafa að auki gert fjölmargar athugasemdir um þörf fyrir mannvirknið, valkosti og fleira. Að auki er hér bent á að fundum sveitarstjórnar Skagafjarðar 2008 kom fram að fyrir meirihluta sveitarstjórnar væri fyrsti kostur að línan verði lögð í jörð. Þá var framundan kynning Landsnets á umræddum línukostum fyrir Sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd og sagt að í framhaldinu yrði stefna sveitarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Í dag hefur sveitarstjórn ekki sett fram stefnu sína um loftlínu/jarðstreng á Efribýggðaleið og Héraðsvatnaleið enda er skipulagi þar frestað.

132 kV spennna/ 220 kV spennna

Umfang Blöndulínu, mastrastærð og rök framkvæmdaraðila fyrir því að ekki sé hægt að leggja línuna sem jarðstreng byggja á því að línuna þurfi að byggja fyrir 220 kV spennu. Engu að síður kemur skýrt fram í gögnum framkvæmdaraðila að línan eigi að vera á 132 kV spennu þar til spennan verður hækkuð „síðar meir“. Gerð er athugasemd við að áformuð sé umfangsmeiri framkvæmd heldur en þörf er á með vísun í óljósar fyrirætlanir um að síðar meir þurfi að hækka spennu vegna einhvers sem mögulega gerist einhverntíman einhversstaðar. Óskað er eftir því að þetta verði skýrt og vísað í þarfagreiningu sem skýrir umfang framkvæmdar auk þess að tengja umfjöllunina við rammaáætlun um nýtingu vatns og jarðvarma og áform um uppbyggingu stóriðju.

Með því að leggja Blöndulínu 3 með lægri spennu væri ódýrara að leggja línuna sem jarðstreng og þar með draga úr neikvæðum áhrifum, t.a.m. á ásynd. Línulögn með fram þjóðvegi myndi einnig draga úr raski.

Í þessu samhengi er bent á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun stendur: „Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að fram komi upplýsingar m.a. um hversu lengi áætlað sé að línan verði rekin á 132 kV spennu.“ Gerð er athugasemd við að ekki sé orðið við óskum Skipulagsstofnunar um að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að ekki koma fram upplýsingar um hversu lengi línan verður rekin á 132 kV spennu.

Línuleið

Ferðaleiðir og áhrif á línuleið.

Í frummatsskýrslu segir að Kiðaskarð sé „vinsæl ferðaleið og því yrðu áhrif línu þar mikil“. Þetta er nefnt sem rök fyrir því að Kiðaskarðsleiðin er ekki tekin til mats sem valkostur. Kiðaskarð er vissulega skemmtileg ferðaleið en að þetta þá sem vinsæla ferðaleið eru ýkjur. Hins vegar er leiðin um Mælifellsdal vinsæl ferðaleið en það virðist ekki hafa haft áhrif á að Landsnet þykir samt ástæða til að Efribýggðaleið sé metin sem valkostur þar sem Blöndulína 3 þverar Mælifellsdal á áberandi hátt.

Landsnet

Spurt er hvernig Landsnet hyggst „taka tillit til þeirra sjónarmiða sem upp munu koma við mat á umhverfisáhrifum línunnar“ eins og sagt er á bls. 50 í frummatsskýrslu, t.d. þá kröfu að jarðstrengur verði lagður í byggð í Skagafirði og að landeigendur á Efribýggð hafna alfarið lagningu háspennulínu í lofti um lönd sín.

Slóðar

Blöndulína 3 fylgir 105 km nýlagning slóða og 50 km af endurgerðum slóðum vegna nýlagnar á 107 km langri línu. Gerð er athugasemd við að í frummatsskýrslu er mjög takmörkuð umfjöllun um slóðagerðina en henni er gerð skil á sem nemur einu A4 blaði (sjá bls. 30). Engin umfjöllun er um áformaðar skeringar, fyllingar, ræsagerð, þversnið slóða, hæð þeirra og uppbyggingarefni. Þetta er ósættanleg óvissa um 105 km nýframkvæmd.

Erfitt er að sjá hvar áformað er að gera slóða þar sem það er sýnt á myndum 2-6 í myndahefti. Þessi myndkort eru sett fram í mælikvarða þar sem nær ómögulegt er að sjá hvar leggja á slóða og hvar ekki. Til að mynda mætti lesa út úr þessum myndum að engar slóðir eigi að leggja þar sem línan fer um land Mælifellsár á Efribýggð en þeirri spurningu er þá um leið ósvarað hvernig komast eigi að línunni! Eins er oft erfitt að sjá hvar slóðir eigi að vera og hvar ekki með fram allri línuleiðinni.

Þá er sagt í frummatsskýrslunni að tillaga að línuslóðum séu „einungi sett fram sem viðmið þar sem endanleg lega slóða ræðst ekki fyrr en á framkvæmdatíma“. Vel má vera að mönnum hafþótt slík óvissa um legu slóða ásættanleg þegar leggja á slóða um fjallendi og óbyggðir en slíkt að sjálfsögd ekki við þegar leggja yfir 100 km af nýjum slóðum um jarðir í landbúnaðarnotum, í byggð og þar sem farið er um votlendi, viðkvæm lönd vegna rofs eða þar sem komast þarf yfir áki/ár.

Loks er bent á að mikið starf hefur verið unnið á undanförunum árum til sporna gegn utanvegaakstri og lögð áhersla á að skilgreina það veganet sem keyra má eftir. Slóða skal hækka í F1 – F3 samkvæmt kerfi Vegagerðarinnar en hvergi kemur fram í gögnum Landsnets í hvaða flokki slóðar v. Blöndulínu 3 verða. Þá er hér bent á að slóðagerð þarf að vera skv.

aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga en ekkert af þeim 105 km af nýjum slóðum sem leggja á eru samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Slóðagerð er skipulagsskyld.

Dúkar

Í frummatsskýrslu segir “Breidd fyrirhugaðra slóða verður að jafnaði um 4,5 m. Lagning þeirra fer fram þannig að flutt verður fyllingarefni í slóðirnar og verður dúkur lagður undir á blautum svæðum.”

Hvaða umhverfisáhrif eru af þessari framkvæmd? Blotnar ekki landið upp ofan við, þar sem dúkur er lagður yfir votlendi og mól keyrt þar yfir? Þekkt er að rof hefur víða orðið á slóðum sem Landsnet hefur lagt vegna línulagna. Hér er spurt hvernig brugðist verður við slíku rofi?

Plön og útskot

Ekki er gerð grein fyrir tilvist eða staðsetningu plana sem þurfa að vera á slóðum með 1 km millibili til að stilla upp ~~kan~~ og draga strengi út (Sjá matsskýrsla SV línur).

Í umfjöllun í frummatsskýrslu er sagt að slóðir verði 4,5m breiðar. Í umhverfisúttekt Sultartangalínu 3 er minnst á að

útskot séu á slóðum þar. Ekkert er minnst á að slík útskot verði á slóðum við BL3. Hér er því spurt hvort að þörf sé á slíkum útskotum við slóða við BL3 og þá óskað eftir því að fjallað verði um þau í frummatsskýrslu og gerð grein fyrir hvar þau verða.

Lýsing valkosta

Á bls. 39 er Héraðsvatnaleið og Efrirbyggðarleið lýst og talað um að þær greinist frá Kolgröf en annars staðar er miðað við Kirkjuhól og er talað um að þær muni mögulegt tengivirki rísa. Hver er skýringin á þessu ósamræmi.

Myndasería bls. 32 – 35

Gerð er athugasemd við tilgang þess að sýna myndir af dæmum um „almennar aðstæður þar sem fyrirhugað er að leggja slóðir á línuleiðinni“. Verulega óljóst er hvaða tilgangi þessi myndasería þjónar enda er ekki sýnt á myndunum hvar slóðir eigi að liggja þar sem myndirnar eru teknar, tilhögun þeirra eða annað sem skiptir í raun máli.

Slóðar með línu

Ekki er gerð grein fyrir því að hve miklu leyti slóðar munu liggja meðfram BL3 og hvar aðstæður verða þannig að hægt verður að sleppa slóðagerð. Hins vegar er mikið gert úr því að það sé ókostur við jarðstrengjalögn að þá þurfið gera slóða með fram allri strenglögnum. Ekki er hægt að sjá í frummatsskýrslunni í hverju þessi munur liggur.

Námur

Gerð er athugasemd við að ekki liggja fyrir hvað námur eigi að nýta við slóðagerð, efnismagn og efnistökuáætlun liggja ekki fyrir. Ekki liggja fyrir leyfi landeigenda til að opna nýjar námur og áhrif vegna efnistöku séu „óljós“ eins og segir á bls. 61 í frummatsskýrslu.

Slóðar og umhverfi

Stofnun Sæmunda fróða um sjálfbæra þróun vann fyrir Landsnet rannsókn þar sem sannprófað var mat á umhverfisáhrifum fyrir Sultartangalínu 3. Í kynningarglærum á vef Skipulagsstofnunar úr erindi sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson hélt má sjá myndir af Sultartangalínu og slóðum sem henni fylgja og á vef Landsnets má sjá ýmsar myndir af slóðgerð tengdri línulögnum. Af myndunum af dæma er umfang slóðagerðar oft talsvert en í frummatsskýrslu um Blöndulínu 3 er ekki hægt að sjá umfang þeirra slóða sem áætlað er að leggja þar, vegsnið, skeringar og fyllingar og er gerð athugasemd við það. Við það er gerð athugasemd enda virðast slóðar stundum vera nálægt því að vera uppbyggðar vegur.

Girðingar

Slóðar fara á fjölmörgum stöðum í gegn um eignarlönd bænda. Ekki er gerð grein fyrir því hvernig frágangi verður háttáð t.d. á girðingum.

Núllkostur

Í umfjöllun um núllkost er sagt að ef fallið sé frá lagningu Blöndulínu 3 verði erfið að þjóna aukinni orkuþörf byggðar og atvinnulífs... í nánustu framtíð í þessum landshluta þar sem núverandi flutningskerfi er fulllestað. Gerð er athugasemd við að Blöndulína 3 sem eini möguleikinn til að auka flutningsgetu um héraðið. Þá er gerð athugasemd við að gerð Blöndulínu 3 sé sögð brýn fyrir þennan landshluta enda engin áform uppi þar sem knýja á um gerð Blöndulínu 3.

Skipulag

Í kafla um skipulag er sagt að Blöndulína 3 sé í samræmi við stefnumörkun sveitarfélaganna á svæðinu sem mörkuð sé í gildandi aðalskipulagi eða skipulagstillögum. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur ekki verið staðfest og í þeirri tillögu sem til umfjöllunar er hefur skipulagi verið frestað á þeirri leið sem tveir valkostir eru settir fram. Þar er því engin háspennulína inni á skipulagi og þarf að auglýsa breytingu á skipulagi til að setja hana inn. Æskilegt er að þetta komi fram. Fyrirliggjandi tillaga að Aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð hefur ekki verið staðfest af ráðherra.

Hér er tekið undir þá athugasemd Skipulagsstofnunar í álit hennar á matsáætlun að æskilegt hefði verið að frummatsskýrsla hefði verið auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu. Það hefði eytt óvissu íbúa og hagsmunaaðila í Skagafirði ef þeir hefðu meðfram frummatsskýrslu séð í tillögu að aðalskipulagi stefnu sveitarfélagsins um hvort leggja ætti línuna sem jarðstreng/loftlínu og hvaða línuleið sveitarfélagið féllist á, auk umræðu um þá valkosti sem sveitarfélagið hefði skoðað. Um leið væri auglýst umhverfismat áætlana fyrir viðkomandi skipulagstillögu.

Gerð er athugasemd við umfjöllun um atvinnulíf í frummatsskýrslu. Þar segir „Öll sveitarfélögin á línuleið Blöndulínu 3 hafa það sem markmið í viðkomandi aðalskipulagi að efla ýmiskonar iðnað“. Engin slík áform eru t.d. í aðalskipulagi Akrahrepps. Fram sett stefna í óstaðfestu aðalskipulagi Skagafjarðar byggir á því að stóriðja geti komið í Skagafirði sem nýti orku frá virkjunum í héraði. Engar slíkar virkjanir eru komnar nálægt framkvæmdum og eru ekki einu sinni sýndar á sveitarfélagaupprætti. Slík áform eru því eingöngu sett fram fyrir fjarræna framtíð og engin ástæða til að byggja Blöndulínu 3 eða undirbúna hana um þessar mundir vegna þeirra.

Samanburður og jarðstreng og loftlínu.

Minnt er á að í matsáætlun stendur „Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir jarðstrengjalögnum (á allri línuleiðinni eða að hluta til), kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínur.“ Er hér óskað eftir því að þessi samanburður verði gerður fyrir alla línuna eða hluta hennar, í stað þess að einungis sé fjallað almennt um jarðstrengi og loftlínur eins og gert er í kafla 3.3 í frummatsskýrslu.

Stefnumótun stjórnvalda

Iðnaðarráðherra hefur í samráði við umhverfisráðherra skipað nefnd til að móta stefnu um lagningu rafna í jörð og þau sjónarmið sem taka ber mið af hverju sinni við ákvarðanir þar um. Nefndinni er gert að skila tillögum til iðnaðarráðherra fyrir 20. september 2012 og skal ráðherra flytja á Alþingi skýrslu um starf nefndarinnar fyrir 1. Október 2012. Hér er bent á að niðurstaða þessarar nefndar og sú stefnumörkun sem hún vinnur að, getur haft áhrif á ákvarðanir um tilhögun Blöndulínu 3. Farið er fram á að vinna við umhverfismat BL3 ljúki ekki fyrr en /verði frestað þar til stefnumótun nefndarinnar liggur fyrir og frummatsskýrsla sem byggir á niðurstöðu nefndarinnar verði auglýst á ný.

Athugasemd um heimildir

Í kafla 3.3.2, mynd 3.4 í frummatsskýrslu er sýnd almenn skýringarmynd um framkvæmdakostnað vegna lagningu jarðstrengja og loftlína miðað við flutningsgetu og spennu. Bent er á að ekki er vísað til heimildar um hvaðan þessar tölur koma. Lesanda er því ekki gert ljóst við reynslu hvaða landa er miðað í þessum samanburði. Ekki er vísað til heimilda fyrir mynd 3.4 og þá mynd er ekki að finna í þeim heimildum sem getið er í heimildaskrá frummatsskýrslunnar. Er þetta byggt á innlendri reynslu eða reynslu erlendis frá og að hve miklu leyti er hægt að yffæra þá reynslu yfir lagningu Blöndulínu 3?

Áróðurskennd umfjöllun

Umfjöllun um jarðstreng líkist fremur áróðri, en samanburði á möguleikum. Svo virðist sem niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og allar röksemdir, í umfjölluninni, taki mið af því. Myndbirting er t.d. þannig að sýndir eru opnir skurðir þar sem jarðlína er lögð, en mastralína er sýnd í grónu landi. Þá er mikið gert úr því raski sem fylgir slóðagerð vegna jarðstrengja en lítið gert úr því raski sem fylgir því að það þurfi 55 km af slóðum fyrir loftlínu. Hvað þarf þá marga kílómetra af vegum fyrir jarðstreng, yfir 200? Er von þó spurt sé.

Jarðrask vegna jarðstrengja

Í frummatsskýrslu stendur: “Þyngd strengjakefla getur verið frá 5-8 tonnum upp í allt að 20-25 tonn eftir gerð og gildleika leiðarans og stærð strengjakefla. Því er nauðsynlegt að leggja burðarmikla vegi og því burðarmeiri eftir því sem spennustig er hærra. Auk skurðar fyrir strenginn og línuvega þarf aðkomuveg og vinnusvæði fyrir uppgröft o.þ.h. Það er því ljóst að töluvert jarðrask fylgir lagningu 132-400 kV jarðstrengja.” Í þessari umfjöllun er ekki tekið tillit til þess að hægt er að draga úr jarðraski með því að leggja jarðstrengi meðfram vegum sem fyrir eru og innan veghelgunarsvæða þeirra. Sem dæmi mætti fylgja vegum. Þá kemur ekki skýrt fram hvort átt er við fyrstu mánuðina eftir lagningu línunnar eða hvort raunverulegur munur er á raski á gróðri eftir lengri tíma, t.d. 10 ár.

Óljós tilgangur umfjöllunar um 400 kV strengi

Í kaflanum um jarðstrengi er fjallað um 400 kV strengi en ekki er hægt að átta sig á hvers vegna það er gert í tengslum við framkvæmd þar sem nota á 220 kV strengi. Óljóst er hvers vegna valið er að fjalla um jarðstrengi eins og um sé að ræða fræðslufyrirlestur án tenginga við framkvæmdina sem um ræðir.

Viðgerðartími jarðstrengja

Mikið er gert úr því í umfjöllun um jarðstrengi að viðgerðartími jarðstrengja sé langur og vísað í erlenda reynslu frá Nýja Sjálandi þessu til stuðnings. Áhugavert væri að vita hver viðgerðartíminn á loftlínunum er á Nýja Sjálandi því vera kann að viðgerðartími á loftlínunum sé yfihöfuð lengri á Nýja Sjálandi en á Íslandi af einhverjum ástæðum. Þá væri einnig áhugavert ef vísað væri í tölur um innlenda reynslu af jarðstrengjum. Engin önnur dæmi eru tekin um viðgerðartíma jarðstrengja en frá Nýja Sjálandi.

Sjónræn áhrif

Einn stærsti galli lagningar loftlínu eru sjónræn áhrif hennar en lítið er gert úr þeim galla í heildarmati á loftlínu miðað við jarðstreng.

Helgunarsvæði

Bent er á að helgunarsvæði háspennulínu sem loftlínu er 40-75 m á meðan helgunarsvæði jarðstrengs yrði 10-12 m skv. uppl. úr frummatsskýrslu.

Mat á umhverfisáhrifum

Landslag

Á bls. 60 segir: „Landslag þess svæðis sem háspennulína frá Blöndustöð að Kífsá við Akureyri liggur um einkennist fyrst og fremst af rofi útrænna afla.“ Hvað merkir þetta?

Ásýnd

Mat á áhrifum

Í frummatsskýrslu er sagt um Efribygðarleið: „Hins vegar má gera ráð fyrir staðbundnum talsvert **neikvæðum** áhrifum einstaka bæi á Efribygðarleið“. Orðin „einstaka bæi“ eru þarna notuð til að draga úr áhrifum því út úr kortum má lesa að efiðaldir bæir eru innan við 1 km fjarlægð frá línunni: Kolgröf, Ytra-Vatn, Syðra-Vatn, Háabrekka, Mælifell.

Starrastaðir, Hafgrímsstaðir, Hvammkot, Brúnastaðir og Hamrahlíð.

Allir bæirnir á Efri byggð eru í innan við 1,2 km fjarlægð línunni, Álfgirsvellir, Ytri-Mælifellsá og Mælifellsá í um 1-1,2 km fjarlægð frá línunni.

Bent er á að merkja þarf inn íbúðarhús/sumarhús á Háubrekku og Starrastöðum inn á kort.

Sýnileikakort

Gerð er athugasemd við að á myndum sem eiga að sýna sýnileika línunnar vantar að setja inn slóða, plön við möstur og plön vegna strekkingar strengja sem þurfa að vera á 1 km fresti inn á loftljósmyndirnar. Þetta á t.a.m. við myndir 13-24 í kortahefti. Slóðagerð mun hafa töluvert áhrif á sýnileika framkvæmdarinnar sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þá er gerð athugasemd við hversu mikill munur er á þeim landssvæðum og þeim skala sem þau eru sýnd á framangreindum myndkortum. Til að mynda má glögg sjá á mynd 21 úr Öxnadal hversu áberandi línun mun verða í nærumhverfinu á meðan stærð landsvæðis og áhrif frá þeirri lofthæð sem ljósmyndin er tekin fyrir myndir 15 og 16 gerir það að verkum að línun sýnist lítilfjörleg.

Sýnileiki og Mælifellshnjúkur

Gerð er athugasemd við að áformað sé að byggja háspennulínu sem loftlínu þar sem hún ber við hlíðar Mælifellshnjúks í Skagafríði sem er eitt af helstu kennileitum svæðisins og vinsæll staður til fjallgöngu.

Efribygðdaleið

Í umsögn um Efribygðdaleið á bls. 67 er sagt að frá sumum bæjum á Efribygðdaleið muni línun ekki sjást vegna landslags. Hér er spurt hvaða bæir þetta séu því að samkvæmt sýnileikakortum sést línun frá **öllum** bæjum á þessari leið sem eru í innan við 2 km fjarlægð frá henni.

Áhrif mastra á sýnileika

Pann 29. mars 2012 hélt Landsnet opinn kynningarfund um rekstrarumhverfi fyrirtækisins og framtíðarþróun raforkuflutningskerfisins. Þar hélt Íris Baldursdóttir deildarstjóri kerfisstjórnar Landsnets erindi þar sem fjallað er um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd. Á einni kynningarglærunni er fjallað um áherslur Landsnets um umhverfi og ásýnd:

Í frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3 eru víða greind neikvæð áhrif á sýnileika og landslag. T.d. er tekið fram að línun muni hafa talsvert neikvæð áhrif á bæi á Efrabyggð í Skagafirði frá Kolgröf til Brúnastaða. Þrátt fyrir það eru ekki lagðar fram neinar mótvægisáðgerðir sem til dæmis gætu falið í sér að leggja jarðstreng eða draga úr sýnileika mastranna. Fyrirhugað er að nota masturgerð sem eru að meðaltali 23m há stálgrindarmöstur með mun meiri sýnileika heldur en t.d. möstur sem eru sýnd á myndinni hér fyrir ofan sem Íris sýnir í kynningu sinni, og einnig með mun meiri sýnileika en t.d. möstur sem fyrirhugað er að nota fyrir Sv-línur eins og sagt er frá í matsskýrslu fyrir þá framkvæmd. Hér að neðan má sjá mynd 2.32 úr umhverfismati fyrir SV línur. Þar er sett inn möguleg hæð mastra. Þar fyrir neðan er mynd úr frummatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3,

Hæð mastra

Í frummatsskýrslu er talað um að meðalhæð mastra verði 23 m. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir á hvaða hæðarbili möstur verða. Þá er óskað eftir upplýsingum um við hvaða hæð á möstrum er miðað í myndahefti sem sýna sýnileika línanna og óskað eftir nánari umfjöllun um hvað ræður hæð mastra.

Þá er hér spurt hvaða áhrif hæð mastra hefur á sýnileika þeirra og hvort áhrif af þeim séu ekki meiri þar sem möstrin eru 32 m há og hvar þau verði svo há?

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við að ekki séu fyrirhugaðar neinar mótvægisáðgerðir á línuleið Blöndulínu 3 vegna sýnileika sem þó hefur verið metinn talsvert neikvæður. Ein af megintilgangi umhverfismats er að greina neikvæð áhrif og hafa þannig tækifæri til að draga úr þeim.

Nýverið var haldin hugmyndasamkeppni á vegum Landsnets í samstarfið Statnet í Noregi. Hér er lögð fram sú spurning hvort að þær útfærslur sem þar komu fram geti hentað til að draga úr sýnileiki háspennulínunnar á þeim stöðum sem ekki er hægt að leggja hana sem jarðstreng.

Vatnafar

Vatnsvernd

Bent er á að áætlað línustæði og slóðar liggja fyrir ofan bæi á Efri byggð en þar eru vatnsból fyrir bæi. Þau vatnsból eru ekki merkt inn á aðalskipulag Skagafjarðar og engar upplýsingar koma fyrir í umhverfismati um hvar þessi vatnsból eru staðsett. Hér er bent á nauðsyn þess að afla þessara upplýsinga. Umrædd vatnsból eru nýtt fyrir íbúa og búpening en línulögnin fer um 62 jarðir á Efrabyggðaleið. Hér er tekið undir umsagnir Heilbrigðisefirlita Norðurlands eystra og Norðurlands

vestra um að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og aðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna

Mótvægisáðgerðir

Gerð er athugasemd við áformaðar mótvægisáðgerðir vegna Vatnafars. Mótvægisáðgerðirnar eru allt of almennt fram settar, erfitt verður að sannreyna að þær hafi verið gerðar: „lágmarka á rask á votlendi eins og kostur er“ og „Halda á öllu jarðraski í lágmarki“. Erfitt er að sjá að hægt sé að sannreyna þessar áðgerðir.

Gróðurfar

Áhrif á gróður

Í niðurstöðu umhverfismats er komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vástategundir, nokkuð neikvæð áhrif vegna skerðingar votlendis og talsvert neikvæð “staðbundin áhrif þar sem jarðrask verður á svæðum vöxnum gróðri”. Hér er bent á að þessi talsvert neikvæðu áhrif eru þó ekki staðbundnari en svo að um er að ræða nýlögna á 105 km löngum slóðum, endurnýjun á 50 km af slóðum auk þess sem leggja þarf plön og reisa möstur sem verða að miklu leyti á grónu landi. Þetta er umfangsmikil framkvæmd sem hefur **talsvert neikvæð áhrif** á gróður.

Bent er á, eins og sagt er í frummatsskýrslu, að línuleiðin um Efrabyggð liggur um vel gróíð land og að hluta um ræktanlegt land og tún. 99% línuleiðarinnar þar er vel gróin.

Votlendi

Í frummatsskýrslu segir: „Samkvæmt náttúruverndarlögum skal forðast röskun votlendis sem er 3 hektarar að stærð eða stærra eins og kostur er... Samkvæmt mati sérfræðinga hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) telst votlendi á heildina lítið nokkuð mikið á leið Blöndulínu 3. Sem dæmi má nefna að á öðrum hluta línuleiðarinnar, Efrabyggðarleið ... þekur votlendi 45% af flatarmálinu sem telst mikið samanborið við að votlendi þekur að meðaltali 16% af láglandi Íslands“. Er hér gerð athugasemd við að Landneti komi til hugar að leggja marga kílómetra af slóðum, gera plön og reisa möstur á votlendi fyrir ofan byggð á Efri byggð, votlendi sem sér íbúum m.a. fyrir fersku vatni úr brunnum á landbúnaðarjörðum.

Mótvægisáðgerðir

Í kafla um gróðurfar segir: „Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða þar sem endurheimt verður jafn stórt votlendi og tapast við fyrirhugaðar framkvæmdir þá eru heildaráhrif á votlendi talin óveruleg.“ Hvergi í skýrslunni er gerð grein fyrir meintum endurheimt votlendis og því alveg óljóst hvort, eða hvar og hvornig, það yrði framkvæmt. Þá má benda á að ~~er~~ er að meta árangur mótvægisáðgerða og hvort af af þeim hefur orðið þegar þær eru settar fram á svo óskýran hátt að óvissa er um umfang þeirra, staðsetningu og tímasetningu er óljós.

Sínk

“Talið er að fyrirhugaðar háspennulínur og jarðstrengur í rekstri muni almennt hafa óveruleg

áhrif á gróður. Möguleiki er þó á því að sínk frá möstrum geti haft skaðleg áhrif á viðkvæman gróður eins og gamburnosa á svæðum þar sem gróðurlendið mosagróður er ríkjandi.“ Taka aðrar gróðurtegundir ekki upp zink og hvaða áhrif hefur það þá á efnainnihald þeirra? Getur neysla þess gróðurs verið skaðleg fyrir dýr og fugla, sem þess kunna að neyta? Hafa einhverjar rannsóknir farið fram á áhrifum aukinnar zinkneyslu á áður nefndar lífverur og mun Landsnet taka einhverja ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum þess að búpeningur neyti zinks, í auknu magni, á línuleiðinni?

Ferðþjónusta og útivist

Ósamræmi milli sérfræðiskýrslu og niðurstöðu umhverfismats

Bent er á ósamræmi milli frummatsskýrslu og niðurstöðu í sérfræðiskýrslu um ferðþjónustu og útivist sem unnin var fyrir Landsnet. Í frummatsskýrslu í samantektarkafa á bls. iv segir: „Talið er að Blöndulína 3 muni ekki hafa neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika þeirrar ferðþjónustu sem stunduð er á áhrifasvæðinu“ sem er öndvert við niðurstöðu úr sérfræðiskýrslunni bls 107 þar sem segir „Má álykta að Blöndulína 3 muni grafa undan ferðþjónustunni og útivistinni sem fer fram á og við legustæðið, og þaðan sem hún sést ... fólk skynjar ekki framkvæmdina sem nauðsynlega endurnýjun á byggðalínunni heldur sem iðnaðarmannvirki“.

Reiðleiðir

Í frummatsskýrslu segir „**Nokkuð jákvæð** áhrif línunnar eru talin verða þar sem reiðleiðir hestamanna opnast og aðgengi batnar vegna tilkomu fyrirhugaðrar línu.“ Hér er gert mikið úr væntingum um jákvæð áhrif línunnar og aðeins ein leið nefnd í þessu sambandi, Moldhaugaháls, enda fullljóst að víðast yrði það núverandi landnotkun til stórrar bólvunar að slíkar reiðleiðir opnuðust, vegna hættu á að hliðum væri ekki nægilega vel lokað og lausir hestar færu saman við hross sem þar væru. Þannig má víða búast við að landeigendur verði fyrir ásókn manna í að nota línuslóðana sem lagðir eru sem engan áhuga hafa á að umferð sé um. Þessi neikvæðu áhrif draga augljóslega úr þessum jákvæðu áhrifum á Moldhaugahálsi. Víða sker línuleiðin fjölda jarða eins og sjá má dæmi um á Efríbyggðarleið. Þá er hér bent á að nýjar reiðleiðir má ekki leggja nema að þær séu í samræmi við gildandi aðalskipulag. **Reiðleiðir eru skipulagsskyldar.** Þó einhverjir hestamenn líti jákvæðum augum á nýjar reiðleiðir þá þurfa þær að ganga í gegn um skipulagsferli með tilheyrandi kynningu og samráði.

Fornleifar

Fornleifarannsóknir

Í frummatsskýrslu stendur: „Við hönnun fyrirhugaðrar Blöndulínu 3, er tekið tillit til staðsetningar allra fornleifa og hættumats. Þannig er við ákvörðun á staðsetningu línумаstra og vegslóða reynt eins og mögulegt er að sneiða fram hjá fornleifum en þessi niðurstæða fæst með því að samkeyra fornleifagögn samhliða hönnunargögnum. Niðurstæðan er sú að miðað við núverandi staurosetningu þá er minnsta fjarlægð masturs að þekktri fornleif um 30 m. Með hnitsettar staðsetningar á hverri þekktri fornleif er síðan hægt að sneiða framhjá skráðum fornleifum við slóðagerð. Áhrif á fornleifar eru því talin óveruleg.“ Eins og fram kemur í skýrslu um fornleifarannsókn, er henni ekki lokið og því ekki hægt að fullyrða um áhrif línulagnarinnar á allar fornleifar á leiðinni. Gera verður þá lágmarkskröfu að tilskyldum rannsóknnum sé lokið áður en matsskýrslur eru samþykktar.

Landnotkun

Áhrif á landnotkun

Í frummatsskýrslu segir: „Talið er að lagning Blöndulínu 3 hafi víðast hvar óveruleg áhrif á landnotkun. Þar sem landnotkun er takmörkunum háð vegna beinnar skerðingar sem verður á ræktuðu landi vegna mastrastæða og vegslóða eru áhrifin talin verða nokkuð neikvæð á landnotkun.“ Bent er á að aðal landnotkunin á svæðinu er til landbúnaðar og engar athuganir hafa farið fram, á áhrifum línulagnarinnar á hann og Landsnet neitar að viðurkenna augljós neikvæð áhrif, sem bæði yrðu á framkvæmda- og rekstrartíma línunnar. Fullyrðing um óveruleg áhrif er líka í mótsögn við niðurstöðu sérfræðiskýrslu um ferðþjónustu og útivist.

Grunnástand

Bent er á að aðalskipulag fyrir Skagafjörð hefur ekki verið staðfest og því er ekki hægt að segja að þetta og hitt sé í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Slóðar

Hér er mótmælt því mati Landsnets sem fram kemur í frummatsskýrslu að ekki séu „forsendur til að gera beinar mælingar á röskun á gróðri á hverri jörð fyrir sig“. Með því að keyra saman gróðurupplýsingar og upplýsingar um jarðir má auðveldlega gera þessar mælingar með landupplýsingakerfi Hins vegar myndi það krefjast þess af Landsneti að skilgreint yrði hvar möstur yrðu, plön og slóðir en þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir í frumhönnun fyrir framkvæmdina.

Byggð

Hér er gerð athugasemd við að ekki eru sýnd öll hús sem eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði línunnar. Upplýsingar um hnitsett hús má auðveldlega finna í gagnagrunni Fasteignamats ríkisins. Þetta veldur því að byggð í dreifbýli er sýnd með einum punkti fyrir hvern bæ, og jafnvel engum punkti þegar raunin er sú að á hverjum bæ eru margar fasteignir með ýmsum notum en dreifing þeirra um línusvæðið sést ekki. Til að mynda geta útihús verið nálægt línusvæðinu án þess að það sjáist á kortum.

Raf- og segulsvið og hávaði

Áhrif á búpening

Í frummatsskýrslu segir: “Fyrirhuguð háspennulína mun standast ströngustu kröfur í reglugerðum um raf- og segulsvið gagnvart fólki. Raf- og segulsvið minnkar hratt út frá línunni og eru gildin áætluð nálægt núlli í um 50 m fjarlægð frá línunni. Sé tekið mið af þessari dreifingu raf og segulsviðs ætti byggingarbann við línuna að vera að lágmarki 50 m út frá miðlínu hennar. Ekki eru þekkt mörk fyrir dýr og aðrar lífverur gagnvart raf- og segulsviði en hér er gert ráð fyrir að yfirfæra megi mörk fyrir fólk á þau.“ Fólk er ekki talið hollt að dvelja til lengdar á því svæði sem byggingabann gildir og hér er því spurt hver áhrifin eru á búpening sem þar heldur sig á beit og er jafnvel laðaður að línunni með uppgræðslu.

Útreikningar, raf og segulsvið

Í frummatsskýrslu eru sýndir „útreikningar á rafsviði og segulsviði umhverfis fyrirhugaða háspennulínu. Útreikningarnir eru miðaðir við eðlilegt rekstrarástand línunnar fyrir 220 MVA útning frá Blöndustöð að Kífsá norðan við Akureyri“. Línan er hins vegar hönnuð fyrir um 560 MVA flutningsgetu þó línan verði rekin á 132 kV spennu til að byrja með. Farið er fram á að útreikningar á rafsviði, segulsviði og hljóðvist miði við 560 MVA.

Heildaráhrif og niðurstaða

Gerð er athugasemd við að í kaflanum um heildaráhrif og niðurstöðu sé sagt í kafa um **samfélag** að „Sé tillit tekið til atvinnuástands og vinnumarkaðar á svæðinu munu áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu verða bein á framkvæmdatíma og talsvert jákvæð en óbein á rekstrartíma og geta orðið frá nokkuð jákvæðum til verulega jákvæðra.“ Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við umfjöllun í kafla 6 um umhverfisáhrif en þar er enga umfjöllun að finna um atvinnuástand og vinnumarkað á svæðinu enda ekki einn af þeim umhverfisþáttum sem teknir voru til skoðunar. Má enda benda á að hugsanleg jákvæð áhrif á vinnumarkað vegna hvers kyns framkvæmda geti ekki talist til umhverfisáhrifa þeirra. Umfjöllun í frummatsskýrslu um samfélag einskorðast við umfjöllun um ferðaþjónustu.

Gerð er athugasemd við að það sé nefnt að áhrif af línunni á upplifun fólks á svæðum þar sem fyrirhuguð lína er lítt eða ekki greinanleg verði óveruleg (sjá bls. 126). Þetta er rökleysa enda mætti með sömu rökum segja að áhrif af línunni séu óveruleg á íbúa í Hrísey eða þá sem keyra Holtavörðuhéiði.

Þá er einnig gerð athugasemd við það hve áhrifum af því að reiðleiðir geti opnast fyrir hestamenn á Moldhaugahálsi er gæfi mikið vægi án þess að tekið sé tillit til þess að áþján getur orðið af þeim slóðum sem verða gerðir á öðrum svæðum. Þá er bent á að reiðleiðir eru skipulagsskyldar.

Gerð er athugasemd við þá niðurstöðu að umhverfisáhrif lagningar háspennulínu frá Blöndustöð frá Blöndustöð að Kífsá ofan Akureyrar séu ásættanleg. Verulega neikvæð áhrif eru greind á ásýnd, ferðaþjónustu og útivist án þess að við því sé brugðist á nokkurn hátt og er það óásættanlegt.

Fjöldmörg dæmi eru um það í frummatsskýrslu að lítið sé gert úr neikvæðum áhrifum línunnar en mikið gert úr þeim jákvæðu. Til að mynda eru línurnar teiknaðar inn á loftmyndir án þess að slóðar séu sýndir með, áhersla er lögð á jákvæð áhrif á atvinnulíf, ljótar myndir eru sýndar frá lagningu jarðstrengja og myndir af svæðum fyrir slóða eru sýndar án þess að merkt sé inn á hver slóðar eigi að liggja.

Virðingarfyllt

Ingimundur Sveinsson frá Kolgröf
150554-4469
Skagafjörður